

**SKOÐUN** Teitur Guðmundsson skrifar um lýðveldið og bresti í gamalmenninu. 17



**MENNING** Óperan Ragnheiður var útnefnd Sýning ársins á Grímunni. 28



**LÍFIÐ** Sóley Kristjánsdóttir heldur lífi í starraunga sem heitir Skuggi. 42



**SPORT** Aron Elís Þrándarson hefur tekið stefnuna á atvinnumennsku. 36





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
**17. júní 2014**
140. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Vinir til leitar

Ættingjar og vinir Ástu Stefánsdóttur ætla austur í Fljótshlíð að taka þátt í leit að henni. 10

**Ósamið hjá flugvirkjum** Samningar náðust ekki í deilu flugvirkja og Icelandair í gær. Sólarhring tekur að kalla Alþingi saman ef setja á lög á yfirvofandi verkfall. 6

**Ganga um myrðandi** Sómalskir íslamistar gengu húsi úr húsi í litlu þorpi í Kenía og myrtu íbúana. 8

**Ná varla Bagdad á sitt vald** Ólíklegt er talið að herskáum vígamönnum takist að ná höfuðborg Íraks á sitt vald en hart er barist um borgir og bæi norður af Bagdad. Margir stjórnarhermenn hafa verið líflátnir. 12




16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 12° | SV | 7 |
| Akureyri | 18° | SV | 5 |
| Egilsstaðir | 21° | SV | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 17° | SV | 3 |
| Reykjavík | 14° | SV | 6 |

**BLÍÐA A-LANDS** Í dag verða SV 5-10 m/s. Rigning S- og V-lands en yfirleitt bjartviðri NA- og A-til. Hiti 12-22 stig, mildast A-lands. 4

## 1 SÉRBLÖÐ

Fólk






**TEKUR VIÐ KEFLINU** Jón Gnarr lét í gær af embætti borgarstjóra Reykjavíkur eftir fjögurra ára starf er hann afhenti eftirmanni sínum, Degi B. Eggertssyni, lykilinn að Höfða. Vel fór á með þeim félögum eftir athöfnina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Telur fuglana hafa drepist úr sjúkdómi

Sérfræðingur segir sjúkdóma líklegustu skýringu á fjöldadauða sjófugla á Fróðárrifi. Engin sýnileg merki eru á fuglunum sem eru af þremur tegundum. Dauðum flundrum hefur skolað á land fyrir innan rifið.

**NÁTTÚRA** „Það bendir allt til þess að sótt eða einhverjir sjúkdómar séu á ferðinni þegar fullorðnir fuglar drepast, margir í einu á litlum punkti,“ segir Gunnar Þór Hallgrímsson, fuglafræðingur og forstöðumaður Náttúrustofu Suðvesturlands, spurður um hugsanlegar skýringar á fjöldadauða sjófugla á Snæfellsnesi.

Fjöldi sjófugla af þremur tegundum fannst dauður á Fróðárrifi á Snæfellsnesi í síðustu viku, en alls var safnað saman 70 dauðum ritum, skörfum og æðarfuglum. Frá miðjum maí hafa einnig fundist 50 dauðir æðarfuglar við æðarvarp stutt frá. Auk þess fundust á staðnum dauðar flundrur, sem er smávaxinn flatfiskur, sem skolað hafði á land við Bugsvötn innan rifsins. Engin sýnileg merki eru á fuglunum sem geta skýrt fjöldadauðann.

Mjög mikilvægt er að fugladauðinn sé rannsakaður af nákvæmni, að mati Gunnars Þórs. „Bæði til að fylgjast með hvort fuglaflensa eiga einhvern þátt þarna, en einnig hvort bótúlínumsýkillinn finnst. Við svona tilvik ætti að leita skýringanna, því þetta snýr að heilbrigði fuglastofnanna,“ segir Gunnar. **-shá / sjá síðu 8**

> **Við svona tilvik ætti að leita skýringanna, því þetta snýr að heilbrigði fuglastofnanna.**
> *Gunnar Þór Hallgrímsson, forstöðumaður Náttúrustofu Suðvesturlands.*

Kári Kristján ekki sáttur við uppeldisfélag sitt:

# Stunginn í bakið

**HANDBOLTI** „Þetta er súrsæt stund í lífinu hjá mér. Að fá þessi góðu tíðindi með heilsuna og vera svo stunginn í bakið af uppeldisfélaginu. Það er grátlegt,“ segir Kári Kristján Kristjánsson handboltamaður en hann veit ekki hvað framtíðin ber í skauti sér.

Landsliðsmaðurinn greindist með æxli í bakinu á dögunum og ákvað í kjölfarið að flytja heim.

Sem betur fer var æxlið ekki illkynja og þarf Kári ekki að fara í aðgerð. Hann hefur verið í samningaviðræðum við uppeldisfélag sitt, ÍBV, síðustu vikur og taldi samning í höfn er félagið ákvað óvænt að bakka út úr samningnum. **- hbg/ sjá síðu 38**



**KÁRI KRISTJÁN KRISTJÁNSSON**




Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir Framsóknarflokkinn óstjórntækan:

# Vilja ekki starfa með Framsókn

**STJÓRNMÁL** Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og oddviti Samfylkingarinnar, segir Framsóknarflokkinn þurfa að gera hreint fyrir sínum dyrum eftir umræðu um mosku og innflytjendur í kosningabaráttunni. „Flokkurinn er óstjórntækur,“ segir Dagur.

„Framsókn fór yfir ákveðna línu í kosningabaráttunni og hefur ekki komið til baka, boltinn er hjá þeim,“ segir S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs og oddviti Bjartrar framtíðar.

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, oddviti Framsóknarflokksins, segist nú þegar hafa útskýrt hvernig á þessu stóð, hún muni ekkert draga til baka.



„Þeir sem fylgdust með borgarstjórnarfundinum í dag sáu að þarna fara sterkir borgarfulltrúar Framsóknar sem átta sig á hlutverki sínu sem eftirlitsaðila,“ segir Sveinbjörg Birna. **- fbj / sjá síðu 4**






## SPURNING DAGSINS



Illugi, hvort er betra, góðir dómar eða góðir dómarar?

**„Ja, það er erfitt að dæma um það, en enginn hefur þó enn verið dæmdur rangstæður í bókardómi.“**

Illugi Jökulsson og Björn Þór Sigbjörnsson hafa fengið góða dóma erlendis fyrir bók um stjórnurnar á HM í fótbolta.

Leikskólakennarar skrifuðu undir nýjan kjarasamning í gær sem gildir í ár:

# Komu í veg fyrir vinnustöðvun

**KJARAMÁL** Leikskólakennarar og Samband íslenskra sveitarfélaga náðu saman í kjaradeilu aðilanna á áttunda tímanum í gærkvöld.

Boðað hafði verið til vinnustöðvunar þann 19. júní næstkomandi en þá hefði þeim deildum sem voru með leikskólakennara sem deildarstjóra verið lokað. Vinnustöðvun hefði raskað mjög starfi leikskólanna en þó ekki leitt til þess að þeim hefði öllum verið lokað að fullu.

Hinn nýi kjarasamningur gildir í eitt ár. „Við erum sátt, við hefðum að sjálfsögðu ekki skrifað undir kjarasamning nema við værum sátt við niðurstöðuna. Það virkar nú bara þannig,“ segir Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara.

„Það var í raun opið í alla enda hvernig við myndum nálgast þessi markmið sem við þurftum að ná og við náðum því á þessu ári. Svo tekur bara við nýr samningur og það hefst vinna við hann strax. Í haust munu aðilar gera með sér viðræðuáætlun og byrja að vinna að nýjum kjarasamningi.“ -ssb



**ÁÐUR EN HRÆRT VAR Í VÖFFLUR** Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara, og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga skrifa undir hinn nýja kjarasamning. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

Nýr starfshópur skipaður:

# Virkara eftirlit með lögreglu

**INNANRÍKISMÁL** Ragnheiður Harðardóttir, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, hefur verið skipuð formaður starfshóps sem skoða á hvernig komið verði á virkara eftirliti með starfsháttum lögreglunnar.

Markmið hópsins er að tryggja betur vandaða og réttláta málsmeðferð við rannsókn mála. Hópurinn er skipaður svo óháður aðili fjalli um meðferð mála er varða rannsókn á störfum lögreglunnar. -ssb



**HEIÐRUÐ LEIKKONA** Kristbjörg Kjeld ásamt Illuga Gunnarssyni við afhendinguna.

Kristbjörg Kjeld leikkona hlaut lófatak á Grímunni í gærkvöld:

# Heiðursverðlaun eftir langan feril

**MENNING Kristbjörg Kjeld leikkona tók á móti heiðursverðlaunum Leiklistarsambands Íslands fyrir störf sín á Grímunni í gærkvöldi. Það var Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, sem afhenti Kristbjörgu verðlaunin.**

**Kristbjörg útskrifaðist frá Leiklistarskóla Þjóðleikhússins árið 1958 og ferill hennar spannar því 56 ár. Hún hefur margoft hlotið Grímuna, meðal annars fyrir leik sinn í Jónsmessunótt árið 2012.**

- ssb / sjá síðu 34

# Ekki sætt í embætti ef lög voru brotin

Brynjar Níelsson þingmaður vill að lögum verði breytt svo mál gegn rannsóknaraðilum fyrnist ekki áður en upp um þau kemst. Hann segir sérstökum saksóknara ekki sætt í embætti hafi hann gerst sekur um lögbrot við rannsóknir mála.

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er ótæk staða. Annaðhvort verður að lengja þennan fyrningarfrest eða breyta lögunum þannig að hann byrjar ekki að líða fyrr en grunur vaknar um brot,“ segir Brynjar Níelsson, þingmaður og hæstaréttarlögmaður, um fyrningu á brotum sérstaks saksóknara sem upp hefur komist um í tengslum við hleranir á sakborningum og verjendum þeirra.

Héraðsdómur Reykjavíkur sagði sérstakan saksóknara hafa brotið gegn lögum með því að hafa hlerað samtöl verjanda og sakborninga í Imon-málinu svokallaða gegn stjórnendum Landsbankans. Þá kærði Hörður Felix Harðarson, verjandi Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, hleranir sérstaks saksóknara á símtölum hans og Hreiðars.

Brynjar segir óeðlilegt að brot rannsóknaraðila séu fyrnd þegar upp um þau kemst. Hann segir að ef rétt sé að sérstakur saksóknari hafi brotið gegn lögum sé honum ekki sætt í embætti. „Endanlegur dómur er ekki fallinn en auðvitað er það þannig að ef menn brjóta lög í embætti þá er þeim ekki sætt þar,“ segir Brynjar og vill að stjórnvöld og ráðherra bregðist við.



**BRYNJAR NÍELSSON**

Þá segir Brynjar að sér sýnist sem framkvæmd á þvingunarráðstöfunum sé í miklum lamasessi. og þeim beitt í óhófi. „Þetta er til þess fallið að rýra traust almennings á þessu öllu, þess vegna eru þær svo mikilvægar þessar formreglur, sem mönnum finnst oft þvælast fyrir.“

Sérstakur saksóknari þingfesti á dögunum ákæru á hendur Hreiðari og tveimur öðrum fyrrverandi starfsmönnum Kaupþings en áður hafa þeir hlotið þunga refsidóma í Al-Thani-málinu svokallaða. Fréttablaðið sagði frá því í gær að Hreiðar hefði kært sérstakan saksóknara og fyrrverandi héraðsdómara fyrir brot í opinberu starfi með því að hafa staðið óeðlilega að hlerunarúrskurði gegn Hreiðari.

„Þetta er mjög alvarlegur hlutur sem hefur átt sér stað og vegna þess að um gríðarlegt inngrip í rétt manna til friðhelgi einkalífs er að ræða þá eru lögfestar reglur um meðferð slíkra mála,“ segir Hreiðar sem gagnrýnir að Ríkissaksóknari hafi vísað máli sínu frá á grundvelli fyrningar. „Er staðan þá raunverulega sú að sérstakur saksóknari og embættisdómari geta brotið með jafn alvarlegum hætti gegn lögum og komist upp með það sökum þess hversu lengi málin eru til rannsóknar,“ spyr Hreiðar. fanney@frettabladid.is



**GAGNRÝNINN** Hreiðar segir það gríðarlega alvarlegt að réttrar málsmeðferðar sé ekki gætt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Árásarmennirnir fjórir:

# Úrskurðaðir í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir karlmenn, sá yngsti um tvítugt en sá elsti á sextugsaldri, hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til sunnudags.

Mennirnir eru í haldi lögreglunnar á Akureyri. Þeir eru grunaðir um aðild að stórfelldri líkamsárás á Hvammstanga um síðustu helgi.

Í tilkynningu frá lögreglu kemur fram að rannsóknin sé á frumstigi. Maðurinn sem ráðist var á er í lífshættu með alvarlega áverka á höfði, en honum er enn haldið sofandi í öndunarvél.

Árásin var gerð í íbúð eins hinna handteknu á Hvammstanga á laugardagskvöld, þar sem mennirnir voru í gleðskap. -gb

Ísland hápunktur Reagans:

# Forseti toppaði á fundi í Höfða

**STJÓRNMÁL** Leiðtogafundurinn í Reykjavík árið 1986 var hápunkturinn á ferli Ronalds Reagans Bandaríkjaforseta og þar lauk kalda stríðinu. Þetta segir einn helsti samstarfsmaður Reagans í nýútkominni bók sem byggð er á trúnaðarskjölum sem nýbúið er að létta leynd af.

„Reagan í Reykjavík“ heitir bókin sem kom út í maí. Höfundurinn er Ken Adelman, sem var yfirmaður vopnabúrs Bandaríkjanna og einn af ráðgjöfum Reagans á fundinum í Höfða. Er sagt að þegar menn skoði þau trúnaðarskjöl sem nýlega sé búið að létta leynd af sjáist að söguleg tímamót urðu í Reykjavík. -kmu




Stjórn Heyrnarhjálpar skorar á íslensk stjórnvöld að bregðast við vandanum:

# Heyrnarlausir mótmæla kostnaði

**FÉLAGSMÁL** Stjórn Heyrnarhjálpar – félags heyrnarskertra á Íslandi hefur sent frá sér ályktun vegna hækkandi kostnaðar við kaup á heyrnartækjum.

Segir í ályktuninni að stjórnin hafi af því verulegar áhyggjur að kostnaðurinn standi þeim sem þurfa á heyrnartækjum að halda fyrir þrifum og komi í veg fyrir að þeir endurnýi tæki sín eða fái sér heyrnartæki. Það takmarki verulega þátttöku heyrnarskertra í samfélaginu.

Niðurgreiðslan er núna 30.800 krónur á tæki. Að sögn Kolbrúnar Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra Heyrnarhjálpar, geta heyrnartæki kostað á bilinu 150 til 500 þúsund krónur. „Það er mjög algengt að fólk segi að það hafi ekki efni á því að kaupa sér tæki,“ segir Kolbrún.

Samkvæmt ályktuninni hefur niðurgreiðsla vegna kaupa á heyrnartækjum staðið óbreytt síðan árið 2006 í krónum talið. Á sama tíma hafi hækkun á almennu verðlagi orðið um 60 prósent og því sé útlagður kostnaður hvers einstaklings verulega aukinn. Stjórnin segist sérstaklega hafa áhyggjur af tekjulágum hópum samfélagsins.

Vegna þessa skorar stjórn Heyrnarhjálpar á stjórnvöld að bregðast við vandanum og hækka verulega greiðsluþátttöku ríkisins í tækjakaupum heyrnaskertra. -ssb



**KOLBRÚN STEFÁNSDÓTTIR** Kolbrún er framkvæmdastjóri Heyrnarhjálpar.


TAKTU LAGIÐ
MEÐ NOVA!
VIÐ VERÐUM Á LAUGAVEGI Í DAG
Söngbók
NOVA
Náðu í frítt eintak!
Urbanears
11.990 kr. stgr.
Nova regnstakkar
2.990 kr. stgr.
Partítjald Nova
3.990 kr. stgr.
Við verðum í þjóðhátíðarskapi við Laugaveg 24 (Lemon) í dag.
DJ Margeir, nóg af söngbókum í boði og börnin fá blöðrur.
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

## SVONA ERUM VIÐ



**12** **einstaklingar eru skráðir í Félag íslenskra tryggingarstærðfræðinga.**

Eldri félagsmenn eru tíu talsins, en aukafélagar eru tveir.

Meirihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur vill ekki starfa að neinu leyti með Framsóknarflokknum:

# Segja Framsóknarflokkinn óstjórntækan

**STJÓRNMÁL** „Framsóknarflokkurinn þarf að gera hreint fyrir sínum dyrum áður en við getum starfað með honum. Flokkurinn er óstjórntækur,“ segir Dagur B. Eggertsson, nýkjörinn borgarstjóri Reykjavíkur.

Meirihluti Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata bauð Sjálfstæðisflokknum að fá fjórtán aukasæti í ráðum og nefndum en Framsóknarflokkurinn fékk ekki sama boð. Ástæðan er málflutningur borgarfulltrúa Framsóknar um múslima og úthlutun lóðar undir mosku.

„Framsókn fór yfir ákveðna línu í kosningabaráttunni og hefur ekki komið til baka, boltinn er hjá þeim,“ segir S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs og oddviti Bjartrar framtíðar.

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, oddviti Framsóknar, segir í samtali við fréttastofu að þær Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir, borgarfulltrúi flokksins, hafi nú þegar útskýrt hvernig á þessu stóð öllu saman, þær muni ekkert draga til baka. Hún segir ummæli um að þær séu ekki stjórntækar dæma sig sjálf. „Þeir sem fylgdust með borgarstjórnarfundinum í dag sáu að þarna fara sterkir borgarfulltrúar Framsóknar sem átta sig á hlutverki sínu sem eftirlitsaðila,“ segir Sveinbjörg.

Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segir það hafa verið mat flokksins að nýta sér samkomulagið sem bauðst til að fá fleiri fulltrúa og verða þannig öflugri. Hann vill lítið tjá sig um stöðu Framsóknarflokksins. „Vissulega var margt undarlegt sem tengdist þessari moskuumræðu, það skal viðurkennt,“ segir Halldór. -fbj



**STANDA VIÐ ORÐ SÍN** Sveinbjörg Birna segir Framsókn ekki ætla að draga neitt til baka. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**EYGLÓ HARÐARDÓTTIR** Jafnréttisráðherrar Norðurlandanna fengu afhentar 63 kröfur varðandi kynjasjónamið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ráðstefnu lauk á sunnudag:

## Ráðherrar fengu 63 kröfur

**JAFNRÉTTISMÁL** Jafnréttisráðherrum Norðurlandanna, þar á meðal Eygló Harðardóttur, voru formlega afhentar lokaniðurstöður jafnréttisráðstefnunnar Nordiskt Forum á lokahátíð ráðstefnunnar á sunnudag.

Í þessu lokaskjali eru ráðherrarnir hvattir til að virða sáttmálann sem ríkisstjórnir Norðurlandanna skrifuðu undir á Kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking 1995. Þar lofuðu ríkisstjórnir landanna að virða kynjasjónarmið í öllu sínu starfi og ákvörðunum. Norræna kvennahreyfingin setur fram í lokaskjali Nordiskt Forum 63 kröfur sem ríkisstjórnir Norðurlandanna eru hvattar til að bregðast við. -fb

Undirrituðu samning:

## Hítará áfram hjá SVFR

**VEIÐI** Stangaveiðifélag Reykjavíkur og Veiðifélag Hítarár gengu á laugardag frá nýjum samningi um leigu á veiðirétti í Hítará á árbakkanum. Hítará verður því áfram hjá SVFR næstu árin.

Hítará hefur verið vinsæl laxveiðiá á meðal félagsmanna SVFR. Í tilkynningu segir SVFR ánægjulegt að samstarf félaganna haldi áfram og félagsmenn geti veitt í Hítará næstu árin. -fb

# Dagur tók við lyklavöldum

Kosið var í embætti í nýrri borgarstjórn Reykjavíkur sem hélt sinn fyrsta fund í gær. Dagur B. Eggertsson, nýr borgarstjóri, þakkaði Jóni Gnarr, fráfarandi borgarstjóra, fyrir störf hans en Jón afhenti Degi lyklana að Höfða í kjölfar fundarins. Minnihlutinn gagnrýndi hvernig staðið væri að skipan í nýtt stjórnkerfis- og lýðræðisráð.

**SVEITARSTJÓRNIR** Formleg kosning í embætti hjá nýrri borgarstjórn fór fram í ráðhúsinu í gær. Dagur B. Eggertsson tók við embætti borgarstjóra og í ræðu sinni þakkaði hann Jóni Gnarr fráfarandi borgarstjóra fyrir störf hans.

„Ég veit að ég mæli fyrir munn miklu fleiri þegar ég segi að ég hef lært mikið af Jóni,“ sagði Dagur.

Dagur var kjörinn með níu atkvæðum af fimmtán, fjórir seðlar voru auðir en Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, oddviti Framsóknar, hlaut tvö atkvæði.

Sóley Tómasdóttir var kjörin forseti borgarstjórnar með sömu atkvæðum.

Þá var lögð fram tillaga meirihlutans um stofnun stjórnkerfis- og lýðræðisráðs undir forystu Halldórs Auðar Svanssonar, oddvita Pírata.

Sú tillaga var nokkuð gagnrýnd af minnihlutanum, sem gerði athugasemdir við að óskýrt væri hvort verið væri að stofna nýtt ráð eða breyta fyrirliggjandi stjórnkerfisnefnd í hið nýja ráð.

Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, sagði tillöguna þurfa meiri umræðu. „Hér erum við að stækka kerfið hjá okkur frekar en að minnka það,“ sagði Halldór.

Sveinbjörg Birna gerði sömu athugasemdir og sagði dagskrárliðinn ekki tækan til afgreiðslu.

Þrátt fyrir aðfinnslur minnihlutans var tillagan samþykkt en Halldór í Pírötum sagði það liggja í loftinu hvað þyrfti að gera í þessari nefnd, þar á meðal að auka gegnsæi og taka til í stjórnsýslunni.

Þá voru fulltrúar flokkanna kjörnir í nefndir og ráð á vegum borgarinnar. Sjálfstæðisflokkurinn hafði gert samkomulag við meirihlutann sem tryggði þeim fleiri fulltrúa en þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Dagur B. Eggertsson tók síðan í kjölfar borgarstjórnarfundarins við lyklunum að Höfða af Jóni Gnarr en Jón sagði Höfða opinbert húsnæði borgarstjórans í Reykjavík.

Dagur sagði frá því að Jón hefði stungið upp á því að lyklaskiptin færu frekar fram í Höfða en á skrifstofu borgarstjóra í ráðhúsinu, eins og venjan er, þar sem Jóni þætti það hátíðlegra. Við lyklaafhendinguna varð Jóni það að orði að erfitt væri að koma lyklinum að á lyklakippu, en hann er fremur stór. fanney@frettabladid.is



**FJÖGURRA FLOKKA MEIRIHLUTI** Tekist var á um flugvöllinn við lok fyrsta borgarstjórnarfundarins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Samkomulag D-, S-, Þ- og Æ-lista

- Sjálfstæðisflokkurinn gerði samkomulag við meirihlutann í borgarstjórn þannig að flokkurinn fær fjórtán fulltrúum fleiri í nefndir og ráð en hann hefði átt rétt á samkvæmt lögum. Aðeins er um að ræða fimm manna ráð eða nefndir.
- Sjálfstæðisflokkurinn fær aukafulltrúa í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur til tveggja ára en að þeim liðnum flyst fulltrúinn yfir til meirihlutans.
- Þá fær Sjálfstæðisflokkurinn aukafulltrúa í stjórn Faxaflóahafna og heilbrigðisnefnd að tveimur árum liðnum en fulltrúar meirihlutans munu skipa þau sæti fyrstu tvö árin.
- Þá verður barnaverndarnefnd óbreytt frá því sem verið hefur.
- Að auki fær Sjálfstæðisflokkurinn aukafulltrúa í fimm hverfisráðum af tíu.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 26° | Friedrichshafen | 21° | New York | 30° |
| Aþena | 31° | Gautaborg | 20° | Orlando | 30° |
| Basel | 24° | Kaupmannahöfn | 20° | Ósló | 20° |
| Berlín | 21° | Las Palmas | 24° | París | 19° |
| Billund | 22° | London | 20° | San Francisco | 19° |
| Frankfurt | 22° | Mallorca | 26° | Stokkhólmur | 17° |




**GLEÐILEGA HÁTÍÐ!** Nú verða íbúar Suður- og Vesturlands að raula: „Mér finnst rigningin góð, lalalalala“ til að koma sér alvöru þjóðhátíðarskap en það bætir í úrkomuna eftir því sem líður á daginn. Rjómablíða annars staðar fram eftir degi.

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


Gleðilega hátíð
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða sveitarfélag stefnir að því að verða plastpokalaust?
**2.** Hver er höfundur ljóðabókarinnar Velúr?
**3.** Í hvaða landi vilja níu skólastjórar ekki sjálfstæði?

**SVÖR:**
**1.** Stykkishólmur.
**2.** Þórdís Gísladóttir.
**3.** Skotlandi.

Rannsóknarnefnd flugslysa hefur lokið skýrslu vegna nauðlendingar Ómars Ragnarssonar í fyrra:

# Tókst ekki að endurræsa hreyfil vélarinnar

**FLUGSLYS** „Það er ekkert við þessa skýrslu að athuga," segir fréttamaðurinn Ómar Ragnarsson.

Rannsóknarnefnd flugslysa hefur lokið skýrslugerð vegna nauðlendingar Ómars á vélinni TF-TAL fyrir nákvæmlega ári. Óhappið varð á flugi frá Sauðárflugvelli, skammt frá Kárahnjúkastíflu norðan Vatnajökuls, á leið til Hvolsvallar. Ómar hafði nýlokið við að opna flugvöll sinn norðan við Brúarjökul.

Í tæplega 2.500 feta hæð vestan Sultartangalóns missti hreyfill vélarinnar skyndilega afl og nauðlenti Ómar henni við bakka Sultartangalóns. Hann slasaðist ekki við lendinguna. Rannsóknin leiddi í ljós að vinstri eldsneytisgeymir TF-TAL hafði tæmst á flugi með þeim afleiðingum að hreyfillinn missti afl. Í kjölfarið hafði Ómar ekki staðið rétt að endurræsingu hreyfils eftir að hafa skipt yfir á hægri eldsneytisgeymi.

„Þetta kom mér svo sem ekkert á óvart. Þetta eiginlega lá fyrir alveg strax," segir Ómar, spurður út í niðurstöðuna. „Þetta var svo stuttur tími. Ég kláraði bara ekki endurræsinguna sem ég ætlaði mér að gera. Þetta eru tvær pumpur og ég hefði átt að byrja á stóru pumpunni strax. Þetta hefur aldrei komið fyrir mig áður, við það að skipta um tank, að hreyfillinn komi ekki inn aftur," segir Ómar en þetta var fyrsta óhapp hans í 26 ár. -fb



**ÓMAR RAGNARSSON** Ómar stóð ekki rétt að endurræsingu hreyfils TF-TAL. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**AÐ LOKNUM AÐGERÐUM** Pakistanskt herlið á ferð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pakistansher ræðst gegn talibönum í norðvesturhlutanum:

# Hafa gefist upp á viðræðum

**PAKISTAN, AP** Sprengjum var varpað úr pakistönskum herþotum í gær í norðvesturhluta landsins, þar sem talibanahreyfingin hefur hreiðrað um sig. Pakistanska stjórnin segist hafa gefist upp á viðræðum við talibana.

Stjórnin og herinn hafa árum saman setið aðgerðarlítil hjá meðan talibanar, bæði heimamenn og erlendir, hafa þjálfað upp herlið og gert árásir á andstæðinga sína, bæði innan Pakistans og handan landamæranna í Afganistan. Þolinmæði Pakistana virðist hafa þrotið eftir að talibanar gerðu árás á stærsta alþjóðaflugvöll landsins fyrir stuttu.

Íbúar héraðsins hafa margir flúið heimahagana á síðustu dögum og vikum, vegna fyrri átaka og þess að allt virðist stefna í harðari átök. -gb


MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

*

Viltu verða stúdent
á tveimur árum
og útskrifast
17. júní 2016?



MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT | TVEIMUR ÁRUM Á UNDAN

Faxafeni 10 · 108 Reykjavík · Sími 565-9500 · www.hradbraut.is




**VIÐ SAMNINGABORÐIÐ** Samninganefnd flugvirkja, með formanninn Maríus Sigurjónsson hægra megin, við samningaborðið hjá Ríkissáttasemjara í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ráðherra yrði að kalla saman þing í dag

Flugvirkjar og Icelandair funduðu hjá Ríkissáttasemjara í gær án árangurs. Ótímabundið verkfall á að hefjast á fimmtudag. Ferðamálasamtök Íslands vilja inngrip stjórnvalda. Innanríkisáðherra getur kallað saman þing með sólarhringsfyrirvara.

**KJARAMÁL** „Það er að minnsta kosti enginn gangur," sagði Maríus Sigurjónsson, varaformaður Flugvirkjafélags Íslands, á níunda tímanum í gærkvöldi en þá sátu samninganefnd flugvirkja og fulltrúar Icelandair enn á fundi hjá Ríkissáttasemjara.



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**

Bein afskipti stjórnvalda gætu komið í veg fyrir ótímabundið verkfall flugvirkja sem er fyrirhugað á fimmtudaginn. Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra getur kallað saman þing með sólarhringsfyrirvara í því skyni að setja lög á verkfallið. Fari svo að samningar takist ekki hjá Ríkissáttasemjara yrði hún því að kalla þingið saman í dag til að koma í veg fyrir að flugvirkjar geti lagt niður störf á fimmtudag.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, sagði að ekki væri búið að ákveða að fella niður flug fari svo að verkfallið hefjist á fimmtudag. „Við erum í þessum gír að fara bara í gegnum daginn," sagði hann.

Sólarhringsverkfall flugvirkja hófst klukkan sex í gærmorgun. Verkfallið hafði áhrif á um tólf þúsund farþega Icelandair en alls var sextíu og fimm flugferðum aflýst með tilheyrandi óþægindum.

Aðalfundur Ferðamálasamtaka Íslands var haldinn í Reykjavík í gær. Í ályktun samtakanna kom fram að þau harmi þá stöðu sem ferðaþjónustan hafi ítrekað verið sett í vegna verkfallsaðgerða og stöðvunar á flugi hjá stærsta flugfélagi landsins. Áhrif þessara aðgerða komi fram um allt land og hafi skaðað atvinnugreinina. Skoraði fundurinn á viðsemjendur að ná sáttum svo eðlilegt ástand skapist sem fyrst hjá þessari mikilvægustu atvinnugrein landsins.

„Afþreyingaraðilar úti um allt land finna verulega fyrir þessu," segir Ásbjörn Björgvinsson, formaður samtakanna, aðspurður. „Okkur hrýs hugur við því ef það verður ótímabundið verkfall sem gæti tekið einhverja daga eða vikur að leysa. Þá hleypur skaðinn á milljörðum. Þessi atvinnugrein er að velta gríðarlegum upphæðum. Menn verða að taka tillit til þess hver hliðaráhrifin af svona aðgerðum verða um allt land," segir hann og vill aðkomu stjórnvalda að deilunni.



**Það er lágmarkskrafa að stjórnvöld komi að þessu og leysi ef þetta verður komið í hnút.**

*Ásbjörn Björgvinsson, formaður Ferðamálasamtaka Íslands.*

„Það er lágmarkskrafa að stjórnvöld komi að þessu og leysi ef þetta verður komið í hnút. Þetta eru almannahagsmunir og á þeim grundvelli verður að grípa inn í þegar svona er. Auðvitað vonumst við til að menn beri gæfu til að ná lendingu í þessum málum en þessi litli hópur getur sett þetta algerlega á hliðina hjá okkur."

freyr@frettabladid.is

Skoski þjóðarflokkurinn hefur birt drög að stjórnarskrá sjálfstæðs Skotlands:

# Vilja Bretadrottningu áfram

**SKOTLAND** Skoski þjóðarflokkurinn, sem fer með völd í heimastjórn Skotlands, hefur birt fyrstu drög að stjórnarskrá sjálfstæðs skosks ríkis.

Skotar greiða í haust atkvæði um það hvort lýsa eigi yfir sjálfstæði Skotlands. Verði það samþykkt er stefnt að sjálfstæði í mars árið 2016.

Samkvæmt stjórnarskrárdrögunum er gert ráð fyrir því að Bretadrottning verði áfram þjóðhöfðingi Skotlands.

Það var Nicola Sturgeon, aðstoðarforsætisráðherra Skotlands, sem kynnti drögin í gær. Þessi drög eru einungis sögð vera eins konar beinagrind væntanlegrar stjórnarskrár, en hún eigi að fá á sig fyllri mynd í umræðum næstu mánuðina.

Fyrsta grein stjórnarskrárdraganna hljóðar svo: „Í Skotlandi er fólkið fullvalda." Í þeirri næstu segir: „Í Skotlandi hefur fólkið fullveldisrétt til sjálfsákvörðunar og valfrelsi um það með hvaða hætti ríki þess á að vera skipað og hvers konar stjórnarháttum fólk á að lúta." -gb




**NICOLA STURGEON OG ALEX SALMOND** Aðstoðarforsætisráðherra og forsætisráðherra Skotlands á flokksþingi Skoska þjóðarflokksins í apríl síðastliðnum. NORDICPHOTOS/AFP

# GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ

STARFSFÓLK HÓTEL EDDU ÓSKAR ÞÉR GLEÐILEGRAR ÞJÓÐHÁTÍÐAR OG HLAKKAR TIL AÐ TAKA Á MÓTI ÞÉR Í SUMAR.




Við hjá Hótel Eddu fyllumst ætíð miklu stolti og tilhlökkun á 17. júní. Líkt og aðrir landsmenn höldum við upp á þjóðhátíðardaginn. En fyrir okkur markar hann jafnframt sumarkomuna því þá er búið að opna öll hótelin okkar upp á gátt.

## SUMARSÆLA Í 53 ÁR

Fyrsta Edduhótelið var opnað árið 1961 samkvæmt þeirri hugmynd að nýta húsnæði og heimavistir héraðsskólanna til að bjóða ferðalöngum þar upp á gistingu yfir sumartímann. Nú mynda 12 Edduhótel víðs vegar um Ísland eina elstu og virtustu hótelkeðju landsins. Sum þeirra eru sérhönnuð sem hótel, en öll eru þau starfrækt á þeim upprunalega grunni að bjóða hagkvæma og notalega gistingu og góða þjónustu.

## ATVINNUSKAPANDI FERÐAMENNING

Við erum stolt af hlutverki okkar í ferðamenningu Íslendinga og ekki síður af þætti Edduhótelanna í atvinnusköpun á landsbyggðinni. Nú sem fyrr eru hundruð sumarstarfa á Edduhótelum í heimabyggð gríðarlega eftirsótt, jafnt meðal íslenskra ungmenna og þeirra sem eldri eru. Reynsla starfsfólksins og þekking á náttúru og nágrenni hótelanna eru dýrmætur sjóður fyrir okkur og gesti okkar að sækja í.

**12 HÓTEL ALLAN HRINGINN**

**1** ML Laugarvatn • **2** ÍKÍ Laugarvatn • **3** Skógar • **4** Vík í Mýrdal • **5** Höfn • **6** Neskaupstaður • **7** Egilsstaðir
**8** Stórutjarnir • **9** Akureyri • **10** Laugarbakki • **11** Ísafjörður • **12** Laugar í Sælingsdal

BROSANDI ALLAN HRINGINN - Pantaðu á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000






Sómalskir öfgamenn gerðu árás á sjávarþorp í nágrannaríkinu Kenía:

# Gengu hús úr húsi og myrtu

**KENÍA, AP** Hópur öfgamanna frá Sómalíu, vopnaður vélbyssum, gerði árás á sjávarþorpið Mpekatoni í nágrannaríkinu Kenía, kveikti þar í húsum og myrti nærri fimmtíu manns.

Árásarmennirnir gengu hús úr húsi og spurðu hvort fólk væri frá Sómalíu eða múslimar. Ef svörin voru þeim ekki að skapi, þá drápu þeir fólk.

Al Shabab, samtök herskárra íslamista frá Sómalíu, lýstu yfir ábyrgð á árásunum, og sögðu þær gerðar í hefndarskyni vegna árása kenískra hermanna í Sómalíu.

Keníastjórn sendi herlið inn í Sómalíu árið 2011 til þess að aðstoða stjórnina þar við að verjast uppreisnarsveitum íslamistasamtakanna, sem hafa haft tengsl við al-Kaídasamtökin.

Á síðustu mánuðum hafa fjölmargar árásir verið gerðar innan landamæra Kenía, en þessi er sú mannskæðasta.

Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Ástralía og Kanada hafa varað ríkisborgara sína við hættu á hryðjuverkum í landinu. - gb



**EYÐILEGGING Í MPEKATONI** Maður virðir fyrir sér eyðilegginguna sem árásarmennirnir skildu eftir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Sjúkdómur líklegasta skýring fugladauðans

Ekki er hægt að útiloka fuglaflensur og aðra sjúkdóma vegna fugladauða á Snæfellsnesi. 130 fuglar hafa fundist dauðir. Leitað til bandarískra sérfræðinga í fuglasjúkdómum. Engin stofnun fylgist sérstaklega með heilbrigði villtra dýra.

**NÁTTÚRA** „Það bendir allt til þess að sótt eða einhverjir sjúkdómar séu á ferðinni þegar fullorðnir fuglar drepast, margir í einu á litlum punkti,“ segir Gunnar Þór Hallgrímsson, fuglafræðingur og forstöðumaður Náttúrustofu Suðvesturlands, spurður um hugsanlegar skýringar á fjöldadauða sjófugla á Snæfellsnesi. Fjöldadauði fugla er sjaldgæfur en þekktur úr sögunni. Ástæður slíkra tilvika hafa ekki verið kannaðar markvisst hér á landi.

Fjöldi sjófugla af þremur tegundum fannst dauður á Fróðárrifi á Snæfellsnesi í síðustu viku, en alls var safnað saman 70 dauðum ritum, skörfum og æðarfugli. Frá miðjum maí hafa einnig fundist 50 dauðir æðarfuglar við æðarvarp stutt frá. Auk þess fundust á staðnum dauðar flundrur, sem er smávaxinn flatfiskur, sem skolað hafði á land við Bugsvötn innan rifsins. Engin sýnileg merki eru á fuglunum sem geta skýrt fjöldadauðann.

Gunnar segir að erlendis sé fugladauði mun algengari, og þá er oft um bakteríuna clostridium botulinum að ræða, en þá er talað um bótúlisma þegar sýkillinn veldur slíkum skaða. „Það er engin ástæða til að útiloka þessa skýringu þótt hún sé ekki þekkt hér á landi, en það sama má segja um fuglaflensur. En það eru aðrar skýringar sem má ekki útiloka en þetta verður að rannsaka,“ segir Gunnar.

Mikilvægt er að fugladauðinn sé rannsakaður af nákvæmni, að mati Gunnars Þórs. „Bæði til að fylgjast með hvort fuglaflensur eiga einhvern þátt þarna, en einnig hvort bótúlínumsýkillinn finnst. Við svona tilvik ætti að leita skýringanna, því þetta snýr að heilbrigði fuglastofnanna. Okkur vantar reyndar skilvirka leið hér á landi til að fylgjast með heilbrigði villtra dýra, því engin stofnun sinnir því sérstaklega,“ segir Gunnar.

Æðarfuglarnir verða sendir til greiningar til bandarískra sérfræðinga í fuglasjúkdómum. Ástand fuglanna var mismunandi. Tegundirnar tvær, æðarfugl og rita, eiga fátt sameiginlegt. Hins vegar nota þær báðar ferskvatnstjarnir á þessum árstíma, og beinist athygli sérfræðinga því að grunnum tjörnum á svæðinu.

svavar@frettabladid.is



**SORGLEG AÐKOMA** Allar riturnar sem fundust voru í fjörukambi ofan flæðarmáls svo talið er að mun fleiri fuglar hafi drepist en þeir 70 sem fundust. MYND/MENJA



**„Við svona tilvik ætti að leita skýringanna, því þetta snýr að heilbrigði fuglastofnanna.**

*Gunnar Þór Hallgrímsson fuglafræðingur.*

Rússar hafa skrúfað fyrir allt gas til Úkraínu og heimta nú fyrirframgreiðslur:

# Evrópuríki óttast gasskort

**ÚKRAÍNA, AP** Evrópuríki gætu næsta vetur orðið fyrir barðinu á því að Rússar hafa nú skrúfað fyrir gas til Úkraínu. Úkraína á að vísu nægar birgðir af gasi fram í desember, en hafi ekki tekist samningar við Rússa gæti gasstraumur frá Rússlandi til Evrópu í gegnum Úkraínu stöðvast eða minnkað.

Rússar neituðu í gær tilboði Úkraínu um að greiða hluta af gasskuldum sínum, og krefjast þess nú að fá fyrirframgreiðslur fyrir öll gaskaup í framtíðinni.

Ráðamenn beggja ríkja viðhöfðu stór orð, og ráðamenn í Evrópusambandinu segja íbúa aðildarríkjanna geta þurft að búa sig undir kaldan vetur.

Petro Porosjenkó, nýkjörinn forseti Úkraínu, segist síðan ætla að leggja fram ítarlega friðaráætlun, sem felur í sér vopnahlé í átökum við uppreisnarmenn í austurhluta landsins.

Hörð átök urðu um síðustu helgi og skutu uppreisnarmenn niður herflutningavél, og fórust þar 49 manns, bæði áhöfn flugvélarinnar og hermenn. -gb



**RÚSSAR NEITA** Alexei Miller, framkvæmdastjóri Gazprom, og Alexander Novak, orkumálaráðherra Rússlands, voru ófáanlegir til samninga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

www.n1.is facebook.com/enneinn




Vegabréfaleikur N1 er kominn í gang, fullur af spennandi Minute to Win it þrautum sem gaman er að reyna sig við í tilefni dagsins:

- Minute to Win It þrautaskemmtun
- Ingó Veðurguð sýnir hvernig á að leysa þrautir — hann mun kynna þættina á SkjáEinum í haust
- Drykkir og fleira gott í boði Vífilfells og Nathan & Olsen

Allir velkomnir, komdu og gerðu þér glaðan þjóðhátíðardag með okkur á N1 Hringbraut.

Sýningar hefjast á
SkjáEinum næsta haust

Hluti af ferðasumrinu

N1

Breskir neytendur varaðir við:

# Ekki skal þvo hráan kjúkling

**HEILSA** Breska matvælaeftirlitið hvetur fólk til þvo ekki hráan kjúkling. Þannig sé dregið úr líkum á því að smitast af veirunni kamfílóbakter, sem er algengasta tegund matareitrunar í Bretlandi.

Meira en fjórir af tíu segjast þvo kjúklinga fyrir eldun. Eftirlitið segir vatnsdropa geti dreift kamfílóbakter-veirunni yfir húð fólks, vinnusvæði, föt og mataráhöld. Um 280 þúsund manns veikjast árlega af kamfílóbakter í Bretlandi. -fb

Staða 27 stærstu sveitarfélaga landsins batnar áfram samkvæmt greiningu frá Arion banka:

# Tekjurnar jukust meira í fyrra en árið 2012

**EFNAHAGSMÁL** Tekjur 27 stærstu sveitarfélaganna jukust um 2,8 prósent umfram verðbólgu á síðasta ári. Það er um 0,4 prósentustigum meiri vöxtur en árið áður, samkvæmt samantekt greiningardeildar Arion banka á rekstri sveitarfélaganna.

Staða sveitarfélaganna hefur almennt batnað á síðustu árum, og var síðasta ár engin undantekning. Að meðaltali skiluðu sveitarfélögin 27, þar sem um 94 prósent íbúa landsins búa, 576 milljóna króna hagnaði í fyrra. Það er mun betri niðurstaða en árið 2012 þegar þau töpuðu 55 milljónum króna, og árið 2011 þegar tapið nam 274 milljónum króna.

Greiningardeild Arion bendir á að mestu skipti bætt afkoma fjögurra stærstu sveitarfélaga landsins, Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar og Akureyrar. Þessi fjögur sveitarfélög skiluðu 12 milljarða króna hagnaði í fyrra samanborið við 5,5 milljarða tap árið 2012. Samkvæmt lögum sem sett voru árið 2011 mega heildarskuldir sveitarfélaganna ekki vera meiri en 150 prósent af tekjum. Á því eru þó undantekningar, til dæmis tengdar orkufyrirtækjum, auk þess sem sveitarfélögin fengu tíu ár til að ná þessu marki.

Af sveitarfélögunum 27 eru 19 undir þessu viðmiði, en átta skulda meira en 150 prósent af tekjum. Í fjórum er hlutfallið yfir 200 prósent. -bj



**REYKJAVÍK** Miklu munar um bætta stöðu fjögurra stærstu sveitarfélaganna þegar fjárhagur sveitarfélaga landsins er skoðaður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fótspor ekki eftir konuna

Rannsóknarlögreglumenn og fótsporasérfræðingar komust að því að spor eftir beran fót sem fundust í Fljótshlíð hafi ekki verið eftir íslensku konuna sem hvarf.



Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is

**FLJÓTSHLÍÐ** Nærri útilokað er að íslensku konunni, Ástu Stefánsdóttur, sem leitað hefur verið að í Fljótshlíð frá því í síðustu viku, hafi skolað niður með Bleiksárgili og út í Markarfljót. Til þess er áin of grunn.

„Við erum á þeirri skoðun að konunni hafi ekki getað skolað út í Markarfljót með eðlilegu vatnsmagni. Það hafa engar stórleysingar verið síðan svo það er ekkert sem bendir til þess að það hafi getað gerst,“ segir Jón Hermannsson hjá Björgunarsveitinni Dagrenningu á Hvolsvelli. Hann segir að vatnadrög gilsins nái þó upp í fjöll þar sem snjó kynni að hafa leyst. „Ef einhvers staðar hefði myndast krapastífla sem hefði brostið á þessu tímabili þá hefði getað komið í þetta smáskot en það er ekkert sem bendir til þess að vatnið hafi hækkað neitt.“

Kærasta íslensku konunnar, hin spænska Pino Becerra, fannst látin í hyl neðan við foss gljúfursins. Föt kvennanna fundust efst við gljúfurbrúnina en þau eru eina vísbendingin um Ástu. Fótspor sem fundust þrjá kílómetra austur af gljúfrinu eru ekki eftir Ástu eins og talið var að gæti verið.

„Það finnast þarna fótspor og við köllum strax til sérfræðinga í að rekja spor. Í framhaldi af því koma rannsóknarlögreglumenn sem hugsanlega gætu greint blóð í sporunum því það má reikna með að það sé blóð í þeim. Það var ekkert sem svaraði jákvætt í þessum málum,“ segir Jón.

Talið er að konurnar hafi gengið um kílómetra langa leið austur að gilinu frá sumarbústað sem þær dvöldu í. Þorsteinn segir að ólíklegustu möguleikar hafi verið kannaðir. „Við teljum okkur vera sérfræðinga og þess vegna skoðum við alla möguleika jafnvel þótt þeir séu óhugsandi.“




## Fjölskylda og vinir leita að Ástu í dag



Mjög umfangsmikil leit hefur staðið yfir að Ástu Stefánsdóttur síðan á þriðjudag í síðustu viku. Hátt í 200 björgunarsveitarmenn hafa komið að leitinni án nokkurs árangurs. Nú hefur verið tekin ákvörðun um að draga úr leitinni en fjölskylda og vinir Ástu hyggjast fara og leita hennar í dag.

Ásta Stefánsdóttir er 35 ára lögfræðingur að mennt. Hún er hávaxin og grönn með ljóst skollitað hár. Lögreglan á Hvolsvelli telur nær útilokað að Ásta finnist á lífi úr þessu. Kærasta Ástu, Pino Becerra, fannst látin við botn Bleiksársgljúfurs á þriðjudag. Áður var talið að hún hefði drukknað. Krufning leiddi í ljós að Pino lést við að falla þrjátíu metra niður gljúfrið.

**Tónskáldasjóður 365**
**auglýsir eftir umsóknum**

**Frestur vegna umsókna í Tónskáldasjóð 365 rennur út á miðnætti hins 5. júlí n.k.**

Undirritaðar umsóknir skulu berast sjóðnum á þar til gerðum eyðublöðum í þríriti ásamt fylgigögnum fyrir miðnætti hinn 5.júlí 2014 merktar:

**„Tónskáldasjóður 365“**
Laufásvegi 40, 101 Reykjavík

**Umsóknarblöð má fá á heimasíðu STEFs.**

**Umsóknir ber að vanda.**

FÉLAG TÓNSKÁLDA & TEXTAHÖFUNDA

Ísraelsk stjórnvöld saka Hamas um mannrán og kenna Abbas um:

# Hóta hörðum refsiaðgerðum

**ÍSRAEL, AP** Ísraelsk stjórnvöld hóta hörðum refsiaðgerðum gegn Palestínumönnum vegna þriggja ísraelskra ungmenna sem saknað er síðan á fimmtudag.

Ísraelar saka Hamas-samtökin um að hafa rænt ungmennunum. Moshe Yaalon, varnarmálaráðherra Ísraels, segir að Palestínumenn megi reikna með að gjalda mannránin dýru verði.

Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, notar tilefnið einnig til að hnýta í Mahmúd Abbas, forseta Palestínu, og segir hann bera á endanum ábyrgð á mannránunum þar sem Fatah-samtök hans hafi náð sáttum við Hamas og myndað þjóðstjórn í Palestínu.

Þeir Abbas og Netanjaú ræddust við símleiðis í gær vegna málsins, en bein samskipti þeirra hafa verið fátíð. Netanjahú óskaði eftir því að Abbas aðstoðaði við leitina að ungmennunum.

Ísraelski herinn hefur verið með fjölmennt lið á Vesturbakkanum að leita að ungmennunum. Þetta eru viðamestu aðgerðir hersins þar í nærri áratug. -gb



**ÍSRAELSHER Í HEBRON** Ísraelskir hermenn hafa gert dauðaleit að þremur unglingum skammt frá borginni Hebron á Vesturbakkanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



FRÁ ÞINGVÖLLUM

**S L Á T U R F É L A G   S U Ð U R L A N D S**

FRÁ Reykjavík NR. 575.6000 52/5 ORÐ 317 20 14 KL. 09.36

Kæri vinur!

Þessi mynd var tekin af afa og ömmu á Þingvöllum árið 1944 þegar ástar-saga þeirra hófst. Það hafði nýlega stytt upp og þau sátu í grasinu með SS pylsur og nutu lífsins. Mig langar að slá upp veislu og bjóða þér á fallegu sumarkvöldi. Er ekki kominn tími á okkur?

Íslendingar borða SS pylsur

JANÚAR

ÁTÖKIN Í ÍRAK HARÐNA

# Ólíklegt að ISIS takist að ná Bagdad

Vígamenn ISIS-samtakanna berjast nú við Íraksher um stjórn á borgum og bæjum norður af Bagdad. Stjórnarherinn er mun fjölmennari og betur vopnum búinn. ISIS segjast hafa tekið 1.700 íraska hermenn af lífi. Draumur ISIS um að stofna íslamskt ríki virðist fjarlægur.

Brjánn Jónasson
brjann@frettabladid.is



Hraðinn á stórsókn vígamanna samtakanna Íslamskt ríki í Írak og Austurlöndum nær (ISIS) í Írak virðist hafa komið mörgum í opna skjöldu. ISIS hefur tekið Mosúl, aðra stærstu borg landsins, og margar minni borgir án mikilla átaka við Íraksher, en ekkert bendir til þess að samtökin nái höfuðborginni Bagdad á sitt vald á næstunni.

Markmið ISIS er að stofna íslamskt ríki með sjaría-lögum. Samtökin hafa skipulagt hryðjuverk í Írak á undanförnum árum, en hafa barist við stjórnarherinn í Sýrlandi síðustu ár og halda þar stóru landsvæði við landamærin við Írak.

Á þeim tíma virðast stjórnendur ISIS hafa endurskipulagt samtökin, og virðast þau að mörgu leyti virka eins og skæruliðasamtök en ekki hryðjuverkasamtök, að mati sérfræðinga. Samtökin virðast vel skipulögð, vel fjármögnuð og ágætlega tækjum búin.

Þetta hefur gert vígamönnum samtakanna kleift að nýta sér undanhald Írakshers í Mosúl og öðrum borgum í norðurhluta Írak og stjórna samtökin nú stórum landsvæðum norður af Bagdad og yfir sýrlensku landamærin.

Uppreisnarmenn ISIS eru sagðir hafa framið fjöldamorð á íröskum hermönnum sem þeir tóku til fanga. Ekki er ljóst hversu margir hermenn hafa verið drepnir eftir að þeir gáfust upp, en talsmenn ISIS fullyrða að þeir séu um 1.700 talsins.

ISIS sendi frá sér myndir um helgina sem virðast sýna fanga samtakanna tekna af lífi. Qassim al-Moussawi, talsmaður Írakshers, segir myndirnar sýna að í það minnsta 170 hermenn hafi verið teknir af lífi eftir að þeir féllu í hendur ISIS.

Þá sýna myndbönd sem samtökin hafa sent frá sér hvernig vígamenn þeirra skjóta á bíla og myrða fólk með hríðskotarifflum.

Talið er að rúmlega hálf milljón óbreyttra borgara hafi flúið borgir sem ISIS hefur hertekið.

### Sparkað úr al-Kaída

ISIS-samtökin eiga rætur að rekja til Íraks, þar sem þau urðu til úr öðrum samtökum súnníta sem tilheyrðu al-Kaída-hryðjuverkanetinu. Þau fengu nafnið Íslamskt ríki í Írak og Austurlöndum nær í apríl í fyrra þegar tvenn samtök sameinuðust undir þessu nafni.

Leiðtogi ISIS heitir Abu Bakr al-Baghdadi, en hann stýrði al-Kaída í Írak frá árinu 2010. Talið er að um 7.000 vígamenn séu í samtökunum.

ISIS-samtökin njóta þess vafasama heiðurs að vera einu aðildarsamtök al-Kaída sem þau alræmdu hryðjuverkasamtök hafa ákveðið að slíta öll tengsl við. Yfirlýsing frá al-Kaída bendir til þess að ISIS hafi látið illa að stjórn.

ISIS styðjast við harðlínustefnu og hafa stundað aftökur og hýðingar, bannað tónlist, reykingar og aðra hegðun sem stjórnendur þeirra telja ekki í anda íslams. Þá vilja samtökin að konur hylji sig frá hvirfli til ilja og taki lítinn sem engan þátt í samfélaginu. Þessi harðlínustefna virðist hafa gengið gegn hagsmunum al-Kaída.

### Eiga lítið í íraska herinn

ISIS hefur náð fjölmörgum bæjum í Írak á sitt vald á undanförnum dögum, þótt vígamönnum samtakanna hafi ekki alltaf tekist að halda fengnum hlut þegar íraski herinn hefur gert gagnsóknir.

Kirk Sowell, sérfræðingur í málefnum Íraks sem rætt er við á fréttavefnum Vox, segir að þótt hersveitir í þeim borgum sem ISIS hefur ráðist á hafi hingað til hörfað undan hafi Íraksher yfir að ráða margfalt meiri mannafla en ISIS, og mun betri hergögnum. Þess vegna sé afar ólíklegt að liðsmenn ISIS hafi betur í beinum átökum.

Þá hafa bandarísk stjórnvöld sent flugmóðurskip og tvö herskip sem búin eru stýriflaugum á Persaflóa, og gætu þau stutt við aðgerðir Írakshers.

Aðgerðir ISIS þykja benda til þess að samtökin hafi endurvakið nærri tíu ára gamlar hernaðaráætlanir sem aldrei urðu að veruleika, um að taka úthverfi Bagdad og umkringja borgina.

### Erfitt að halda landsvæðum

Munurinn á hernaðarlegri getu vígamanna ISIS og íraska stjórnarhersins er mikill. Það þýðir ekki að herinn muni eiga auðvelt með að þurrka út uppreisnarmennina, en það þýðir að ISIS mun eiga erfitt með að halda landsvæði sem stjórnarherinn reynir að ná á sitt vald, segir Sowell við Vox.

Við þetta bætist að þau svæði þar sem ISIS hefur mest ítök eru afar fátæk og lítill möguleiki á að ISIS takist að þróa olíuvinnslu á svæðinu til að fjármagna sig. Draumur ISIS um íslamskt ríki virðist því fjarlægur.

„Í rauninni gætu þeir náð að stofna eigið ríki, en bara ef þeir eru tilbúnir til að svelta,“ segir Sowell.

Þrátt fyrir þetta hefur Nuri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, beitt sér fyrir því að vígasveitir sjíta berjist við hlið stjórnarhersins gegn uppreisnarmönnum ISIS. Sérfræðingar óttast að með því að gefa þessum vígasveitum lögmæti með þessum hætti séu stjórnvöld að bjóða heim hættunni á harðari átökum milli súnníta og sjíta í Írak.



**HERMÖNNUM SMALAÐ** Í mynd sem ISIS-samtökin hafa sent frá sér sést hvernig mönnum sem sagðir eru hermenn, en eru ekki í einkennisbúningum, er smalað saman og þeir reknir út í skurð. NORDICPHOTOS/AFP



**TEKNIR AF LÍFI** Hermönnunum var skipað að leggjast. ISIS-samtökin sendu þessa mynd frá sér, og segja að mennirnir sem liggja á myndinni hafi allir verið teknir af lífi skömmu eftir að myndin var tekin. NORDICPHOTOS/AFP



**SKOTINN** Tveir liðsmenn ISIS standa yfir óþekktum manni sem hefur verið skotinn til bana, á mynd sem ISIS-samtökin sendu frá sér. NORDICPHOTOS/AFP



**HERMENN** Svörtum fána jíhadista sem ISIS notar er veifað yfir höfðum manna sem sagði eru handsamaðir íraskir hermenn, á mynd sem samtökin sendu frá sér. NORDICPHOTOS/AFP

## ÁTÖKIN EKKI BARA Á MILLI SJÍTA OG SÚNNÍTA

Múslimar í Írak skiptast í tvo hópa. Meirihlutinn, um tveir þriðju hlutar landsmanna, er sjítar en þriðjungur er súnnítar. Fylkingarnar hafa lengi deilt, og hefur það endurspeglast í stjórnmálaástandinu í Írak.

Nuri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, er sjíti og þykir mörgum súnnítum hann ekki hafa deilt völdum með súnnítum með eðlilegum hætti. Þá hafa stjórnvöld beitt mikilli hörku í baráttu sinni við uppreisnarhópa, og handtekið mikinn fjölda súnníta sem sitja oft bak við lás og slá árum saman án réttlátrar málsmeðferðar.

Stuðningsmenn ISIS eru súnnítar, en Írak er að mestu stjórnað af sjítum. Átökin eru þó ekki eingöngu á milli þessara tveggja vel afmörkuðu hópa. Kúrdar, sem búa á sjálfstjórnarsvæðum í norðurhluta landsins, eru súnnítar en hafa barist gegn ISIS. Talið er að meirihluti annarra súnníta í Írak vilji frekar láta reyna á friðsamlegar lausnir, aðeins lítill hluti er talinn styðja vopnaða uppreisn gegn stjórnvöldum í Bagdad.

Skiptingin í súnníta og sjíta á rætur að rekja til deilna um hver skyldi verða eftirmaður spámannsins Múhameðs. Súnnítar héldu því fram að það ætti að vera Abu Bekr, tengdafaðir Múhameðs, en sjítar töldu það eiga að vera Ali, tengdason Múhameðs. Nokkur munur er á trúarkenningum þessara tveggja hópa. Súnnítar styðjast til dæmis við ýmis ummæli sem höfð eru eftir Múhameð en ekki eru í Kóraninum.

## → Baráttuandi íraska hersins lítill

- Um 270 þúsund hermenn eru í íraska hernum. Bandarískir og breskir hermenn hafa hjálpað til við að skipuleggja heraflann og þjálfa hersveitir.
- Útgjöld ríkisins til hermála voru um 17 milljarðar bandaríkjadala á síðasta ári.
- Írösk stjórnvöld hafa fengið mikið af hergögnum frá Bandaríkjunum og Bretlandi, auk þess að hafa pantað orrustuþotur og herþyrlur frá Bandaríkjunum.
- Baráttuandinn í hernum er sagður afar lítill, og undanhald hersveita frá Mosúl og nágrenni bendir til þess að það sé rétt.
- Eitthvert mannfall hefur verið í sprengjuárásum, auk þess sem liðhlaup er ekki óalgengt.

## VÍGAMENN ISIS SÆKJA Í ÁTT AÐ BAGDAD



HARPA

www.harpa.is

# Lýðveldishátíð í Hörpu

17. júní 2014



## Eldborg

13:30
**Lúðrasveitin Svanur og Bavarian Brass Band**

13:45
**Karlakórinn Heimir**

14:00
**Þjóðsöngur undir stjórn Garðars Cortes með Karlakórnum Heimi**

14:15
**Bjartmar Guðlaugsson**

14:30
**Danshópur frá Kramhúsinu**

14:40
**Gengin af göflurunum?**

14:50
**Jay og Kyle**

15:05
**Lúðrasveitin Svanur og Bavarian Brass Band**

## Munnharpan

14:30
**Ungmennakórinn Mixtum**

15:00
**Trúða- og töfrasýningin Te fyrir tvo**

15:15
**Þrjár basískar**

15:30
**Alþjóðlega tónlistarakademían í Hörpu**

15:40
**Bollywoodhópurinn Parvati**

15:55
**Björn Thoroddsen**

16:15
**Mamiko Dís Ragnarsdóttir**

16:25
**Sönghópurinn Norrington**

16:45
**Háskóladansinn**

17:05
**Hljómsveitin Belleville**

17:25
**Salsa Iceland**

## Anddyri

15:00 & 16:00
**Maxímús heilsar börnunum og gefur blöðrur**

## Hörpubryggja

15:00
**Siglingakeppni**

## Hörputorg

13:00–17:00
**Víkingur Heiðar og Davíð Þór leika í Skúrnum**

## Norðurljós

17:00–19:00
**Alþjóðlega tónlistar–akademían í Hörpu**

Brandenburg




**RYKI ÞYRLAÐ UPP Á INDLANDI** Tveir menn reyna að komast með hestvagn sinn í gegnum rykmökk mikinn sem hvassviðrið feykir yfir byggðina í Jammu á Indlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# ÁSTAND HEIMSINS







**VERKFALL Í FRAKKLANDI** Franskir lestarstarfsmenn fylgjast með logandi blysum í tengslum við mótmæli framan við lestarstöð í Lyon.




**NORÐUR-KÓRESKUR KAFBÁTUR Á SIGLINGU** Kim Jong-un, leiðtogi Norður-Kóreu, brá sér í stutta siglingu með einum af kafbátum ríkisins til að skoða hann. Hugsanlega má sjá grilla í hann í turni kafbátsins, þar sem hann fylgist með ásamt yfirmönnum bátsins.




**KÆLIR SIG Í PAKISTAN** Pegar hitinn var kominn upp í 45 gráður í borginni Islamabad í Pakistan brá þessi maður á það ráð að kæla sig í rennandi vatni.




**FLÓTTAFÓLK Á SIKILEY** Flóttamenn frá Afríku fengu inni í kaþólskri kirkju á Sikiley. Ítalska strandgæslan hefur bjargað meira en 300 flóttamönnum sem lentu í sjávarháska í Miðjarðarhafinu.




**MANNI BJARGAÐ ÚR RÚSTUM Í SÝRLANDI** Í sýrlensku borginni Aleppo var þessum manni bjargað úr rústum húss eftir að stjórnarherinn hafði varpað tunnusprengjum á hverfið.

# 17. júní í Kópavogi

## Dagskrá

**10.00–11.00** 17. júní hlaup fyrir börn í 1.–6. bekk á Kópavogsvelli. Allir fá verðlaunapening.
**13.30** Skrúðganga frá Menntaskólanum í Kópavogi að Rútstúni. Skátafélagið Kópar og Skólahljómsveit Kópavogs. Nýstúdent og Fjallkona leiða gönguna. Skrúðgangan leggur af stað klukkan 13.30.
**14.00–18.00** Hátíðar- og skemmtidagskrá á Rútstúni. Kynnir: Jóhannes Haukur Jóhannesson.
**19.30–22.00** Kvöldtónleikar á Rútstúni.

## Hátíðardagskrá á Rútstúni

- Skólahljómsveit Kópavogs spilar undir stjórn Össurar Geirssonar.
- Bæjarstjóri flytur ávarp
- Nýstúdent flytur ræðu
- Fjallkona flytur ljóð

## Skemmtidagskrá á sviðinu

Lína Langsokkur
Sigurvegari í söngkeppni félagsmiðstöðvanna
Pollapönk KK SamSam
Gói og Gloría Jón Jónsson
Hreimur, Vignir og Benni

## Á Rútstúni og víðar

Götuleikhús Kópavogs verður á flakki með alls kyns sprell. Hoppukastalar, veltibíll, andlitsmálun og fleira. Íþróttafélögin verða með söluskála á Rútstúni og vöfflusölu í Sundlaug Kópavogs. Glæsilegur handverksmarkaður. Hjálparsveit skáta í Kópavogi verður við enda Vallargerðisvallar. Klifurveggur og sveitin sýnir tæki og búnað.

## Á túninu við Gerðarsafn

Hestamannafélagið Sprettur teymir undir börnum. Leiksvæði fyrir börnin. Skapandi sumarhópar úr Molanum standa fyrir fjölbreyttum uppákomum. Andlitsmálun og fleira.

**14.00–17.00** Hátíðarkaffi í félagsmiðstöðinni Gjábakka. KK og tónlistarhópar frá skapandi sumarstörfum. Kór frá Norrköping, vinabæ Kópavogs.

## Kvöldtónleikar á Rútstúni

Vára ✣ Wally ✣ Emmsjé Gauti og Hr. Hnetusmjör
12:00 ✣ Kaleo ✣ Jón Jónsson og Friðrik Dór



Kópavogsbær

kopavogur.is

Landið er eyja, en ekki eyland í samfélagi þjóða.

# Smáþjóð í 70 ár

Lýðveldið Ísland fagnar í dag 70 ára afmæli. Á slíkum tímamótum gæti verið hollt að staldra við. Það er ekkert að því að rétta kúrsinn verði niðurstaðan sú að borið hafi af leið. Fremur að það sé styrkleikamerki en hitt.

Sjálfstæði þjóðarinnar er mörgum ofarlega í huga og væntanlega flestir sammála um að standa beri um það vörð. Síðan greinir menn aftur á um leiðir að þessu marki.



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Í því samhengi mættu sumir leiða að því hugann að Ísland er smáþjóð með afar stutta sögu. Landið er með minnstu peðum í samfélagi þjóða heims, sama hversu mikið menn reyna að belgja sig út á tyllidögum.

Í ágætri grein sem Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur skrifaði í Kjarnann í apríl bendir hann á að nú, 70 árum eftir lýðveldisstofnun, séum við Íslendingar tiltölulega nýlega sloppnir með skrekkinn eftir bankahrunið mikla. Hrun sem raunar vakti í brjósti sumra efasemdir um að við gætum hér ráðið okkar málum sjálf svo vel færi. Þá bendir Guðni á að landið geti ekki enn talist fullgildur þátttakandi í alþjóðasamfélaginu, „með laskaðan gjaldmiðil í skjóli hafta fyrir náð og miskunn annarra á Evrópska efnahagssvæðinu“.

Jafnframt telur Guðni fæsta sem fögnuðu á Þingvöllum 17. júní 1944 hafa getað ímyndað sér að sjálfstæði lýðveldisins fælist meðal annars í því að gera orðalaust að íslenskum lögum tilskipanir og reglugerðir frá Brussel eins og hafi verið gert frá 1994.

Þversögn er nefnilega fólgin í afstöðu þeirra sem þykjast vilja verja sjálfstæði landsins með andstöðu við aðild þess að Evrópusambandinu. Með aðild gæti landið nefnilega haft bein áhrif á löggjöf sem við tökum núna við án þess að fá nokkru um hana ráðið. Og í ljósi þess að aðild myndi að öllu líkindum efla sjálfstæði landsins er torskilin afstaða þeirra sem ganga vilja frá aðildarsamningaborðinu áður en niðurstaða er fengin sem þjóðin gæti sjálf tekið afstöðu til.

Og sem smáþjóð ættum við vitanlega að vera meðvituð um mikilvægi þess að aðrar þjóðir virði alþjóðalög og rétt og gerða samninga, en vaði ekki áfram með ofríki og breyti leikreglum eftir hentugleika. Því er ónugt að í aðdraganda þessara tímamóta í sögu þjóðarinnar skuli hópar fólks fara fram með óskum um að brotið verði á rétti þeirra sem reisa vilja önnur guðshús en af kristinni mótmælendategund. Að meirihlutinn geti tekið sér vald til þess að láta kjósa um réttindi minnihlutahópa. Óskandi væri að þeir sem þannig eru þenkjandi næðu að heimfæra hugsun sína upp á stöðu íslenskrar þjóðar sem minnihlutahóps í samfélagi þjóða.

Í ágætri grein sinni bendir Guðni á að við búum í heimsþorpi. „Framar öllu þyrftu sem flestir að átta sig á því að saga Íslands er samofin sögu Evrópu og heimsins alls. Þótt ákvarðanir okkar sjálfra skipti alltaf máli hafa lífsgæði og staða ríkisins í alþjóðasamfélaginu mótast mest vegna rásar viðburða ytra.“

Ísland kann að vera eyja, en eyland er það ekki í samfélagi þjóðanna. Einangrunarhyggja kann ekki góðri lukku að stýra. Tækifæri smáþjóða til áhrifa og aukinnar hagsældar liggja í frjálsum viðskiptum og samvinnu við aðrar þjóðir. Því á að kanna til þrautar kosti þjóðarinnar í þeim efnum. Að átta sig ekki á því er sannarlega veikleikamerki.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*



Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Undarleg atkvæði

Fyrsti fundur borgarstjórnar Reykjavíkur fór fram í ráðhúsinu í gær. Þar fór allt eins og vitað var fyrir fram þegar borgarstjóri, forseti borgarstjórnar og formaður borgarráðs voru kjörnir. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins skiluðu auðu þegar kjörið var í þessi embætti eins og tíðkast hefur hjá minnihlutum við slíka atkvæðagreiðslu. Athygli vakti að borgarfulltrúar Framsóknarflokksins völdu að fara aðra leið og greiddu sjálfum sér atkvæði í borgarstjórastólinn sem og í embætti forseta borgarstjórnar og varaforseta. Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir og Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir fengu þannig tvö atkvæði í embættin.



### Innganga í ESB sem áhugamál

Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, ræddi í Bítinu á Bylgjunni í gær mögulega stofnun nýs stjórnmálaflokks, Viðreisnar, sem hélt fund á dögunum. Hann sagði að ræða hóp manna sem ætlaði að stofna stjórnmálaflokk utan um brennandi áhugamál sitt – að Ísland gangi í Evrópusambandið. Ögmundur sagði að hópurinn hefði aðallega kynnt sjónarmið þeirra sem hefðu verið gagnrýnir á inngöngu Íslands í ESB og segðu andstæðingana gjarnan vilja hátt vöruverð, háa vexti og mikla verðbólgu. Þeir væru að sjálfsögðu enn við sama heygarðshornið. Ögmundur sagði staðreyndina hins vegar þá að andstæðingarnir vilji ekkert af þessu, þótt þeir vilji ekki að Ísland gangi í ESB.



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Borgar menntun sig?

MENNTUN



**Guðmundur Örn Jónsson**
jafnaðarmaður

Er ég lauk háskólanámi í lok síðustu aldar var atvinnuleysi svipað og nú er. Samt var mjög auðvelt að fá vinnu á þeim tíma. Í stað þess að ég þyrfti að skrá mig hjá ráðningarstofu, hringdu ráðningarstofurnar í mig og báðu mig um að sækja um tiltekin störf. En nú er öldin önnur hjá háskólamenntuðu fólki og er algengt að yfir 100 manns sæki um stöður þar sem krafist er háskólamenntunar.

Opinberar tölur sýna einnig að háskólamenntun eykur atvinnuöryggi lítið miðað við það sem áður var. Fyrir 20 árum var atvinnuleysi háskólamenntaðra aðeins um 10 prósent af almennu atvinnuleysi, eða tíu sinnum minna. Nú er það um 70 prósent, eða næstum því eins mikið og almennt atvinnuleysi, og væri töluvert hærra ef ekki væri fyrir landflótta á meðal háskólamenntaðra.

Með öðrum orðum hefur atvinnulífið hérlendis skapað allt of lítið af störfum sem krefjast háskólamenntunar á sama tíma og framboð starfa fyrir ófaglærða hefur verið mikið og dregið mikinn fjölda af erlendu verkafólki til landsins. Þróunin hérlendis er þannig gjörólík þeirri í Bandaríkjunum. Þar spá sérfræðingar því að tveir þriðju þeirra starfa sem þar verða til á næstu árum muni krefjast háskólamenntunar.

**➜Með öðrum orðum hefur atvinnulífið hérlendis skapað allt of lítið af störfum sem krefjast háskólamenntunar …**

Þessa þróun má að öllum líkindum rekja til stjórnunar sjálfstæðis- og framsóknarmanna undangengna áratugi þar sem mikil áhersla hefur verið lögð á að skapa störf fyrir ófaglærða, til dæmis í álverum. Einnig hafa aðrar atvinnugreinar, sem aðallega skapa störf fyrir ófaglærða, verið niðurgreiddar, til að mynda landbúnaður með beinum fjárframlögum og útgerð með ókeypis aðgangi að auðlind þjóðarinnar.

Gera má ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram, að minnsta kosti út þetta kjörtímabil. Innlend hátæknifyrirtæki, sem veita fjölda háskólamenntaðra vinnu og skaðast vegna gjaldeyrishaftanna, eru líkleg til að fara úr landi. Með sama áframhaldi bíður okkar því sama hlutskipti og Færeyinga þar sem næststærsta útflutningsafurðin á eftir fiskafurðum eru frímerki.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Brestir í gamalmenninu?

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



Ísland er 70 ára í dag, því ber að fagna og munum við ganga fylktu liði út á götur í fylgd lúðrasveita, kaupa blöðrur og sleikjó og skemmta okkur í vonandi hinu ágætasta veðri um land allt. Margt merkilegt hefur drifið á daga þessarar ungu þjóðar og má með sanni segja að það sé hálfótrúlegt hvað við höfum afrekað þrátt fyrir smæðina. Sjálfstæði okkar og tungumál hefur verið varið og við höfum verið þátttakendur í samstarfi þjóðanna með ágætum árangri. Við höfum skarað fram úr öðrum í ýmsu og erum ekkert feimin við að berja okkur á brjóst og finnast við býsna merkilegt fólk.

Það er gott að hafa sterka þjóðernisvitund og þekkja rætur sínar, það er líka hollt og nauðsynlegt að hafa samanburð, vera auðmjúkur og bera virðingu fyrir öðrum sjónarmiðum. Almennt hefur það líklega tekist með ágætum. Nú þegar þjóðin er að komast á „efri“ árin er eflaust margt sem má gagnrýna, en örugglega fleira sem má hrósa þegar horft er yfir farinn veg og það gefur tilefni til bjartsýni.

Ætli Ísland sé ekki eitt af þeim ríkjum jarðar þar sem best er að búa í margvíslegu tilliti. Við búum við mikið öryggi, frelsi og jafnrétti kynjanna, þótt auðvitað megi þar gera enn betur. Það er almennt viðurkennt að menntakerfið er gott og heilbrigðiskerfið líka. Grunnstoðirnar eru sterkar, en þær eru langt frá því að vera sjálfsagðar. Mín kynslóð hefur alist upp við stöðuga framþróun, velmegun hefur verið talsverð þótt verulega hafi gefið á bátinn eins og allir vita á undanförnum árum. Sú staða gerir okkur að vissu leyti erfitt fyrir því við verðum að viðurkenna að við höfum líklega farið of geyst, kannski ofmetnast og ætlast til of mikils af okkur. Næstu árin munu sýna það hvort okkur tekst að halda okkur áfram í efstu deild þjóða heims, sérstaklega þegar kemur að þeim lífsgæðum sem við teljum hvað mikilvægust og ég taldi upp hér að ofan.

### Í úrvalsdeild

Tölum því aðeins um heilbrigðiskerfið sem að mínu viti er líklega eitt það allra mikilvægasta sem við eigum, en ég er auðvitað hlutdrægur í því mati sem læknir. Allir mælikvarðar segja okkur að við spilum þar í úrvalsdeild, samt sem áður er mikið kvartað. Biðtímar eru að lengjast, undirmönnun mikil og nýliðun gengur hægt. Þetta þekkjum við til viðbótar við þann barlóm sem heyrist reglulega varðandi húsakost og tækjabúnað. Við erum að falla niður um deild ef okkur tekst ekki að snúa skútunni, sumir segja að við séum þegar fallin. Það verður okkur dýrkeypt. Ekki ætla ég að metast, en það fer óneitanlega mikið í taugarnar á fagfólki þegar talað er um heilbrigðiskerfið sem kostnað eingöngu. Það er hreinn ávinningur og vafalítið leggur Landspítali, heilsugæslan um landið og heilbrigðisþjónustan eins og hún leggur sig meira inn en hún tekur út á hverju ári til samfélagsins.

> Við erum orðin þreytt á frösum stjórnmálamanna, raunverulegra breytinga er þörf sem miðast við næstu áratugi en ekki kjörtímabil.

Það þýðir hins vegar ekki að það sé ásættanlegt, heilbrigðisþjónustan verður að svara kalli nútímans, breyttra aðstæðna, breytts samskiptamáta og síðast en ekki síst breyttrar samsetningar fólksins í landinu. Ferðamenn eru orðnir tvisvar sinnum fleiri en íbúar landsins á ársgrundvelli, við erum orðin fjölmenningarsamfélag, lífsstílssjúkdómar herja á okkur sem aldrei fyrr og samfélagið er að eldast hratt. Einstaklingar eru að lifa mun lengur en þeir gerðu fyrir 20-30 árum að meðaltali og er ljóst að við munum ekki hafa efni á að reka okkur eins og við höfum gert.

Við erum orðin þreytt á frösum stjórnmálamanna, raunverulegra breytinga er þörf sem miðast við næstu áratugi en ekki kjörtímabil, mögulega væri róttækasta hugmyndin sú að taka heilbrigðisþjónustuna eins og hún leggur sig út fyrir stjórnarráðið og vinna hana með langtímasjónarmið, langtímafjármögnun og hagsmuni þjóðar og sjúklinga að leiðarljósi.

Sem sönnum Íslendingi sæmir og með íslenska bjartsýni að leiðarljósi efast ég samt ekkert um það að við munum áfram spila í úrvalsdeild, til hamingju með daginn Íslendingar! Fram, fram, aldrei að víkja. Fram, fram bæði menn og fljóð. Tengjumst tryggðarböndum, tökum saman höndum, stríðum, vinnum vorri þjóð.

# Endurfjármögnun fasteignalána getur margborgað sig

FJÁRMÁL
Valur Þráinsson
hagfræðingur



Vissir þú að ef vextir á 20 milljóna króna óverðtryggðu jafngreiðsluláni, til 20 ára, lækka úr 7,5% í 6,5% þá lækka afborganir þess um 145 þúsund krónur á ári? Í kjölfarið myndast umtalsverður sparnaður ef litið er til líftíma lánsins. Sé sparnaðurinn núvirtur, sem kallað er, má meta verðmæti lækkunarinnar á um 1,5 milljónir króna (miðað við 7,5% ávöxtunarkröfu). Það er því augljóst að það margborgar sig að skoða hvaða lánakjör standa þér til boða.

Með því að fylgja nokkrum einföldum þumalputtareglum þá getur þú tryggt betur að fá sem lægsta vexti á fasteignalánum þínum. Það getur sparað umtalsverða fjármuni.

> ➜ Með því að fylgja nokkrum einföldum þumalputtareglum þá getur þú tryggt betur að fá sem lægsta vexti á fasteignalánum þínum.

### Fylgdu þremur þumalputtareglum

Í fyrsta lagi skaltu búa til yfirlit yfir þau lán sem hvíla á fasteigninni þinni og eðli þeirra. Í því gæti t.d. komið fram hvort þau eru verðtryggð eða óverðtryggð, hversu langur tími er eftir af hverju láni, afborganir á mánuði, vextir, hvort vextirnir eru breytilegir eða fastir, hvort uppgreiðslugjöld séu til staðar og svo framvegis.

Í öðru lagi skaltu afla upplýsinga um fasteignamat og markaðsverðmæti fasteignar þinnar. Þær upplýsingar geturðu nýtt til þess að meta hversu hátt hlutfall eignarinnar er veðsett en möguleikar til lántöku ráðast að miklu leyti af veðsetningarhlutfallinu.

Í þriðja lagi skaltu bera saman vexti og kjör hjá þeim aðilum sem starfa á markaðnum. Ef ársvextirnir lækka um 1% eða meira þá ætti það að öllum líkindum að vera hagstætt fyrir þig að endurfjármagna fasteignalánin. Í upphafi gætirðu t.d. fengið upplýsingar um lánakjör hjá Arion banka, Landsbankanum, MP banka, Íbúðalánasjóði, Íslandsbanka og lífeyrissjóðnum þínum (lífeyrissjóðir bjóða í mörgum tilfellum upp á mjög hagstæð kjör á fasteignalánum).

### Taktu ákvörðun

Í dag er lítill kostnaður sem fylgir því að endurfjármagna fasteignalán en ástæða þess er m.a. sú að nú um áramótin voru stimpilgjöld af veðskjölum felld niður. Því er lántökugjaldið oft nánast eini kostnaðurinn sem fylgir því að endurfjármagna fasteignalán en gjaldið er á bilinu 0,5-1% af upphæð nýja lánsins. Það getur því margborgað sig að skoða þessi mál, hvort heldur upp á eigin spýtur eða með aðstoð óháðs fjármálaráðgjafa.



Beltone First™
Snjallara heyrnartæki
Nýja Beltone First™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch.
Komdu og prófaðu, það er engu líkt!
Framleitt fyrir iPod iPhone iPad
Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is
HEYRNARSTÖÐIN
Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

# Alþjóðlegt þekkingarsetur í Gunnarsholti

LANDVERND



**Þórunn Pétursdóttir**
Landgræðslu ríkisins

**➜Það er Landgræðslunni sömuleiðis einlægt kappsmál að stuðla að eflingu og frekari uppbyggingu vísindasamfélagsins á landsbyggðinni og er uppbygging alþjóðlegs þekkingarseturs í Gunnarsholti á Rangárvöllum liður í því starfi.**

Þjóðhátíðardagur Íslands er alþjóðlegur dagur jarðvegsverndar. Af því tilefni er rík ástæða til að minnast á hvað við höfum fram að færa á þeim vettvangi. Þekking okkar og reynsla af jarðvegseyðingu og síðar af farsælli endurheimt raskaðra vistkerfa er dýrmæt auðlind sem við getum miðlað af til alþjóðasamfélagsins og þannig lagt okkar af mörkum til að auka skilning og þekkingu á mikilvægi jarðvegsverndar og sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda hvar sem er í heiminum.

Landgræðslan hefur á síðustu árum unnið mjög ötullega að því að vekja athygli erlendis á árangri okkar á sviði jarðvegsverndar og endurheimtar vistkerfa. Stofnun Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna, sem hefur verið starfræktur hérlendis um nokkurra ára bil, er til að mynda afrakstur af því starfi. Það markaði fyrsta varanlega sporið að viðurkenningu alþjóðasamfélagsins á að rödd Íslands ætti og þyrfti að heyrast á þessum vettvangi.

### Einlægt kappsmál

Það er Landgræðslunni sömuleiðis einlægt kappsmál að stuðla að eflingu og frekari uppbyggingu vísindasamfélagsins á landsbyggðinni og er uppbygging alþjóðlegs þekkingarseturs í Gunnarsholti á Rangárvöllum liður í því starfi.

Setrinu er ætlað að miðla þekkingu um samspil manns og náttúru og áhrif þess á landhnignun, endurheimt eyddra vistkerfa, jarðvegsvernd, vatnsbúskap og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Það mun bjóða upp á margvísleg þverfagleg námskeið og vinnufundi þessu tengt og það mun einnig leggja áherslu á að byggja upp og taka þátt í þverfaglegum rannsóknum á ofannefndum viðfangsefnum. Setrið stefnir fyrst og fremst á að sækja fram á meðal erlendra og innlendra faghópa og bjóða þeim að nýta aðstöðuna í Gunnarsholti til vinnufunda og námskeiðahalds.

Gunnarsholt býður upp á stórkostlegt tækifæri til að læra af náttúrunni sjálfri. Eins og annars staðar á Íslandi og víða um heim er nýtingarsaga staðarins mörkuð af samspili manns og náttúru og hvernig ofnýting náttúruauðlinda, svo sem beit og viðarhögg í samspili við óblíð náttúruöfl, rústaði viðkvæmum vistkerfum. Myndir frá því snemma á síðustu öld bera þess glögglega merki.

En – nýtingarsaga Gunnarsholts og svæðanna í kring einkennist líka af árangursríkri endurheimt eyddra vistkerfa og natni heimamanna við að klæða landið gróðri á ný, stuðla að nýmyndun frjósams jarðvegs og koma vatnsbúskap svæðanna í samt lag. Gunnlaugsskógur er til að mynda áhrifaríkt dæmi um birkiskóg sprottinn upp af birkifræi sem dreift var á örfoka svæði fyrir um hálfri öld og sjálfssáning víðis inn í gamlar uppgræðslur sýnir vel hvers náttúran er megnug þegar búið er aðstoða hana við að koma ferlum sínum í gang á ný.

### Lykiláhrif

Landnýting hefur lykiláhrif á ástand og þanþol vistkerfa. Þar sem landnýting er mjög fjölbreytt á suðurhluta Íslands býður miðlæg staðsetning Gunnarsholts upp á margvísleg tækifæri til vettvangsferða og rannsókna. Nálægð við til að mynda Heklu, Þjórsá, Þórsmörk og hálendisbrúnina gefur óendanlega möguleika á að dýpka skilning á áhrifum mismunandi landnýtingarforma á vistkerfi og nálægðin við eldfjöll og jökla sýnir bein áhrif náttúrunnar sjálfrar á vistkerfin og hugsanlegar afleiðingar ef þau eru ekki í stakk búin til að taka við áföllum af völdum eldgosa, flóða eða annarra náttúruhamfara.

Þekkingarsetrið mun nýta Sagnagarð, fræðslusafn Landgræðslunnar, í sínu starfi. Þar er mjög góð aðstaða til námskeiðahalds og fyrirlestrar um hnignun og endurreisn vistkerfa verða sem ljóslifandi meðal gamalla ljósmynda og sýningargripa safnsins. Setrið hefur einstaka gistiaðstöðu fyrir allt að 30 manns og vel útbúin kennslurými til námskeiðahalds. Þekkingarsetrið mun hafa aðgang að fyrirlestrarsal sem rúmar um 100 manns og hentar því líka vel til styttri funda og ráðstefnuhalds. Eins og ljóst má vera af ofantöldu eru möguleikarnir sannarlega til staðar og þá ætlum við að virkja.

# Samstaðan skiptir máli

SAMFÉLAG



**Jóna Valgerður Kristjánsdóttir**
formaður Landssambands eldri borgara.

Það voru framsýnir menn sem stofnuðu til Landssambands eldri borgara (LEB) fyrir 25 árum, nánar tiltekið 19. júní 1989. Í fyrstunni hét það Samtök aldraðra en var seinna breytt í það sem nú er. Stofnfundurinn var á Akureyri og fyrsti formaður var Aðalsteinn Óskarsson, Akureyri. Tíu félög eldri borgara stóðu að stofnun landssambandsins en í dag eru þau 54 með tæplega 21.000 meðlimi. Í slíkum fjölda getur verið mikill styrkur ef samstaða næst um málin.

Meginmarkmið Landssambands eldri borgara er að vinna að hagsmunamálum eldri borgara og koma fram fyrir hönd aðildarfélaganna gagnvart stjórnvöldum. Það gerir landssambandið með því að veita stjórnvöldum ráðgjöf varðandi stefnumótun og áform um aðgerðir í þágu eldri borgara. Einnig með því að gefa umsögn um lagafrumvörp sem snerta að einhverju leyti hag eldri borgara og var á sl. vetri gefin umsögn um 15 frumvörp og/eða þingsályktunartillögur á Alþingi.

Jafnframt hefur landssambandið tekið fyrir sl. ár að halda fræðslufundi með aðildarfélögunum úti um landið um hin ýmsu mál sem snerta hag eldri borgara og veita upplýsingar um starf LEB, að hvaða málum sé verið að vinna og hvaða árangur hafi náðst. Landssambandið rekur einnig heimasíðu, leb.is, og gefur út tvisvar á ári tímaritið Listin að lifa, sem sent er frítt til allra meðlima félaganna. Nú í vor var gefið út veglegt afmælisblað af Listinni að lifa, sem prentað var í tvöföldu upplagi eða 45.000 eintökum og sent á öll heimili landsins þar sem bjuggu einhverjir 60 ára eða eldri. Dreifing blaðsins var meiri en venjulega vegna 25 ára afmælisins.

### Starfið fram undan

Það hefur verið ákaflega gefandi starf og skemmtilegt að heimsækja félög eldri borgara. Sjá hvaða starfsemi er í gangi, hvernig aðstaðan er og hversu lifandi starfið er í hverju félagi. Ég vænti þess að á næsta vetri takist okkur í stjórn LEB að heimsækja þau félög sem við náðum ekki sl. vetur, en veðurfarið í janúar og febrúar var ekki beint hagstætt til ferðalaga í dreifbýlinu og þurfti því nokkrum sinnum að aflýsa fyrirhuguðum fundum.

Með samningi sem við höfum gert við velferðarráðuneytið höfum við tekið að okkur setu í mörgum starfshópum á vegum stjórnvalda, svo sem um endurskoðun almannatrygginga, um endurskoðun laga um málefni fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga, starfshópi um velferðartækni í félagsþjónustu, um húsnæðismál og um mótun fjölskyldustefnu. Einnig eigum við fulltrúa í stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra. Það má því nærri geta að það hefur verið nóg að gera hjá stjórn LEB, því stjórnarmenn hafa tekið að sér flest þessi verkefni, svo að stjórnin hefði yfirsýn yfir málin. Í þessum starfshópum er fjallað um mörg hagsmunamál okkar, svo sem húsnæðismál, almannatryggingar, lífeyrismál, starfslok, heimaþjónustu og hjúkrunarheimili. Það væri hægt að tíunda margt fleira úr starfi Landssambands eldri borgara. Ritnefndin gefur út og safnar efni í Listin að lifa. Fjármálaráðið leitar eftir styrktaraðilum og gerir samninga við fyrirtæki. Kjaranefndin fylgist með kjaramálum á breiðum grundvelli og sendir frá sér ályktanir. Velferðarnefndin tekur fyrir allt er varðar heimaþjónustu og hjúkrunarheimilin.

Í vetur hefur stjórnin lagt mikla áherslu á að stofnað verði Öld-

# Sjávarfang, þúfa, sólarkísill

FAXAFLÓAHAFNIR



**Hjálmar Sveinsson**
fráfarandi stjórnarformaður Faxaflóahafna

Seint í desember á síðasta ári var listaverkið Þúfa vígt vestan við gamla hafnarmynnið í Reykjavík, nánar tiltekið við suðausturgafl nýrrar kæligeymslu HB Granda. „Þúfan“ er 8 metra há, þvermál hennar er 26 metrar og hún vegur 5.000 tonn. Efst á henni er lítill fiskhjallur sem er upplýstur á veturna. Þúfan er þegar orðin eitt helsta kennileiti gömlu hafnarinnar, hvanngræn og kafloðin núna í júní. Hún er verk Ólafar Nordal en hún vann samkeppni sem HB Grandi hélt að tilhlutan Faxaflóahafna.

### Framlag sjávarútvegs

Þúfan er á útivistarsvæði fyrir almenning við höfnina í umsjón Faxaflóahafna. Hún á sér rætur í íslensku landslagi og íslenskri menningu en felur um leið í sér alþjóðleg minni um íhugunar- og tilbeiðslustaði, eins og listamaðurinn hefur sjálf orðað það. Ólöf hefur sagt að hinn fjölmenningarlegi heimur fiskvinnslunnar við Vesturhöfnina, þar sem talaður er fjöldi tungumála, hafi orðið sér innblástur.

Í næsta nágrenni við þúfuna eru nokkur öflugustu sjávarútvegsfyrirtæki landsins. Þar á sér stað verðmætasköpun á heimsmælikvarða í krafti þekkingar, hugvits og hátæknivæddra framleiðslufyrirtækja.

Árið 2013 nam verðmæti sjávarfangs sem landað var í Reykjavík tæpum 24 milljörðum. Það er meira en á nokkrum öðrum stað á landinu. Ný skýrsla sýnir að beint framlag sjávarútvegs í Reykjavík og á Akranesi er um 20 prósent af heildarframlagi sjávarútvegsins til landsframleiðslunnar. Hlutfall óbeins framlags, það er virðisauki sem skapast af aðföngum, þjónustu og vörum fyrir sjávarútveginn í Reykjavík, er að öllum líkindum mun hærra.

Nýtt aðalskipulag borgarinnar tryggir sjávarútveginum nægt svigrúm til að dafna og þróast næstu áratugi við gömlu höfnina.

### Umhverfið

Kröfur til þjónustufyrirtækja á borð við Faxaflóahafnir hf. aukast sífellt, eins og von er. Hafnirnar þjóna trillukörlum, hvalaskoðunarfyrirtækjum, stórum togurum, hátæknivæddri fiskvinnslu, stærstu inn- og útflutningsfyrirtækjum landsins, stóriðjufyrirtækjum, varðskipum, skútum og skemmtiferðaskipum, svo eitthvað sé nefnt.

Kröfur viðskiptavinanna snúast um skilvirka þjónustu og góða aðstöðu. Eigendur fyrirtækisins, fjögur sveitarfélög, gera á sama tíma kröfur um hagkvæman rekstur og arðgreiðslur. Ársskýrslur sýna ár eftir ár að Faxaflóahafnir hf. eru vel rekið og ábyrgt fyrirtæki.

Faxaflóahafnir hafa á undanförnum árum lagt sérstaka áherslu á umhverfismál. Mikilvægt skref var stigið árið 2012 þegar fyrirtækið mótaði sér heildstæða umhverfisstefnu. Þeirri stefnu var fylgt eftir árið 2013 meðal annars með því að teymi óháðra sérfræðinga var ráðið til að gera úttekt á mengunarmælingum á stóriðjusvæðinu við Grundartanga.

### Sólarkísill

Niðurstöðurnar sýndu að rétt væri staðið að mælingum, þær sýndu réttar niðurstöður og að mengunarstaðlar væru í takt við alþjóðlega staðla. Þeir væru jafnvel ívið strangari hér á landi. En skýrslan sýndi líka að mengun vegna brennisteinstvíoxíðs, flúors og svifryks væri að ná þolmörkum við jaðar svæðisins.

Þessar niðurstöður hafa síðan reynst fyrirtækinu vel við val á iðnaðarfyrirtækjum inn á Grundar-

Landsvirkjun

Það er allt í lagi að það blási svolítið

Í Búrfellsstöð við Þjórsá er gagnvirk orkusýning og skammt norður af stöðinni eru fyrstu vindmyllur Landsvirkjunar. Þeim er ætlað að veita vísbendingar um framtíðarmöguleika í beislun íslenska roksins. Við vonum auðvitað að sumarið verði gott en okkur finnst líka allt í lagi þó það blási hressilega í 50 metra hæð yfir hraunsléttunni fyrir norðan Búrfell.

Velkomin í heimsókn í sumar!

Búrfellsstöð
Gagnvirk orkusýning er opin alla daga kl. 10–17, frá 1. júní.
Starfsfólk tekur á móti gestum við vindmyllurnar alla laugardaga í júlí kl. 13–17.
www.landsvirkjun.is/heimsoknir

**➔ Með samningi sem við höfum gert við velferðarráðuneytið höfum við tekið að okkur setu í mörgum starfshópum á vegum stjórnvalda.**

ungaráð í öllum sveitarfélögum nú að loknum sveitarstjórnarkosningum, og hefur því yfirleitt verið vel tekið. Með því væri kominn samstarfsgrundvöllur milli eldri borgara og sveitarstjórnarmanna. Og með því getum við haft áhrif á hvernig búið er að okkur í heimabyggð. Þannig hefur starf Landssambandsins verið að eflast mjög hin síðari ár, og á 25 ára afmælinu getum við litið yfir farinn veg með stolti og þakkað þeim sem hafa á liðnum árum unnið að málum okkar innan LEB af óeigingirni og lagt sig alla fram um að koma góðum málum áfram.

Ég vænti þess að þannig muni það verða áfram og Landssamband eldri borgara verði virkt og sterkt afl í þjóðfélaginu sem ekki er hægt að ganga fram hjá við ákvarðanatöku um hagsmunamál hins stóra hóps eldri borgara landsins.

Til hamingju með 25 ára afmælið.

**➔Nýtt aðalskipulag borgarinnar tryggir sjávarútvegnum nægt svigrúm til að dafna og þróast næstu áratugi við gömlu höfnina.**

tanga. Ekki kemur til greina að fá þangað fyrirtæki sem auka brennisteins- og flúormengun.

Um daginn undirrituðu forsvarsmenn Faxaflóahafna og bandaríska fyrirtækisins Silicor Materials viljayfirlýsingu um að fyrirtækið reisi kísilverksmiðju á Kataneslandi við Grundartanga sem framleiðir sólarkísil fyrir sólarrafhlöður. Framleiðslan byggist á splunkunýrri tækni sem gerir það að verkum að loftmengun frá starfseminni verður sama og engin. Kísilverksmiðjan skapar um 400 störf. Talsmenn Silicor fóru ekki leynt með þá skoðun sína að metnaðarfull umhverfisstefna Faxaflóahafna væri þeim að skapi. Hin hagkvæma og umhverfisvæna framleiðsluaðferð sem fyrirtækið hefur þróað á að skapa Silicor Materials mikilvægt markaðsforskot.

Það er alltaf að koma betur og betur í ljós að frumkvæði fyrirtækja í umhverfismálum borgar sig. Það er ekkert skrýtið. Við eigum allt okkar undir umhverfinu.


MIDNIGHT SUN MUSIC FESTIVAL × 20-22 JÚNÍ 2014

# SECRET × SOLSTICE

LAUGARDALUR-REYKJAVÍK × SECRETSOLSTICE.IS

FYRIR ÞÁ SEM KOMAST AÐEINS STAKA DAGA HÁTÍÐARINNAR

## TAKMARKAÐ MAGN DAGSMIÐA

VERÐ: FÖSTUDAGUR 11.900 KR. // LAUGARDAGUR 12.900 KR. // SUNNUDAGUR 9.900 KR.
ÞRIGGJA DAGA HÁTÍÐARPASSI 19.900 KR. // ÞRIGGJA DAGA VIP HÁTÍÐARPASSI 29.900 KR.
ATH. AÐEINS HÁTÍÐARPASSAR GILDA INN Í HEL (EKKI DAGSMIÐAR)

### 20 JÚNÍ FÖSTUDAGUR

| | × VALHÖLL × | | × GIMLI × | | × EMBLA × | | × ASKUR × |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 12:00 | EIVØR PÁLSDÓTTIR [FO] | 12:00 | RÚNAR ÞÓRISSON | 12:00 | LÁGTÍÐNI TAKEOVER: JULIA RUSLANOVNA | 12:00 | SKURKEN |
| 13:00 | BLOODGROUP | 13:00 | KÖTT GRÁ PJE | 12:40 | TANDRI | 12:40 | KERR |
| 14:00 | FUFANU | 14:00 | MOSI MUSIK | 13:20 | KING LUCKY | 13:20 | MICRO PONY |
| 15:00 | MOSES HIGHTOWER | 14:50 | MAFAMA | 14:00 | GHST [UK] | 14:10 | RAMI ALI [UK] |
| 16:00 | HE | 16:00 | LEAVES | 15:00 | EWOK | 15:15 | INTRO BEATS |
| 17:00 | MAUS | 17:00 | GERVISYKUR | 16:10 | RUSSIAN GIRLS | 16:30 | LEX LUCA [UK] |
| 18:20 | WOODKID [FR] | 17:50 | ALVIA ISLANDIA | 16:50 | SKENG&B | 18:00 | ARTWORK [UK] |
| 20:30 | EATS EVERYTHING [UK] B2B SKREAM [UK] | 18:20 | SHADES OF REYKJAVIK | 18:10 | AMY BECKER [UK] | 19:30 | ONEMAN [UK] |
| 22:30 | DISCLOSURE DJ [UK] | 19:20 | REAL EYES [US] | 19:30 | MY NU LENG [UK] | 21:00 | SUBB-AN [UK] |
| | | 21:20 | FOX TRAIN SAFARI | 21:00 | KLOSE-ONE [UK] | 22:30 | GORGON CITY [UK] |
| | | 22:30 | MOLOTOV JUKEBOX [UK] | 22:30 | ROBERT JAMES [UK] | | |

× HEL × the warehouse project — CROSSTOWN REBELS: REBELRAVE

| | |
|---|---|
| 21:00 | CLIVE HENRY [UK] |
| 22:30 | FRANCESCA LOMBARDO [UK] |
| 00:00 | APHROHEAD [US] |
| 01:30 | CARL CRAIG [US] |
| 03:00 | DAMIAN LAZARUS [UK] |
| 05:00 | LOKUN |

### 21. JÚNÍ LAUGARDAGUR

| | × VALHÖLL × | | × GIMLI × | | × EMBLA × | | × ASKUR × |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 12:00 | KALEO | 13:00 | RVK SOUNDSYSTEM | 12:00 | KANILSNÆLDUR | 12:00 | FUTUREGRAPHER |
| 13:00 | SÍSÝ EY | 15:10 | REYKJAVÍKURDÆTUR | 12:50 | VRONG | 12:40 | BARELY LEGAL [UK] |
| 13:55 | VÖK | 16:20 | AMABA DAMA | 13:40 | LORD PUSSWHIP | 13:40 | MONKEY WRENCH [UK] B2B SPOILS [UK] |
| 14:50 | MAMMÚT | 17:10 | OJBA RASTA | 14:30 | MARTEINN | 14:55 | TRUE TIGER [UK] |
| 15:50 | HJALTALÍN | 18:00 | ORIGINAL MELODY | 15:20 | KIDDI | 16:10 | LAFONTAINE |
| 17:00 | DISA | 19:00 | JOHNY AND THE REST | 16:20 | GEIMFARAR | 17:10 | EXOS |
| 18:00 | GLUTEUS MAXIMUS | 19:50 | DISCIPLES [UK] | 17:10 | SOLARIS SUNGLAZE | 18:10 | MUSHY [UK] |
| 19:10 | BANKS [US] | 21:10 | BRAIN POLICE | 18:30 | KSF | 19:30 | HARRIMANNN [UK] |
| 20:30 | MÚM | 22:00 | JAMIE LEWIS [UK] | 20:00 | BENSOL | 21:00 | BENTON [UK] |
| 22:30 | MASSIVE ATTACK [UK] | 23:00 | PY [UK] | 21:30 | EDDIE HOUSE | 22:30 | DOORLY [UK] |
| | | | | 22:45 | FRÍMANN | | |

× HEL × the warehouse project

| | |
|---|---|
| 14:00 | GREG LORD + KRYSKO [UK] |
| 15:30 | DJ MARGEIR |
| 16:45 | ELIPHINO [UK] |
| 17:45 | PALEMAN [UK] |
| 19:00 | JACKMASTER [UK] |
| 20:30 | ROB DA BANK [UK] |
| 22:00 | DROOG [UK] |
| 23:30 | BODDIKA [UK] |
| 01:00 | PAUL WOOLFORD [UK] |
| 02:45 | JAMIE JONES [UK] |
| 05.00 | LOKUN |

### 22. JÚNÍ SUNNUDAGUR

| | × VALHÖLL × | | × GIMLI × | | × EMBLA × (elements TAKEOVER) | | × ASKUR × |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 12:00 | HYMNALAYA | 12:00 | MODESART | 12:00 | ATLI KANILL | 12:00 | VIKTOR BIRGISS |
| 13:00 | ELÍN EY | 12:50 | STEVE SAMPLING | 12:40 | AXFJÖRÐ | 13:10 | ORANG VOLANTE |
| 13:40 | SNORRI HELGASON | 13:40 | WEIRDCORE TAKEOVER: CRYPTOCHROME | 13:20 | SEAN DANKE | 14:25 | OCULUS |
| 14:50 | DJ FLUGVÉL & GEIMSKIP | 14:30 | THIZONE | 14:00 | HENDRIK | 15:45 | OPEN SOURCE |
| 15:40 | SIN FANG | 15:20 | QUADRUPLOS | 15:00 | LAGAFFE TALES | 16:35 | ROB SHIELDS [UK] |
| 16:40 | BENNI B-RUFF | 16:10 | TANYA & MARLON | 16:00 | RIX | 17:45 | CONTROLFREQS [US] |
| 17:00 | DILLALUDE | 17:00 | BISTRO BOY | 17:00 | YAMAHO | 18:35 | HOUSEKELL |
| 17:50 | FORGOTTEN LORES | 17:50 | AGZILLA | 18:00 | PLASTIC LOVE [US] | 19:35 | KÁRI |
| 18:40 | CELL7 | 18:40 | HAZAR | 19:30 | CASANOVA | 20:30 | BEN PEARCE [UK] |
| 19:30 | ÚLFUR ÚLFUR | 19:30 | ÁRNI ² | 20:30 | CENTURY [MEX] | 22:00 | THE 2 BEARS [UK] |
| 20:10 | EMMSJÉ GAUTI | 20:20 | KIASMOS | 21:45 | GHOZT | | |
| 21:00 | XXX ROTTWEILER | 21:20 | HEROES IN HIDING [IRE] | 23.00 | SMOKIN JOE | | |
| 21:50 | GÍSLI PÁLMI | 22:20 | SOMETIME | | | | |
| 22:40 | ScHoolboy Q [US] | 23:20 | RUM BUFFALO [UK] | | | | |

× HEL × the warehouse project — MADTECH RECORDS TAKEOVER

| | |
|---|---|
| 15:00 | PY [UK] |
| 15:30 | MIA DORA [UK] |
| 17:00 | VOYEUR [UK] |
| 19:00 | JOSH BUTLER [UK] |
| 21:00 | WAZE & ODYSSEY [UK] |
| 23:00 | KERRI CHANDLER [US] |
| 01.00 | LOKUN |

ATH. DAGSKRÁ ER BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR.

18 ÁRA OG YNGRI ER HEIMILL AÐGANGUR Í FYLGD MEÐ FORRÁÐAMANNI. AÐGANGUR ÓKEYPIS FYRIR BÖRN YNGRI EN 8 ÁRA.

FOUNDING SPONSOR

MIÐASALA Á SECRETSOLSTICE.IS OG Í LUCKY RECORDS





# Niðurgreiðum tölvuleiki

Fyrir skömmu birtist í Fréttablaðinu sú ánægjulega frétt að tölvuleikir dragi úr glæpum og vímuefnanotkun íslenskra unglinga. Þessi frétt var studd ítarlegum rannsóknum norrænna afbrotafræðinga en sömu þróun mátti greina hjá öðrum Norðurlandaþjóðum.

Að mati sérfræðinganna eru helstu ástæður þess að tölvuleikir hafa þessi áhrif þær að unglingar séu meira heima hjá sér auk þess sem tölvuleikir og netið veiti þeim þá útrás sem þeir þurfa.

SAMFÉLAG



**Guðmundur Edgarsson**
málmenntafræðingur

### Tölvuleikir í almannaþágu

Þessi frétt er sem hvalreki á fjörur okkar félagshyggjufólks. Við sem tölum fyrir samfélagslegum jöfnuði trúum því nefnilega að skynsamleg ráðstöfun fjár felist helst í því að færa það úr vasa vinnandi fólks og yfir í vasa góðhjartaðra stjórnmálamanna til endurúthlutunar í þágu almannahagsmuna. Þannig höfum við alltaf barist fyrir sífellt myndarlegri niðurgreiðslum til íþrótta- og tómstundastarfs, svo sem knattspyrnuiðkunar og tónlistarnáms. Nú getum við bætt tölvuleikjum í þennan niðurgreiðslusarp enda sömu rök sem gilda fyrir niðurgreiðslum þar eins og í tilfelli íþróttaiðkunar og tónlistarnáms, það er að þá sé unga fólkið okkar síður líklegt til glæpaiðkunar eða vímuefnanotkunar.

### Mismunun eftir áhugamáli?

En hefur fjölskyldum í landinu þá ekki í raun verið mismunað fram að þessu? Hvað með einstæðu móðurina með börnin þrjú og ekkert þeirra með áhuga á íþróttum eða hljóðfæraleik heldur tölvuleikjum og netnotkun? Hún hefur hingað til þurft að vinna baki brotnu til að eiga fyrir þeim viðbótarsköttum sem farið hafa í niðurgreiðslur vegna áhugamála annarra barna. Því er morgunljóst að tími er kominn til að útvíkka þessar niðurgreiðslur svo að fjölskyldur með önnur áhugamál en íþróttir og hljóðfæraleik njóti þeirra einnig. Jafnvel kemur til álita að þessar fjölskyldur fái sanngirnisbætur fyrir að hafa farið á mis við þessar niðurgreiðslur öll þessi ár.

### Forgangsröðum í þágu barnanna

Ég legg því til að sveitarfélögin í landinu niðurgreiði tölvuleiki og netnotkun til jafns við þá upphæð sem fer í niðurgreiðslur vegna íþrótta- og tónlistariðkunar ungmenna að frístundakortunum meðtöldum. Slíkar niðurgreiðslur þurfa að taka mið af öllum þeim kostnaði sem tölvuleikir krefjast, svo sem kostnaði vegna kaupa á tölvum, heyrnartólum og niðurhali. Vissulega mikill kostnaður fyrir sveitarfélögin, en hvað gerum við ekki fyrir börnin okkar? Þetta er einungis spurning um forgangsröðun. Allir hljóta að vera sammála um það nema kannski helst þetta frjálshyggjulið sem vill bara að tölvuleikir séu bara svona einka-eitthvað.

# Váhrif – Nýyrði sem á fullan rétt á sér

Mörg nýyrði ná aldrei verðskuldaðri útbreiðslu hversu góð sem þau eru. Það er nokkuð góð trygging ef nýyrði eru búin til fyrir stofnanir, orðanefndir eða fyrirtæki.

NÝYRÐI



**Elísabet Halldórsdóttir**
bókasafnsfræðingur

Faðir minn Halldór Halldórsson, prófessor í íslensku, var mjög snjall nýyrðasmiður. Það er ekki öllum gefið þótt menntunin sé fyrir hendi. En faðir minn hafði mikinn áhuga á orðum sbr. doktorsritgerð hans Íslensk orðtök. Hans áhugi var mestur á sviði orðfræði, svo það er kannski engin tilviljun að hann vann mikið við nýyrðasmíðar.

Dæmi um orð sem náðu strax útbreiðslu voru orðin hyrna og ferna. Þegar Mjólkursamsalan breytti um umbúðir undir mjólk frá flöskum eða mjólkurpottum í umbúðir úr pappa var leitað í smiðju föður míns. Hann hafði oft þann sið að leggjast í sófa, ekki undir feld, heldur horfði hann á veggteppi, sem móðir mín hafði saumað og leitaði að villum í munstrinu. Svo eftir mislanga stund var orðið komið, en stundum liðu nokkrir dagar þangað til hann fann rétta orðið. Þannig fæddust orðin hyrna, sem var lýsandi fyrir lag umbúðanna og síðar ferna.

Nýyrði hans eru mýmörg og man ég fæst þeirra og þau sem hann vann með orðanefndum eða fyrir stofnanir kann ég fæst. Hann hirti líka lítið um að halda þeim til haga. Hann sóttist ekki eftir viðurkenningu, en það gladdi hann þegar þau hittu í mark.

### Ekki farið hátt

Eitt nýyrða föður míns er Váhrif, mjög snjallt að mínu viti, en hefur ekki farið hátt, enda aðeins einn maður reynt að koma því á framfæri. Þessi maður er Páll Eiríksson geðlæknir en árið 1996 var hann að skrifa grein um ferð sem hann fór til Suður-Afríku sem þátttakandi í alþjóðlegri sendinefnd sérfræðinga í PTSD (Post traumatic stress disorder), sem kvödd var til að undirlagi Nelson Mandela.

Orðin sem notuð eru hér yfir PTSD eru áfallastreita eða áfallastreituröskun, orð sem honum fannst ekki ná vel merkingu hugtaksins. Hann leitaði því til föður míns og skilgreindi hugtakið fyrir honum. Orðið sem faðir minn lagði til var Váhrif og fylgir skilgreining hans hér á eftir.

„Orðið vá er í til þess að gera gömlum nýyrðum notað um áföll, sérstaklega sem verða af slysum og náttúruhamförum sbr. vátrygging. Í samsettum orðum er orðið áhrif stundum stytt í hrif sbr. hughrif. Váhrif gæti þannig merkt áhrif, sem verða af hvers kyns áföllum s.s. slysum og náttúruhamförum. Við váhrif mætti síðan bæta orðum eins og hjálp eða meðferð, váhrifahjálp, váhrifameðferð eftir því sem við á hverju sinni.“

### Skilgreining Páls á hvað váhrif (PTSD) eru

„Vá má kalla það ástand/aðstæður, sem verða þess valdandi, að einstaklingnum finnst sér ógnað líkamlega/andlega þannig að hann óttist um líf sitt, heilsu og sjálfstæði, fjölskyldu, vina eða annarra. Þetta getur gerst skyndilega við snjóflóð, húsbruna, skipskaða, bílslys, rán, líkamsárás, nauðgun eða morð svo eitthvað sé nefnt. Einnig getur langvarandi líkamlegt eða andlegt ofbeldi eða líf í sífelldu óöryggi um líf og heilsu sína eða annarra sem manni þykir vænt um haft sömu áhrif. Ekki má heldur gleyma því, að mikill, margvíslegur, margfaldur eða síendurtekinn missir getur haft sömu áhrif. Missir ástvinar, sem verið hefur einstaklingnum allt, getur kippt fótunum undan þeim, sem eftir stendur.

Vá, þessi hræðilega ógnun, getur svo valdið váhrifum. Ástæðan er þær sterku tilfinningar, sem koma í kjölfar þessarar ógnunar og geta gert einstaklingnum ókleift að hugsa, tjá sig, hegða sér eða framkvæma hluti á venjulegan hátt. Einstaklingurinn stendur frammi fyrir vá, sem ruglar allt hans innra jafnvægi. Við höfum öll byggt upp okkar varnarhætti gegn sársauka, eins konar andlega brynju eða húð. Allt í einu eða eftir ógnun í langan tíma dugar þessi brynja ekki, hún brestur jafnvel í mél. Eftir stendur einstaklingurinn með gapandi sár. Hjálparleysi, vanmáttarkennd og ofsahræðsla getur gagntekið einstaklinginn.“

**➜ Hann hafði oft þann sið að leggjast í sófa, ekki undir feld, heldur horfði hann á veggteppi, sem móðir mín hafði saumað og leitaði að villum í munstrinu. Svo eftir mislanga stund var orðið komið, en stundum liðu nokkrir dagar þangað til hann fann rétta orðið.**

Sú staðreynd að Páll bjó erlendis þegar hann skrifaði greinina um Suður-Afríku og var ekki í miklum tengslum við fólk í geðlækningaog sálfræðistörfum hér heima varð sennilega til þess að fáir tóku eftir þessu orði. Hann notaði það þó ávallt þegar hann skrifaði greinar um váhrif og reyndi á annan hátt að koma því á framfæri.

Mig langar að leggja mitt lóð á vogarskálarnar og biðja lesendur að bera saman þessi orð.

Váhrif, áfallastreita, áfallastreituröskun.

Hvert þessara orða er meitlað, hlaðið merkingu, en stutt, lýsandi og hnitmiðað. Váhrif hlýtur mitt atkvæði.

# Er framtíð í vindorku?

Í fyrri grein minni í vindorku sagði ég frá vindlundi á eyjunni Hitra í Þrændalögum. Þar er komin tíu ára reynsla af 24 vindrafstöðvum á klapparholtum í um 300 metra hæð úti við Atlantshaf.

VINDORKA



**Einar Sveinbjörnsson**
veðurfræðingur

**➜ Helsti annmarki vindorkunnar er óstöðugur vindurinn, einkum yfir sumarmánuðina og algengi hægviðris. Dægursveifla er oft einkennandi fyrir vindafarið.**

Nýtingarhlutfallið á Hitra fyrstu árin reyndist vera 29%. Það er heldur lægra, en lagt var upp með þrátt fyrir ágætan meðalmeðalvind eða um 8,0 m/s í 50 metrum yfir jörðu. Á Hafinu ofan Búrfells væntа menn þess að meðalvindur í sömu hæð sé 10 m/s og meðalnýtingin geti farið yfir 40%. Vindmyllurnar á Hitra eru af eldri gerð og í stormi stöðvast þær við tiltölulega lágan vindstyrk. Suðvestanstormar eru þarna tíðir að haust- og vetrarlagi norður með vesturströnd Noregs og líklegt þykir mér að „dauður“ tími vegna storma hafi lækkað vænta orkuvinnslu á Hitra. Nýjustu gerðir vindrafstöðva nýta hvassan vind betur og aðeins mestu illviðri stöðva framleiðsluna alveg. Þrátt fyrir allt er helsti annmarki vindorkunnar sveiflur í framleiðslu, sérstaklega lengri og skemmri tímabil hægviðris þegar spáð arnir snúast löturhægt eða alls ekki.

Þrýstivindur er tiltölulega mikill á Íslandi. Hér á landi hafa mælingar í 10 metra hæð mjög víða sýnt að vindur blæs að jafnaði af ágætum styrk og ekki skiptir minna máli að hann er nokkuð stöðugur. Sviptivindar nærri fjöllum þykja þannig mikill ókostur og vélbúnaður slitnar líka hraðar og endingartíminn verður skemmri.

Hér á landi er víða lítið viðnám yfirborðs samanborið t.d. við N-Evrópu. Þetta á sérstaklega við um hálendisbrúnina og strandsvæði fjarri bröttum fjöllum. Fyrir vikið nær vindurinn sem blæs ofar höfðum okkar meiri styrk en annars væri. Það hefur aftur í för með sér að 40-60 m háar vindmyllur kunna að verða hagkvæmari, en þær sem eru 100 m og hannaðar eru til að komast upp úr iðusveipum nær jörðu þar sem viðnám er meira.

### Óvinur vindorku

Helsti annmarki vindorkunnar er óstöðugur vindurinn, einkum yfir sumarmánuðina og algengi hægviðris. Dægursveifla er oft einkennandi fyrir vindafarið. Hafgola eða annar sólfarsvindur er þá gjarnan í 4 til 6 klst. um og eftir miðjan daginn, en nánast logn frá kvöldi og fram á næsta dag.

Bent hefur verið réttilega á að samspil við vatnsafl geti haft úrslitaþýðingu fyrir hagkvæmni vindorku. Á veturna þegar vindorka er mest, eru vatnsaflsvirkjanir reknar með vatni í verulegum mæli frá miðlunum. Við jöklaleysingu síðla sumars fyllast oftast (en þó ekki alltaf) miðlunarlón með leysingarvatni frá jöklum. Umframvatn rennur þá stundum á yfirfalli til sjávar. Slíkt er vitanlega sóun. Samstjórn vindorku og vatnsafls kann að vera ógnandi og spennandi verkefni til að útvega þá orku sem þarf á hverjum tíma á sem hagkvæmastan hátt.

Hvort vindorka teljist fýsilegur kostur hér á landi ræðst mest af hagkvæmni í samanburði við tiltölulega ódýrt vatnsafl og jarðvarma. En víst er að vindur er víða nægjanlega mikill og aðstæður góðar á mörgum stöðum hér á landi. Jafnvel öfundsverðar segir erlent vindorkufólk sem glímir við lakari nýtingu. Á móti kemur að raforkuverðið þar er yfirleitt hærra, þó svo að vindorka sé stundum niðurgreidd sem vistvænn valkostur samanborið við gas- eða kolaorkuver.

# Um hraðamælingar og hraðatakmörk í þéttbýli

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur síðustu sex ár hraðamælt reglulega á völdum stöðum umdæmisins og notað til þess ómerkta lögreglubifreið. Mælingarnar eru að jafnaði gerðar á svipuðum tíma árs og dags með það að markmiði meðal annars að meta þróun ökuhraða milli ára. Niðurstöður mælinga eru í öllum tilvikum sendar viðkomandi sveitarfélögum.

UMFERÐ



**Kristján Ólafur Guðnason**
aðstoðaryfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu

**➜ Það er mat lögreglu að með þannig markvissum aðgerðum megi fækka brotum í umferð, auka enn virðingu ökumanna fyrir lögum og reglum og fækka slysum.**

Á þessum tíma hafa veghaldarar gert ýmsar breytingar á mælingarstöðunum, þeim vegarköflum sem mælt var á, leyfilegur hámarkshraði hækkaður eða lækkaður og hraðahindranir settar niður eða hraðaþrengingar. Áhugavert er að sjá hvaða áhrif þær höfðu á ökuhraða með vísan til hlutfalls þeirra ökumanna sem óku of hratt hverju sinni, brotahlutfalls. Nefna má nokkur dæmi.

Hraði í íbúðahverfi var lækkaður úr 50 í 30 kílómetra hraða miðað við klukkustund án þess að breytingar væru gerðar á vegarkaflanum að öðru leyti. Mælingar lögreglu fyrir lækkun sýndu brotahlutfall sem var að meðaltali tvö prósent. Eftir lækkun leyfilegs hámarkshraða hækkaði hlutfallið í 36 og allt upp í 68%. Meðaltalið var 52%. Aðrar sambærilegar aðgerðir á vegarköflum þar sem hraði var lækkaður án þess að aðrar hraðalækkandi aðgerðir hafi fylgt, hafa leitt til hækkaðs brotahlutfalls. Ökuhraði virðist svipaður fyrir og eftir lækkun. Dæmi um vegarkafla þar sem leyfilegur hámarkshraði var hækkaður sýnir áþekka niðurstöðu. Á stofnbraut milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur var hraði hækkaður úr 70 í 80. Brotahlutfall fyrir breytingu var 25% en 8% ef miðað hefði verið við 80 kílómetra leyfðan hámarkshraða. Í mælingum eftir hækkun var brotahlutfall frá 8 til 13% eða 11% að meðaltali. Ekki var því að sjá mikla breytingu á aksturshraða þrátt fyrir hækkun leyfilegs hámarkshraða.

Til viðbótar þessum niðurstöðum hafa mælingar lögreglu sýnt að brotahlutfall helst mjög stöðugt milli ára þar sem ásýnd vega og umhverfi er óbreytt.

### Góður árangur

Þar sem breytingar hins vegar hafa verið gerðar á götum til lækkunar hraða, til að mynda settar hraðahindranir eða hraðaþrengingar, hefur góður árangur náðst. Má þar nefna götu í íbúðahverfi þar sem meðalbrotahlutfall var 53% en enginn mældist brotlegur eftir að hraðahindranir voru settar niður. Annað dæmi af sama meiði er gata þar sem meðalbrotahlutfall var 19% en 1% eftir aðgerðir.

Þær upplýsingar sem fyrir liggja og hér eru nefndar, gefa vísbendingar um að umhverfi vega og ásýnd hafi mikið að segja um ökuhraða. Mikilvægt sýnist því að veghönnun og skipulag hverfa taki mið af þeim hraða sem áætlanir gera ráð fyrir þannig að ökumönnum sem um fara megi vera það ljóst af umhverfi ekki síður en merkingum hver leyfður hraði er. Hraðatakmarkandi aðgerðir eftir á myndu þar með ónauðsynlegar.

Þá er og mikilvægt að núverandi hraðamörk taki mið af þessu, verði hækkuð þar sem ljóst er að samræmi milli leyfðs hraða og umhverfis er lítið og slysatíðni lág eða engin, en hraðatakmarkandi aðgerðum beitt að öðrum kosti. Það er mat lögreglu að með þannig markvissum aðgerðum megi fækka brotum í umferð, auka enn virðingu ökumanna fyrir lögum og reglum og fækka slysum.



# Dagskrá 17. júní 2014 í Reykjavík

**Kl. 09:55**
**Samhljómur kirkjuklukkna í Reykjavík**

**Kl.10:15**
**Guðsþjónusta í Dómkirkjunni**
Sr. Valgeir Ástráðsson predikar, biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir og sr. Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur þjóna fyrir altari
Dómkórinn syngur undir stjórn Kára Þormar. Einsöngvari er Vígþór Sjafnar Zóphaníasson

**Kl. 11:10**
**Athöfn á Austurvelli**
Hátíðardagskrá á vegum Alþingis og Forsætisráðuneytisins
Karlakórinn Heimir syngur Yfir voru ættarlandi. Stjórnandi er Stefán R. Gíslason
Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, leggur blómsveig frá íslensku þjóðinni að minnisvarða Jóns Sigurðssonar
Karlakórinn Heimir syngur þjóðsönginn
Hátíðarræða forsætisráðherra, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar
Drengjakór Reykjavíkur syngur Hver á sér fegra föðurland. Stjórnandi er Friðrik S. Kristinsson
Ávarp fjallkonunnar
Lúðrasveit Reykjavíkur leikur Ég vil elska mitt land. Stjórnandi er Lárus H. Grímsson

**Kl 11:50**
**Skrúðganga frá Austurvelli í kirkjugarðinn við Suðurgötu**
Forseti borgarstjórnar, Sóley Tómasdóttir, leggur blómsveig frá Reykvíkingum á leiði Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur
Lúðrasveit Reykjavíkur leikur

**Kl. 12:15 – 16**
**Akstur fornbíla og sýningar**
Hópakstur Fornbílaklúbbsins og sýning við Arnarhól
Hópakstur Krúsers og sýning á Skothúsvegi. Krúserbandið leikur kl. 15

**Kl. 13:00**
**Skrúðgöngur**
Skrúðganga frá Hlemmi niður Laugaveg. Lúðrasveitin Svanur og Lúðrasveit Reykjavíkur leika og Götuleikhúsið tekur þátt.
Skrúðganga frá Hagatorgi í Hljómskálagarð. Lúðrasveit verkalýðsins leikur

**Kl. 13 – 18**
**Hljómskálagarður**
Skátaland verður með leiktæki, þrautabrautir og fleira. Ókeypis er í leiktækin í garðinum
Barna og fjölskyldudagskrá á sviði, íþróttasýningar, fjölskyldudansleikur og víkingafélagið Einherjar

**Kl. 13:30**
**Barna- og fjölskylduskemmtun á Arnarhóli**
13:30 Gunni og Felix
13:40 Latibær
14:00 Sirkus Íslands
14:10 Dansflokkurinn Rebel
14:20 Gói og Gloría úr Stundinni okkar
14:35 Danslistarskóli JSB
15:00 Bjartmar Guðlaugsson
15:15 Lína langsokkur
15:30 Dansskóli Birnu Björns
15:40 Dans Brynju Péturs
15:45 Sirkuslistamennirnir Jay og Kyle
16:00 Danshópur frá Kramhúsinu
16:10 Söngvaborg
16:35 Gunni og Felix
16:50 Pollapönk

**Kl. 13:30**
**Afmælisveisla í Ráðhúsinu**
Dagskrá í tilefni af 70 ára afmæli lýðveldisins
13:30 Ávarp Evu Einarsdóttur, formanns Þjóðhátíðarnefndar
13:35 Frigus liberi opna listsmiðju fyrir börn
13:35 Fjallkonan fríð. Leikkonurnar Thelma Marín Jónsdóttir, Hafdís Helga Helgadóttir og Katrín Helga Andrésdóttir flytja ávörp fjallkonunnar 1944-2014
15:45 Lög íslenska lýðveldisins. Guðrún Gunnarsdóttir, Þór Breiðfjörð og Pálmi Sigurhjartarson flytja úrval sönglaga síðustu 70 ára
17:00 Alþjóðatorg ungmenna sýnir leikverkið Ragnarrök en þátttakendur eru frá fjölmörgum þjóðlöndum

**Kl. 13:30-17**
**Sirkustorg á Ingólfstorgi**
Sirkus Íslands með götuleikhús og sirkusskóla
Sirkussýningar kl. 14:15, 15:30 og 16:30

**Kl. 13:30 og 14:30**
**Brúðubíllinn í Hallargarði**
Brúðuleiksýningin Ys og þys í Brúðubílnum!

**Kl. 13:30**
**Barna- og fjölskylduskemmtun í Hljómskálagarði**
13:30 Trúða og töfrasýningin Te fyrir tvo
14:00 Tóti trúður
14:20 Ævintýri Jónatans og Pálu. Stoppleikhópurinn
14:35 Fimleikasýning frá Ármanni
14:50 Ju Jitsufélag Reykjavíkur
15:05 Aikido sýning
15:20 Ungi litli. Leikhópurinn Perlan
15:25 Tatyana
15:30 Sönghópurinn Gengin af göflurunum?
15:45 Halldóra Björg
15:55 Fjölskyldudansleikur með Fjörkörlunum
16:35 Kung fu sýning
16:50 Skylmingafélag Reykjavíkur

**Kl. 13:30**
**Þjóðsöngur í Hörpu**
Dagskrá í Eldborgarsal
13:30 Lúðrasveitin Svanur og Bavarian Brass Band
13:45 Karlakórinn Heimir
14:00 Garðar Cortes stýrir fjöldasöng
14:15 Bjartmar Guðlaugsson
14:30 Danshópur frá Kramhúsinu
14:40 Sönghópurinn Gengin af göflurunum?
14:50 Sirkuslistamennirnir Jay og Kyle
15:05 Lúðrasveitin Svanur og Bavarian Brass Band

**Kl. 13:30**
**17. júnímót í siglingum**
Siglingakeppni hefst frá Ingólfsgarði (á bak við Hörpu). Opið hús hjá Siglingaklúbbnum Brokey og bátar til sýnis

**Kl. 13:30-17**
**Listhópar Hins Hússins**
Götuleikhúsið fer í skrúðgöngu og leikur lausum hala í miðbænum
Frigus liberi reka listsmiðju fyrir börn í Ráðhúsinu
Dúettinn Par framkallar ljúfa tóna í kvosinni
Ljóðaþjónustan reisir Yrkjald við styttu Tómasar þar sem gestir geta ílengst undir neonklæddum himni
Listhópurinn ROF verður á ferli en markmið hópsins er að veita fólki sýn inn í hliðstæðan veruleika
Fritz Hendrik IV mun koma áríðandi skilaboðum á framfæri á göngu sinni um miðbæinn
Þrjár Basískar rappa á svölunum á Sólon kl. 14 og í Hörpu kl. 15:15
Hljómsveitin HarmóníaSjarmónía leikur á Austurvelli kl. 14:30 og á Arnarhóli kl. 19:30
Sönghópurinn Norrington treður upp á götum og torgum og í Höpu kl. 16:25
Hljómsveitin White Signal leikur á Austurvelli kl. 16:40 og á Arnarhóli kl. 19:15

**Kl. 14**
**Tónleikar á Austurvelli**
14:00 Sænskur kór frá Norrköping
14:30 HarmóníaSjarmónía
15:00 Mamíko Dís Ragnarsdóttir
15:10 Beebee and the Bluebirds
15:40 Belleville
16:00 Skuggamyndir frá Býsans
16:40 White Signal
17:10 Opinn hljóðnemi og lifandi karaoke. Komdu með gítarinn eða upptekinn undirleik og taktu lagið eða syngdu karaoke við undirleik Pálma Sigurhjartarsonar

**Kl. 14-16**
**Sólskoðun á Austurvelli**
Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness og Stjörnufræðivefurinn

**Kl. 14**
**Kraftakeppni við Ráðhúsið**
Bændaganga í Vonarstræti í keppninni Sterkasti maður Íslands

**Kl. 14-16**
**Fjöltefli á Útitaflinu**
Skákakademía Reykjavíkur stendur fyrir fjöltefli á Bernhöftstorfu

**Kl. 14:30**
**Hátíð í Hörpu**
Ýmis skemmtiatriði á Hörputorgi og/eða í Munnhörpuhorni
14:30 Ungmennakórinn Mixtum
15:00 Trúða og töfrasýningin Te fyrir tvo
15:15 Þrjár Basískar
15:30 Alþjóðlega tónlistarakademían
15:40 Bollywoodhópurinn Parvati
15:55 Björn Thoroddsen
16:15 Mamiko Dís Ragnarsdóttir
16:25 Sönghópurinn Norrington
16:45 Háskóladansinn
17:05 Hljómsveitin Belleville
17:25 Salsalceland

**Kl. 16**
**Bænastund í Hallgrímskirkju**
Bænastund fyrir Íslandi með þátttöku fjölmargra kristinna trúfélaga. Börnin velkomin

**Kl. 16**
**Fjölskyldujóga í Hallargarði**
Jógahjartað með jógatíma með dansi, söng og gongslökun

**Kl. 17**
**Dansleikur á Ingólfstorgi**
Dansfélagið Komið og dansið býður alla velkomna í létta danssveiflu

**Kl. 19**
**Tónleikar á Arnarhóli**
19:00 Lucy in Blue
19:15 White Signal
19:30 HarmóníaSjarmónía
19:45 Vio
20:00 Vök
20:15 Mono Town
20:50 Cell 7
21:20 Mammút

**Kl. 20**
**Harmónikuball í Ráðhúsi**
Léttsveit Harmónikufélags Reykjavíkur leikur fyrir dansi

**Kl. 22**
**Dagskrárlok**

**Akstursleið Strætó 17. júní að og frá miðbæ Reykjavíkur**
Hverfisgata og Lækjargata eru lokaðar fyrir umferð vagna
**Laugardagsakstur frá 09:00-20:00**
Eftir það er hefðbundinn akstur



strætó.is

**Hátíðarsvæði**
Skipulagt hátíðarsvæði er Kvosin þ.á.m. Austurvöllur, Kirkjustræti, Templarasund, Ingólfstorg, Arnarhóll, Tjarnargarður og Reykjavíkurhöfn. Umferð bifreiða er takmörkuð um þessi svæði og torgsala er óheimil án leyfis. Umsjón með dagskrá þjóðhátíðar í Reykjavík hefur þjóðhátíðarnefnd á vegum Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur en Hitt Húsið sér um framkvæmdina.

**Týnd börn**
Upplýsingar um týnd börn í stjórnstöðinni í Hinu Húsinu Pósthússtræti 3-5, sími 411 5500

**Leigubílar og aðkoma fatlaðra**
Vegna lokunar miðbæjarins fyrir bílaumferð eru hefðbundin stæði leigubíla lokuð en leigubílum verður búin aðstaða vestast á Bakkastæði við Kolaportið. Aðkoma fatlaðra að hátíðarsvæðinu er á sama stað

17.JÚNÍ 1944-2014

†



Móðir mín, tengdamóðir, amma og vinkona,

**ÞYRI Á. JÓNSDÓTTIR**
**Stigahlíð 26, Reykjavík,**

lést fimmtudaginn 5. júní á lungnadeild Landspítalans. Hún verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn 20. júní kl. 11.00.

**Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir, V. Sverrir Valgarðsson,**
**Valgarð Daði Valgarðsson, Sigurjón Valgarðsson**
**Andrés Bertelsson**

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við útför og andlát okkar ástkæru

**VALDÍSAR HALLDÓRSDÓTTUR**
**áður Kvisthaga 27, Reykjavík**
**og Lækjarbrún 8, Hveragerði.**

**Hjördís Halldórsdóttir og fjölskylda**
**börn Gunnars Eggertssonar og fjölskyldur þeirra.**

†



Ástkær faðir okkar og afi,

**ANDRÉS SIGURÐSSON**
**þýðandi,**

lést þann 1. júní síðastliðinn á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Við þökkum auðsýnda samúð og viljum færa sérstakar þakkir til starfsfólks deildar 11G á Landspítalanum.

**Sigurlína Andrésdóttir**
**Sighvatur Andrésson**
**Ómar Andrés Ottósson**

†



Útför elsku eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**ÞORBJARNAR DANÍELSSONAR**
**fluggagnafræðings,**
**Álfhólsvegi 105, Kópavogi,**

sem lést á Landspítalanum mánudaginn 9. júní síðastliðinn fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 19. júní kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á ABC barnahjálp.

**Anna Jóna Guðjónsdóttir**
**Helga Magnea Þorbjarnardóttir** **Helgi Jónsson**
**Anna Margrét Þorbjarnardóttir** **Styrmir Geir Ólafsson**
**Þorbjörg Ásta Þorbjarnardóttir** **Gavin Anthony**
**Marinó Muggur Þorbjarnarson** **Íris Sveinbjörnsdóttir**
**Guðjóna Björk Þorbjarnardóttir**
**Sigríður Ósk K. Þorbjarnardóttir** **Viktor K. Kamenov**
**og barnabörn.**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ERLENDUR BJÖRNSSON**
**Hvoli, Álftanesi,**

verður jarðsettur frá Bessastaðakirkju miðvikudaginn 18. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, þeim sem vilja minnast þess látna er bent á líknarstofnanir.

**Auður Aðalsteinsdóttir**
**Guðný Steina Erlendsdóttir**
**Björn Erlendsson** **Steinunn Guðbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

†



Þökkum fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát ástkærs eiginmanns míns og fósturföður okkar,

**HERMANNS ÞORSTEINSSONAR**
**Espigerði 2 (Þórsgötu 9).**

Hjúkrunarfólki og læknum Landspítalans þökkum við einstaka umönnun, nærgætni og hlýju. Sérstakar kveðjur til starfsfólks Vífilsstaðaspítala.

**Helga Rakel Stefnisdóttir**
**Steinunn Sara Helgudóttir**
**María Helgudóttir**

†



Af hjarta þökkum við öllum þeim er auðsýndu okkur samúð og hluttekningu við andlát og útför okkar elskulega

**BJÖRNS R. EINARSSONAR**
**hljómsveitarstjóra.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grundar.
Guð blessi ykkur öll.

**Gunnar Björnsson** **Ágústa Ágústsdóttir**
**Björn Björnsson** **Hrönn Scheving**
**Ásta Jónsdóttir**
**Ragnheiður Björnsdóttir** **Ásmundur G. Vilhjálmsson**
**Oddur Björnsson** **Ásta Kristín Gunnarsdóttir**
**Jón Björnsson** **María Alexandersdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

†



Móðir mín, systir okkar og mágkona,

**JÓNÍNA BORGHILDUR SIGURJÓNSDÓTTIR**
**Hraunstíg 2, Hafnarfirði,**

lést þann 11. júní á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 20. júní kl. 13.00.

**Alfreð Þór Nikulásson**
**Þórarinn Sigurjónsson**
**Ingólfur Sigurjónsson** **Sigurlín Hermannsdóttir**

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐLAUG SVANFRÍÐUR KARVELSDÓTTIR**
**sjúkraliði,**
**Norðurstíg 5, Ytri-Njarðvík,**

lést á Nesvöllum í Reykjanesbæ þriðjudaginn 10. júní. Jarðsungið verður frá Ytri-Njarðvíkurkirkju 19. júní kl. 13.00.

**Guðrún Fjóla Gränz, Anna Margrét Ákadóttir Gränz,**
**Sólveig Björk Gränz, Karvel Gränz, Karl Bergur Gränz**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, amma, langamma og tengdamóðir,

**JÓHANNA MARGRÉT INGÓLFSDÓTTIR**
**Kleppsvegi 62, Reykjavík,**

lést miðvikudaginn 11. júní á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin verður auglýst síðar.

**Sveinn Sigmundsson**
**Lára, Sigrún, Katrín og fjölskyldur.**

†



Ástkær eiginmaður minn, stjúpfaðir minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**REYNIR HUGASON**
**verkfræðingur,**

andaðist að heimili sínu, Smáratúni 3, Selfossi, miðvikudaginn 11. júní síðastliðinn.

**Ruzhen Yang Hugason**
**Zhuziyu Kang**
**Mímir Reynisson og Shari Agatstein**
**Gígja Reynisdóttir og Govert Jan Tromp**
**Elma Lind, Inara Sóley og Sunna Gló**
**og systkinin.**

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**ELÍSABET ERLINGSDÓTTIR**

sem lést 5. júní verður jarðsungin fimmtudaginn 19. júní kl. 15.00 frá Langholtskirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnast hinnar látnu er bent á Minningarsjóð líknardeildar og heimahlynningar.

**Atli Ásbergs**
**Anna Rún Atladóttir** **Agnar Sturla Helgason**
**Hrafnhildur Atladóttir** **Mika Pelo**
**Atli Snorri, Guðrún Diljá og Andri Vilhelm**



**AKRANES** Staðurinn var orðinn útgerðarstaður áður en hann fékk verslunarréttindin.

# Akratorgið fær nýjan svip

Akurnesingar opna nýjan matar- og antikmarkað í dag við Akratorg sem einnig verður vígt eftir gagngerar endurbætur. Með því fagna þeir því að 150 ár eru liðin frá því Kristján IX gaf út konungsbréf um að verslunarstaðurinn við Lambhúsasund á Skipaskaga fékk löggild verslunarréttindi. Einnig hefur kort með yfirliti yfir búðir bæjarins verið gefið út.

Á markaðinum verða vörur frá Vesturlandi í aðalhlutverki en einnig ávaxtatré og arabískir réttir.

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**SIGURLAUGAR ERLU JÓHANNESDÓTTUR**
**hjúkrunarfræðings,**
**frá Gauksstöðum í Garði,**
**Þorragötu 9, Reykjavík.**

Starfsfólki líknardeildar og Heimahlynningar er sérstaklega þökkuð ómetanleg aðstoð og umhyggja.

**Jón G. Tómasson**
**Helga Matthildur Jónsdóttir** **Rafn B. Rafnsson**
**Tómas Jónsson** **Áslaug Briem**
**Sigríður María Jónsdóttir** **Björn Bjartmarz**
**og barnabörnin.**

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**STEINUNN THORARENSEN**
**Hulduhlíð 11,**

lést að morgni 10. júní sl. á Landspítalanum við Hringbraut. Útför hennar fer fram miðvikudaginn 18. júní frá Bústaðakirkju klukkan 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ólafur Grétar Óskarsson**
**Margeir Ólafsson**
**Ólafur Agnar Thorarensen**
**Axel Thorarensen** **Hilde B. Hundstuen**
**Grétar Fannar Ó. Thorarensen** **Vigdís Erna Þorsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**KJARTAN JÓHANNES ÞORGEIRSSON**
**Álfaskeiði 83, Hafnarfirði,**

lést á heimili sínu 8. júní. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 20. júní kl. 15.00. Þeir sem vilja minnast hans láti Sjálfsbjörgu eða Karítas njóta þess.

**Sólborg Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Kjartansson** **Auður Anna Pedersen**
**Sigríður Kjartansdóttir** **Lars Landgren**
**Valur Geir Kjartansson** **Viktoría S. Ámundadóttir**
**Þorgeir Jóhannes Kjartansson** **Anna Katrín Eiríksdóttir**
**afa- og langafabörn.**

†



Ástkær eiginmaður minn, bróðir okkar, mágur og frændi,

**SIGURGEIR ÓSKARSSON**
**matreiðslumeistari,**
**til heimilis í Danmörku,**

lést þann 11. júní síðastliðinn í Taílandi. Útförin auglýst síðar.

**Shuichi Sumimoto**
**Laufey Óskarsdóttir** **Óskar Guðmundsson**
**Hafsteinn Óskarsson** **Aase Oskarsson**
**Arnbjörn Óskarsson** **Sólveig Haraldsdóttir**
**og frændsystkini.**

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




## SAUTJÁNDI JÚNÍ

Hátíðarhöld verða um land allt í dag í tilefni þjóðhátíðardagsins. Athöfn hefst á Austurvelli kl. 11.10 og skrúðganga verður frá Hlemmi kl. 13. Götuleikhúsið verður með í göngunni. Barna- og fjölskylduskemmtun hefst á Arnarhóli kl. 13.30 og í Hljómskálagarði. Margt verður um að vera um allan bæ og rétt að kynna sér auglýsta dagskrá.





Húsgagnahreinsun fyrir alla muni

Eldshöfða 1 S: 577-5000

Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is




**HENTAR ÖLLUM** Roseberry tryggir árangur gegn blöðrubólgu hjá konum og körlum.

# EKKI LÁTA BLÖÐRUBÓLGU SKEMMA FRÍIÐ

**GENGUR VEL** *Roseberry er öflug, fljótvirk og fyrirbyggjandi lausn gegn blöðrubólgu og hentar fyrir alla.*

Roseberry er náttúrulegt þrívirkt efni gegn blöðrubólgu sem hefur verið fáanlegt hérlendis í tvö ár. Blöðrubólga er algengur kvilli og fá konur hana mun oftar en karlar. Sennilega má rekja hærri tíðni meðal kvenna til þess að þær hafa mun styttri þvagrás en karlar. Roseberry hentar bæði konum og körlum.




### ÞRÍVIRK ÖFLUG BLANDA TRYGGIR ÁRANGUR

Roseberry inniheldur þykkni úr trönuberjum með háu hlutfalli af PAC, sem er virkasta efnið í þykkninu, læknakólfi (hibiscus) og C-vítamíni sem gefur þríhliða virkni og skjóta lausn gegn óþægindum vegna blöðrubólgu.

### FYRIRBYGGJANDI AÐGERÐIR

Þeir sem hættast er við blöðrubólgu eru kyrrsetufólk, fatlaðir, yngri konur og konur á breytingaaldri. Lykilatriði til þess að forðast þennan sársaukafulla og leiða kvilla er meðal annars að hreyfa sig, drekka ríkulega af vatni, þrífa vel kynfærasvæði eftir klósettferðir og kynlíf og að vera í hreinum nærfatnaði.

### SKJÓTUR ÁRANGUR Í KÖNNUN

Framleiðandinn Mezina í Danmörku prófaði Roseberry á hópi fólks sem bundinn var við hjólastól og þjáðist af blöðrubólgu og varð árangurinn skjótur hjá 90% þátttakenda í könnuninni.

Roseberry er unnið úr náttúrulegum efnum og ættu allir sem þjást af þessum kvilla að prófa það.

Ráðlegt er fyrir þá sem eru með mikil einkenni að taka inn þrjár töflur á dag í þrjátíu daga en þeir sem vilja fyrirbyggja þennan kvilla taka inn eina til tvær töflur. Gott er að taka töflurnar áður en farið er að sofa.

### SÖLUSTAÐIR

**Roseberry er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar eru á www.gengurvel.is**


# NÝ SENDING KOMIN

*Aptiless seldist upp á augabragði, enda mest selda fitubrennsluefnið í Noregi og Svíþjóð. Þökkum frábærar viðtökur.*

**Færri kíló - Minna ummál með spínat extrakt** Nýtt á Íslandi

**Aptiless** fæst eingöngu í Noregi, Svíþjóð og nú á Íslandi. Hungurtilfinning minnkar strax frá fyrstu notkun. Inniheldur yfir 100 mismunandi próteinefni. Einn skammtur jafngildir fimm bollum af fersku spínati en ***Thylakoids*** *dregur úr hungri Eykur mettun - Minnkar sykurlöngun - Jafnar blóðsykur - Lækkar blóðfitu, kólesterol og blóðþrýsting - Minnkar ummál - Fækkar aukakílóum - Eykur orku - Bætir þarmaflóru. 100% náttúrulegt*

**Vísindaleg sönnun á virkni**

*Rannsóknir gerðar af Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð ásamt fleiri virtum rannsóknarstofnunum. **Nýtt í heiminum - nýtt á Íslandi***

Ein merkasta nýja uppgötvunin sem gerð hefur verið í heiminum í dag



Dr. Charlotte Erlanson-Albertsson, Prófessor við Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð
mynd:Kennet Ruona




Umboð: www.vitex.is

Fæst í 14 og 28 daga skömmtum. Útsölustaðir flest apótek og heilsubúðir.



# VAKA
Á VERÐI FYRIR ÞIG

Skútuvogur 8 • 104 Reykjavík • Sími 567 6700 • www.vakahf.is

Dekkjasala og þjónusta | Bifreiðaverkstæði | Varahlutir | Bifreiðaflutningar | Endurvinnsla bifreiða

# ÁVERKUM Á HÖFÐI FÆKKAR

**RANNSÓKN** *Nýgengi koma og innlagna Reykvíkinga á Landspítala vegna áverka á höfði hefur farið lækkandi síðasta áratuginn. Þetta kemur fram í rannsókn sem birt var í 6. tölublaði Læknablaðsins í ár.*

Markmið rannsóknarinnar var að gera heildarúttekt á komum á bráðadeild Landspítala vegna áverka á höfði og meðal annars að athuga nýgengi, eðli og alvarleika áverkanna. Brynjólfur Mogensen, dósent og yfirlæknir á bráðasviði Landspítala, bar ábyrgð á rannsókninni og var helsti hvatamaður að henni. „Höfuðáverkar eru algengir en enginn virðist hafa nálgast verkefnið á þennan hátt áður. Aðrar rannsóknir hafa tekið fyrir til dæmis heilaáverka, augnáverka eða andlitsáverka en enginn hefur tekið fyrir alla höfuðáverka,“ segir Brynjólfur en í skýrslunni er bent á að áverkar á höfði séu algeng afleiðing slysa og ofbeldis. Þeir geti haft varanlegar afleiðingar í för með sér og séu ein af meginorsökum ótímabærs dauða.



**BRYNJÓLFUR MOGENSEN**

Í rannsókninni voru skoðaðar afturvirkt allar komur Reykvíkinga á Landspítala vegna áverka á höfði á árunum 2000-2005 og 2008-2009. Upplýsingum var safnað úr sjúkraskrárkerfum Landspítala. Áverkarnir voru flokkaðir í mjúkpartaáverka, augnáverka, höfuðbeinaáverka, innankúpu- og heilataugaáverka og fjöláverka.

Brynjólfur segir niðurstöðurnar hafa komið nokkuð á óvart. „Það hefur átt sér stað mjög jákvæð þróun. Höfuðáverkum hefur fækkað verulega og við stöndum okkur vel í samanburði við aðra,“ segir hann. Á átta árum kom 35.031 Reykvíkingur á Landspítala vegna áverka á höfði. Karlar voru í miklum meirihluta eða 67 prósent. Meðalaldur þeirra sem leituðu sér hjálpar var 26 ár.

Börn á aldrinum 0 til 4 ára voru fjölmennasti hópurinn (20,8 prósent), 5–9 ára börn voru 11,5 prósent hópsins og ungmenni á aldrinum 20 til 24 ára voru 9,4 prósent.

Í rannsókninni kemur fram að flestir áverkanna stafa af slysum og öðrum óhöppum. Börn yngri en tíu ára hlutu áverka á höfði nær undantekningarlaust vegna slysa eða annarra óhappa. Í aldurshópnum 15-29 ára var hlutfallið komið niður í 64 prósent og nærri þriðjungur orsakaður af slagsmálum og ofbeldi en karlar verða oftar fyrir slíku en konur. Sjúkdómar ollu nær 10 prósentum af áverkum á höfði hjá 75 ára og eldri. Þá eru yfirlið einnig nefnd sem algeng ástæða fyrir slysum og áverkum eldri borgara.

Af niðurstöðum rannsóknarinnar má sjá að nýgengi koma og innlagna Reykvíkinga á Landspítala vegna áverka á höfði hefur farið lækkandi síðasta áratuginn, lækkaði úr 4,2 prósentum árið 2000 í 3,3 prósent árið 2009. Ástæður þessa eru sagðar geta verið margvíslegar, en líklegt er talið að aukin vitund fólks um slys og slysahættur, til dæmis á heimilum og í frítíma, aukin notkun bílbelta, aukinn áróður fyrir umferðaröryggi, bætt gatnakerfi, aukin löggæsla og hjálmanotkun hafi skilað þessum árangri. Sambærileg þróun sást til að mynda í fjölda andláta í umferðarslysum á rannsóknartímabilinu.

Bent er á í rannsókninni að á Íslandi hafi verið unnið öflugt starf í slysaforvörnum barna síðastliðna tvo áratugi. Góður árangur hafi náðst, eins og sjáist í nýlegri skýrslu frá evrópskum stýrihóp um slysavarnir barna, þar sem Ísland fær hæstu einkunn fyrir frammistöðu í barnaslysavörnum.

■ solveig@365.is



**HÖFUÐMEIÐSLI BARNA**
Börn á aldrinum 0 til 4 ára eru líklegust til að meiða sig á höfði.
NORDICPHOTOS/GETTY








**LJÓS** Vísindamenn vona að leiserljós geta nýst við tannlækningar í framtíðinni.

# LEISERLJÓS Í STAÐ RÓTFYLLINGAR?

Vísindamenn við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum birtu nýlega niðurstöður rannsóknar sem þeir gerðu á tannviðgerðum með leiserljósi.

Rannsóknin var birt í Science Translation Medicine og greinir frá því hvernig vísindamennirnir nýttu innrautt ljós og stofnfrumur sem fyrir eru í tönnum til að mynda nýtt tannbein.

Með því að lýsa með innrauðu ljósi á skemmdar tennur músa virkjuðu vísindamennirnir sérstakar sameindir sem tengjast stofnfrumum. Þetta leiddi til þess að stofnfrumurnar breyttust í frumur sem mynda tannbein og hjálpuðu þannig við að endurbyggja tennurnar.

Þessi aðferð er þó enn á frumstigi enda hafa aðeins verið gerðar rannsóknir á tönnum nagdýra fram að þessu en ekki manna. Annar galli er að slík ljósameðferð tekur langan tíma, vikur og jafnvel mánuði.

Vísindamennirnir eru þó mjög bjartsýnir og telja að ef slík meðferð virkar á tennur manna geti þessi tækni leitt til þess að ljósameðferðin komi í stað tannviðgerða, til að mynda tannrótarfyllinga.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512 5447

# BRIZO VEITIR LAUSN VEGNA ÓÞÆGINDA VIÐ ÞVAGLÁT

**ICECARE KYNNIR** *Brizo er fæðubótarefni sem er ætlað að létta á óþægilegum einkennum frá neðri þvagfærum vegna stækkunar á blöðruhálskirtli, sem er algengur fylgikvilli þegar karlmenn eldast og kallast góðkynja stækkun á blöðruhálskirtli.*

Ég hef notað Brizo í nokkra mánuði og er ánægður með hversu vel það hefur reynst mér. Ég er 66 ára og var farinn að finna fyrir því að þurfa oft að kasta af mér þvagi og náði ekki að tæma blöðruna í hvert sinn. Þetta var óþægilegt og mér líkaði ekki ástandið,“ segir Skúli Sigurðarson. „Ég vildi forðast að nota lyf, leist betur á að prófa eitthvað óhefðbundið og náttúrulegt. Mér bauðst fyrir nokkrum mánuðum að prófa einn mánaðarskammt af Brizo og fann fljótt að mér leið betur. Áhrifin eru þau að það virtist vera minni þrýstingur á blöðruna og þvagrásina.

Ég hef notað Brizo í nokkra mánuði samfleytt og er mjög ánægður með árangurinn og það hvernig mér líður af notkun þess. Ég hef mikla trú á náttúrulegum lausnum sem í mörgum tilfellum geta komið í staðinn fyrir lyf.“

**HVERNIG Á AÐ NOTA BRIZO?**
Það á að taka Brizo™ inn tvisvar á dag, eitt hylki á morgnana og eitt á kvöldin. Takið hylkin inn með vatni. Taka má Brizo™ með mat eða á fastandi maga. Það er mikilvægt að taka inn ráðlagðan dagskammt til að það beri tilætlaðan árangur.

Ef þú gleymir að taka einn skammt, taktu þá skammtinn eins fljótt og þú getur og næsta skammt á sama tíma og venjulega. Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka.




**AF HVERJU STÆKKAR BLÖÐRUHÁLSKIRTILLINN?**
Þegar karlmenn eldast breytist hormónamagnið í líkamanum. Testósteróngildið minnkar en estrógengildið stendur í stað. Þessar hlutfallsbreytingar geta verið orsök þess að blöðruhálskirtillinn stækkar.

Það er hins vegar ekki vitað hver hin raunverulega ástæða er fyrir því að blöðruhálskirtillinn stækkar, því er erfitt að koma í veg fyrir það. Þess vegna er mikilvægt að huga vel að blöðruhálskirtlinum.

Blöðruhálskirtillinn umlykur þvagrásina rétt neðan við þvagblöðruna. Flest einkenni fela í sér erfiðleika við þvaglát sem er kallað einkenni frá neðri þvagfærum.

**Algengustu einkennin eru:**
- Lítil eða slöpp þvagbuna
- Tíð þvaglát
- Næturþvaglát
- Skyndileg þvaglátaþörf
- Erfitt að hefja þvaglát
- Þvagleki eða erfitt að stöðva þvaglát
- Þörf fyrir þvaglát skömmu eftir síðasta þvaglát
- Sviði eða sársauki við þvaglát

Ef þetta er ekki meðhöndlað getur blöðruhálskirtillinn stækkað og þrengt alveg að þvagrásinni. Það getur leitt af sér önnur þvagvandamál sem geta valdið skemmdum á nýrum.

**HVERNIG GETUR BRIZO HJÁLPAÐ?**
Brizo™ er sojaþykkni sem getur umbylt lífsgæðum karlmanna. Brizo™ er framleitt á einstakan hátt með gerjunaraðferð sem eykur aðgengi að gagnlega virka efninu sem er í sojabauninni. Með því að veita skjóta lausn við óþægilegum einkennum við þvaglát, veitir Brizo™ aukna vellíðan yfir daginn og þá sérstaklega á nóttunni.



**NÁTTÚRULEG LAUSN** Skúli Sigurðarson segir að hann hafi fljótt fundið mun eftir að hann byrjaði að taka inn Brizo. MYND/GVA

**ÁRANGUR AF BRIZO?**
Tilætluð áhrif af Brizo™ geta komið í ljós á innan við mánuði eftir að inntaka er hafin. Brizo™ umbyltir heilbrigði blöðruhálskirtilsins hjá karlmönnum með því að draga bæði úr tíðum þvaglátum og næturþvagláti. Með því að fá skjóta lausn við óþægilegum einkennum af völdum þvagláts öðlast þú aukna vellíðan yfir daginn og þá sérstaklega yfir nóttina.



**GOTT FYRIR MELTINGUNA** Eva Dögg Jónsdóttir hjá Icecare segir að Bio-Kult Infantis geri börnum gott. MYND/ARNÞÓR

# FYRIR BÖRNIN

*Bio-Kult Infantis er vísindalega þróuð blanda vinveittra gerla fyrir ungbörn og börn á öllum aldri. Bio-Kult Infantis er ný vara á Íslandi.*

**Bio-Kult Infantis inniheldur:**
- Sjö gerlastrengi af mismunandi mjólkursýrugerlum
- Reynslan og rannsóknir sýna að gerlarnir styrkja og bæta bæði meltinguna og heilsuna.
- Hátt hlutfall af ómega-3 (1 mg í skammti).
- Staðreyndir sýna að ómega-3 spila nauðsynlegt hlutverk í myndun heilafruma og styrkja heilann. Einnig hefur gagnsemi ómega-3 verið staðfest, þær hafa bólguhamlandi áhrif og styrkja ónæmiskerfið.
- D3-vítamín og hver skammtur inniheldur 50% af ráðlögðum dagskammti.
- Allir þekkja gagnsemi D-vítamíns.
- Preplex (FOS og akasíugúm), blöndu efna sem styrkja meltinguna og fyrirbyggja niðurgang.
- Enginn viðbættur sykur, litar- bragð- eða aukefni eru í vörunni.




# NÝTUR SÓLAR ÁN SÓLAREXEMS

**ICECARE KYNNIR** *Eftir að Maja prófaði Skin Care™ Perfect Tan gat hún loksins notið þess að liggja í sólbaði. Áður hafði sólarexem eyðilagt fyrir henni sólarlandaferðir. Nú getur Maja notið ferðarinnar og sólarinnar án þess að fá sólarexem og þjást af vanlíðan vegna þess.*

Maja vann lengi í dönsku versluninni Matas og fékk áhuga á heilsuvörum í starfi sínu. „Þegar ég kynntist Perfect Tan-töflunum fyrst ákvað ég að prófa þær, enda með mjög viðkvæma húð,“ segir hún. „Fríin mín hafa oft og mörgum sinnum eyðilagst vegna sólarexems. Hendur og fætur voru sérstaklega slæmar af sólarexeminu sem þróaðist oft yfir í blöðrur sem var virkilega óþægilegt. Þetta gerðist þrátt fyrir að ég væri í skugga og hefði notað sólarvörn,“ segir Maja.



**LOKSINS LAUSN** Maja er loksins laus við sólarexem eftir að hún fór að nota Skin Care Perfect Tan.

**PERFECT TAN VIRKAÐI FRÁBÆRLEGA**
„Ég var mjög spennt fyrir því hvernig töflurnar myndu virka. Ég byrjaði að taka þær inn um mánuði áður en fríið hófst. Ferðin var yndisleg og Perfect Tan virkaði frábærlega. Ég gat virkilega notið ferðarinnar án þess að fá sólarexem. Ég upplifði það líka að ég gat verið meira úti í sólinni en ég er vön. Mamma hrósaði mér mörgum sinnum fyrir það hvað ég væri sólbrún, en ég fæ yfirleitt ekki lit. Það er frábært að finna vöru sem virkar, ég er orðin fastur viðskiptavinur Perfect Tan.“

**HVAR ER HÆGT AÐ KAUPA SKIN CARE™ PERFECT TAN?**
***Það er hægt að kaupa Skin Care Perfect Tan í apótekum, heilsuhillum stórmarkaða og öllum heilsuverslunum. Það er einnig hægt að fá Skin Care Perfect Tan á heimasíðu umboðsaðilans, www.icecare.is. Ef þú hefur spurningar hafðu samband við starfsfólk Ice-Care á icecare@icecare.is.***



**Eru flugur, flær eða maurar að ergja þig og bíta?**




Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hjá N1
www.gengurvel.is


## SINNEP ER HOLLT

**GOTT**

**Sinnep er hollara en margan grunar. Það inniheldur efni sem hefur góð áhrif á vöðvauppbyggingu líkamans og getur þar af leiðandi gert fólk sterkara. Auk þess eru trefjar í sinnepi, járn, magnesíum, kalk, prótín, sink og ómega-3. Hægt er að bragðbæta mat með sinnepi en einnig er gott að nota það í sýrðan rjóma til að gera góða kalda sósu. Einnig er gott að leggja rúsínur í bleyti yfir nótt í smá koníaki, hakka þær síðan með töfrasprota og setja saman við gott sinnep.**





**SKIPULEGGJENDUR** Hópurinn sem skipulagði alþjóðlegt ratlaupsmót sem fram fór í fyrra. Mótið er árlegt og fer aftur fram í lok júní.

# ÍÞRÓTT FYRIR ALLA

**HREYFING** *Rathlaup er íþrótt sem felur í sér meðal annars hreyfingu, skemmtun, útivist og samveru. Það hentar bæði börnum og vönum hlaupurum.*

Gísli Örn Bragason hefur stundað rathlaup síðustu fimm árin en hann er einn stofnenda Rathlaupsfélagsins Heklu og er dagskrárstjóri þess. „Við félagi minn kynntumst íþróttinni í Finnlandi fyrir nokkrum árum og fluttum þetta með okkur heim. Við höfðum verið að skipuleggja ratkeppnir í skátunum og það þróaðist út í að við stofnuðum Rathlaupsfélagið.“

**HREYFING OG ÚTIVIST**

Rathlaup er í stuttu máli hlaup úti í náttúrunni þar sem á að finna pósta sem merktir eru inn á kort. „Þetta er eins og ratleikur í grunninn þar sem hlauparinn þarf að finna fljótlegustu leiðina sem hægt er að fara. Sá sem kemur fyrstur í mark eftir að hafa fundið alla póstana vinnur. Eina hjálpartækið er áttaviti og kortið sem er mjög nákvæmt og sýnir allt sem hefur áhrif á rötun hlauparans eins og þéttleika skógar, steina, holur og staðsetningu póstanna. Þetta er mjög skemmtileg íþrótt sem sameinar margt af því sem ég leita eftir í áhugamáli. Það er hreyfing í þessu og það er hægt að vera úti í náttúrunni. Svo er rötunin skemmtilegur þáttur í þessu sem gefur hlaupinu og útiverunni tilgang, maður er að gera eitthvað annað en bara að hlaupa og gleymir sér í því. Allt í einu er fólk búið að hlaupa marga kílómetra án þess að taka eftir því, svo er ágætis afsökun að skoða kortið ef fólk verður þreytt,“ segir Gísli og hlær.

**FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA**

Rathlaup er íþrótt fyrir alla fjölskylduna og á stærri mótum og keppnum er keppendum boðið að taka þátt í mörgum flokkum eftir aldri, kyni, áhuga og getu hvers og eins. „Rathlaup gerir miklar kröfur til hlauparans enda þarf hann að einbeita sér að því að rata rétta leið á sama tíma og hann fer eins hratt og hægt er yfir svæði sem getur verið honum algjörlega ókunnugt. Keppendur geta tekið þátt á ólíkum forsendum enda ekki nóg að vera fljótur að hlaupa heldur þarf að æfa rötun og kortalestur jafnóðum og þrek, úthald og tækni er æfð. Þegar ég var að byrja í þessu lenti ég í ýmsu skrautlegu þegar ég tók rangar ákvarðanir og ætlaði að stytta mér leið. Til dæmis var ég á móti í útlöndum og þurfti að fara yfir læk sem ég hélt að væri grunnur en svo endaði ég á að þurfa að synda yfir hann.“



**Á FERÐ** Gísli á haustmóti í Eistlandi. Skógurinn þar er aðeins hærra en hér á landi. „Þetta var fyrsta alvöru mótið sem ég tók þátt í. Það gekk vel til byrja með en á öðrum degi klúðraði ég einum pósti þannig að ég endaði í síðasta sæti.“



**Í SKÓGINUM** Gísli á ferð í rathlaupskeppni í Noregi. Þar er mikið um brattar hlíðar og erfitt að hlaupa um skógana.

**OPNAR ÆFINGAR**

Opnar æfingar eru vikulega á sumrin hjá Rathlaupsfélaginu og getur fólk sem áhuga hefur á að prófa íþróttina mætt og þar eru félagar í Heklu tilbúnir að útskýra íþróttina og hjálpa fólki við að komast af stað. „Við hittumst á fimmtudögum, ýmist á Klambratúni, í Elliðaárdal eða í Öskjuhlíð. Dagskrána má nálgast á heimasíðunni okkar eða á Facebook. Þá erum við búin að setja upp brautir sem henta flestum, einfaldari brautir sem henta börnum og flóknari brautir fyrir vana hlaupara. Við erum með sérstakt barnanámskeið í gangi núna sem hægt er að vera með í. Það verður eitt hlaup annað kvöld og svo tvö í næstu viku.“

Nánari upplýsingar um rathlaup má finna á rathlaup.is og á Facebook undir Rathlaupsfélagið Hekla.

*liljabjork@365.is*







Sumar 19 22. ágúst - 2. september

Klettafjöllin í Kanada

Hin stórbrotnu Klettafjöll skarta sínu fegursta á þessum árstíma og taka á móti okkur með fjölbreyttu dýra- og plöntulífi, ásamt áhugaverðum áfangastöðum og tignarlegum þjóðgörðum. Heimsækjum m.a. fjallabæinn Banff, Kootenay þjóðgarðinn, Maligne dal og Jasper þjóðgarðinn.

Verð: 309.900 kr. á mann í tvíbýli.

*Fararstjóri: Jónas Þór*



**Bókaðu núna á baendaferdir.is**

Sími 570 2790
bokun@baendaferdir.is
Síðumúla 2, 108 Reykjavík

ferðaþjónusta bænda
BÆNDAFERÐIR

## BÍLAR & FARARTÆKI



**MYNDAKASSINN** fer beint aftur í rykuga hilluna í kjallaranum. Nú til dags er maður orðinn svo vanur að geta fylgst með lífi vina og kunningja gegnum myndir. Það er eiginlega orðið þannig að sjái maður ekki mynd, er óvíst að viðkomandi atburðir hafi yfirhöfuð átt sér stað. Vinir og vandamenn verða bara að treysta því að undirrituð hafi misst af Muse á Hróarskeldu árið 2002 sökum drullu og komið efst í Eiffelturninn þrátt fyrir fjarveru þessara atburða af samfélagsmiðlum filteraðra og fínna.

# Fjör á Grímunni

Mikið var um dýrðir í Borgarleikhúsinu í gærkvöldi þar sem Gríman 2014 fór fram en það er uppskeruhátíð sviðslista hér á landi. Gestir voru í sínu fínasta pússi er þeir fjölmenntu í leikhúsið. Kynnar kvöldsins voru þeir Bergur Ebbi og Dóri DNA og fóru þeir á kostum.



**FLOTTAR VINKONUR** Selma Björnsdóttir og Björk Eiðsdóttir.



**FLÖTT FJÖLSKYLDA** Karl Steingrímsson, Ester Ólafsdóttir, leikarinn Þorvaldur Davíð Kristjánsson og unnusta hans, Hrafntinna Viktoría Karlsdóttir.



**BROSANDI** Gígja Tryggvadóttir og Ari Matthíasson.



**SÆT SAMAN** Leikkonan Svandís Þóra Einarsdóttir og Sigtryggur Magnússon.



**GAMAN** María Telma Smáradóttir og Kári Birgir Angantýsson.



**ALSÆLL** Leikarinn Gunnar Helgason.



**SKEMMTU SÉR** Egill og Móeiður.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


BÍÓ PARADÍS — EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill — Save the Children á Íslandi

Vissir þú að…
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.


FARAND
SIRKUS ÍSLANDS
TJALDAR ÖLLU TIL
REYKJAVÍK - ÍSAFJÖRÐUR - AKUREYRI - SELFOSS - KEFLAVÍK
FRUMSÝNING
25.JÚNÍ
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SIRKUSISLANDS.IS
Coca-Cola
TVG-ZIMSEN
Reykjavik CAPITAL AREA
BÍLALEIGA AKUREYRAR Europcar
midi.is
FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# SPORT

## HM Í FÓTBOLTA

2 SPORT 2 **22.00 RÚSSLAND – SUÐUR-KÓREA**



Fabio Capello, landsliðsþjálfari Rússlands, mætir til leiks með strákana sína á Stöð 2 Sport 2 í kvöld en þá spila Rússar gegn Suður-Kóreu.

Þetta er í fyrsta skipti síðan 2002 sem Rússar eru með á HM og eru talsverðar væntingar til liðsins þó svo að það hafi ekki beint blómstrað á síðustu mótum.

Rússarnir mæta til leiks í fínu formi en þeir hafa ekki tapað síðustu tíu leikjum sínum.

VÍSIR Allt um HM á Vísi

## STJARNA GÆRDAGSINS

Þjóðverjinn Thomas Müller er oft nefndur maður stóru leikjanna og hann stóð fyllilega undir því nafni í gær.

Hann skoraði þá þrennu í stórsigri Þjóðverja á Portúgölum.

Müller er vanur því að reynast þýska liðinu vel og oftar en ekki er hann mættur á svæðið á réttum stað á réttum tíma þegar þýska landsliðið þarf einna helst á því að halda.



**Thomas Müller**
**Þýskaland**

## Hvað er að þessum Pepe?

Portúgalinn Pepe varð sér enn eina ferðina til skammar í gær þegar hann lét reka sig af velli eftir rúmlega hálftíma leik gegn Þýskalandi.

Pepe er ekki í miklu uppáhaldi hjá knattspyrnuáhugamönnum enda er hegðun hans á vellinum oftar en ekki stórfurðuleg.

Það glöddust því margir í gær er Pepe lét skapið hlaupa með sig í gönur og eyðilagði leikinn í leiðinni fyrir sínu liði.



## ÚRSLIT

### HM Í BRASILÍU

**G-RIÐILL**

**ÞÝSKALAND - PORTÚGAL 4-0**

1-0 Thomas Müller, víti (12.), 2-0 Mats Hummels (32.), 3-0 Thomas Müller (45.+1), 4-0 Thomas Müller (78.).

**GANA - BANDARÍKIN**

Leiknum var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

**F-RIÐILL**

**ÍRAN - NÍGERÍA 0-0**

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Argentína | 1 | 1 | 0 | 0 | 2-1 | 3 |
| Íran | 1 | 0 | 1 | 0 | 0-0 | 1 |
| Nígería | 1 | 0 | 1 | 0 | 0-0 | 1 |
| Bosnía | 1 | 0 | 0 | 1 | 1-2 | 0 |

**LEIKIR DAGSINS**

**H-RIÐILL: Belgía - Alsír kl. 16.00**
**A-RIÐILL: Brasilía - Mexíkó kl. 19.00**
**H-RIÐILL: Rússland - S-Kórea kl. 22.00**

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins

## Vill fá meira frá Rooney

**HM 2014** Roy Hodgson vonast til þess að fá meira framlag frá Wayne Rooney gegn Úrúgvæ en í leiknum gegn Ítalíu. Rooney hefur enn ekki tekist að skora í lokakeppni HM en þetta er hans þriðja mót.

Rooney, sem lagði upp fyrir Daniel Sturridge eina mark Englendinga í leiknum, átti í erfiðleikum á vinstri kantinum.

Alan Shearer gagnrýndi Hodgson eftir leik fyrir að troða Rooney út á kantinn. Taldi Shearer að Hodgson ætti að spila Rooney í bestu stöðu hans eða einfaldlega setja hann á varamannabekkinn.

„Við viljum fá hann meira inn í vítateiginn og við munum reyna að gera það gegn Úrúgvæ. Ég var fullviss um að hann myndi nýta færið sem Leighton Baines stillti upp fyrir hann,“ sagði Hodgson.

Rooney viðurkenndi að hann þyrfti að spila betur í leiknum á fimmtudaginn.

- kpt

# Mitt hlutverk að skora mörk

Aron Elís Þrándarson er kominn á góðan skrið eftir að hafa glímt við meiðsli í upphafi móts og átti stóran þátt í sigri nýliða Víkings á Val í þriðja sinn á þessu ári. Hann hefur vakið áhuga margra erlendra félaga.

**FÓTBOLTI** Aron Elís Þrándarson, nítján ára leikmaður Víkings, er leikmaður 8. umferðar að mati Fréttablaðsins. Hann átti stórleik þegar nýliðarnir úr Fossvoginum lögðu granna sína í Val, 2-1. Það var reyndar þriðji sigur Víkinga á Val á þessu ári því þeir unnu einnig leiki liðanna í Reykjavíkurmótinu og Lengjubikarnum.

„Það er oft talað um að það sé rígur á milli þessara félaga en ég hef ekki fundið fyrir honum,“ lýsir Aron Elís en hann er uppalinn í Fossvoginum og hefur aldrei spilað fyrir annað félag.

Hann skoraði glæsilegt mark gegn Val og lagði svo upp sigurmark sinna manna. Víkingur komst upp í fimmta sæti deildarinnar og er með þrettán stig.

„Ég er sáttur við frammistöðuna í sumar þó svo að leikirnir gegn Fylki og FH sitji í mér. Ég hefði viljað fá meira út úr þeim en ég sætti mig við þessi þrettán stig,“ segir Aron Elís.

**Í góðu lagi að fá hrós**

Víkingurinn ungi hefur vakið mikla athygli fyrir frammistöðu sína og sparkspekingar hafa keppst við að lofa drenginn. Magnús Agnar Magnússon, umboðsmaður hans, staðfesti við Fréttablaðið að mörg erlend félög hefðu áhuga á kappanum og nú síðast í gær komu hingað til lands fulltrúar erlendra liða til að sjá hann spila gegn Fylki í Borgunarbikarkeppni karla á morgun.

„Ég pæli svo sem ekki mikið í þessu, þó svo að manni sé hrósað hér og þar. Mér finnst það í góðu lagi en ég passa mig samt á því að fara ekki fram úr sjálfum mér þó svo að ég standi mig vel í nokkrum leikjum,“ segir hann og tekur undir þær staðhæfingar að hann eigi góða möguleika á að komast að hjá atvinnumannaliði ytra.

„Ég tel mig alla vega hafa burði til þess en hvort ég sé í þeim gæðaflokki nú verður bara að koma í ljós. En stefnan hjá mér hefur alltaf verið að komast að úti og það er ekkert leyndarmál.“

**Grunur um kviðslit**

Aroni Elísi var hlíft nokkuð í upphafi móts og þá missti hann af þó nokkrum leikjum Víkinga í 1. deildinni í fyrra. Engu að síður var hann markahæsti leikmaður deildarinnar með fjórtán mörk í jafn mörgum leikjum, auk þess sem hann var valinn bæði besti og efnilegasti leikmaður deildarinnar af þjálfurum og fyrirliðum liðanna í vali Fótbolta.net.

„Ég var tæklaður í ökklann í lok síðasta tímabils og sneri hann nokkuð illa. Það tók tíma að jafna sig, sérstaklega þar sem það kom nokkrum sinnum bakslag. Svo rétt fyrir mót í vor fann ég fyrir verk í kviðnum og kom þá upp grunur um kviðslit. Svo var þó sem betur fer ekki og tókst að laga það með sprautumeðferð.“

Síðan þá hefur verið hugsað vel um Aron Elís og Ólafur Þórðarson, þjálfari Víkings, og Milos Milojevic, aðstoðarmaður hans, notuðu hann sparlega í upphafi mótsins.

„Þeir hafa stýrt þessu vel. Ég vildi til dæmis spila meira en þeir leyfðu mér gegn FH. Auðvitað vill maður spila 90 mínútur í hverjum leik en skrokkurinn var ekki tilbúinn í það. Þá leyfir maður þjálfurunum að stjórna þessu,“ segir Aron Elís en ítrekar að hann sé algjörlega meiðslafrír í dag.

**Vill spila ákveðinn fjölda leikja**

Sem fyrr segir er markmið hans að komast að sem atvinnumaður en þangað til einbeitir hann sér að því að standa sig vel með sínu uppeldisfélagi. „Ég vil til dæmis spila ákveðið marga leiki en er ekki með neitt sérstakt í huga hvað fjölda marka eða stoðsendinga varðar. Ég stefni bara að því að eiga þátt í minnst einu marki í hverjum leik enda er það mitt hlutverk í liðinu sem sóknarmaður.“

eirikur@frettabladid.is



**STEFNIR ÚT** Mörg erlend félög hafa fylgst náið með framgöngu Arons Elísar Þrándarsonar að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Góð umferð fyrir ...

... **Bjarna Guðjónsson**, þjálfara Fram, sem sá liðið sitt blómstra gegn nýliðum Fjölnis í Grafarvoginum eftir erfiða byrjun í deildinni.

... **Jonathan Glenn**, sóknarmann ÍBV, sem var nokkuð gagnrýndur í upphafi móts en hefur svarað með því að skora tvö mörk í síðustu tveimur leikjum auk þess sem hann var maður leiksins gegn Breiðabliki.



**BARÁTTUKONA** Mist Edvardsdóttir í leik með Val í Pepsi-deild kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Skítadjobb sem ég þarf að klára

Landsliðskonan Mist Edvardsdóttir hefur greinst með eitilfrumukrabbamein.

**FÓTBOLTI** Knattspyrnukonan Mist Edvardsdóttir hefur greinst með Hodgkins-eitilfrumukrabbamein og verður því frá keppni út árið hið minnsta. Þessi 23 ára Valskona úr Mosfellsbæ fékk tíðindin staðfest sama dag og hún var valin í kvennalandsliðið fyrr í mánuðinum.

„Fyrsti dagurinn var svolítið erfiður þegar ég fékk þetta loksins staðfest. Þá fyrst gerði maður sér almennilega grein fyrir því hversu alvarlegt þetta var,“ sagði Mist í samtali við Fréttablaðið í gær en þá var hún stödd í Kaupmannahöfn þar sem hún fer í svokallaðan jáeindaskanna (PET).

„Fótboltinn hefur svo hjálpað manni að takast á við þetta. Það hefur verið gott að mæta á æfingar, gleyma sér og hætta að vera krabbameinssjúklingur eitt augnablik,“ útskýrir Mist sem hefur ávallt verið heilsuhraust auk þess sem engin saga um krabbamein er í hennar nánustu fjölskyldu.

„Þess vegna var þetta svolítið áfall og maður átti erfitt með að trúa því að þetta væri niðurstaðan – að ég væri með krabbamein 23 ára gömul.“

Þann 6. júní fékk hún tíðindin staðfest en þann dag var hún einnig valin í kvennalandsliðið. „Ég sagði Frey [Alexanderssyni, landsliðsþjálfara] frá þessu þá en af minni hálfu kom ekkert annað til greina en að fara út með liðinu, sérstaklega þar sem ég er enn frísk og líður vel. Þetta var svo rætt þegar við komum út en flestar vissu þó af þessu. Fréttunum var tekið af miklu jafnaðargeði og svo hélt maður bara áfram,“ segir Mist sem gat tekið þátt í æfingum landsliðsins af fullum krafti.

„Það er bara á erfiðum þolæfingum sem ég finn eitthvað fyrir enda er meinið í hálsinum og þrýstir á öndunarveginn,“ útskýrir hún.

Mist mun ekki fara í aðgerð en lyfjameðferð hefst strax á föstudaginn. Þá hefst baráttan af fullum krafti.

„Þetta er barátta sem ég þekki ekki vel. En ég hugsa um þetta eins og hvert annað skítadjobb sem þarf að klára áður en ég get gert það sem ég vil gera. Það þýðir ekkert að væla eða pirra sig á þessu. Þetta er bara djobb sem maður þarf að sinna og hjálpar til að vera bæði jákvæður og gera eins vel og maður mögulega getur,“ segir Mist Edvardsdóttir.

-esá


565 6000 / somi.is
ÚT AÐ BORÐA
MEÐ VINUNUM.
Við bjóðum spennandi matseðil
Íslendingar hafa fjölbreyttan smekk sem við gerum okkar
allra besta á hverjum degi að sinna. Þitt er valið!
SÓMI
Ferskt á hverjum degi




**GÓÐ TÍÐINDI** Schumacher virðist vera á réttri leið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Schumacher er vaknaður

**FORMÚLA 1** Ökuþórinn Michael Schumacher hefur yfirgefið sjúkrahús í Grenoble og er vaknaður úr dái. Fjölskylda Þjóðverjans þakkar öllum þeim sem hafa stutt við bakið á þeim undanfarið hálft ár. BBC greinir frá.

Þjóðverjinn, 45 ára, verður áfram í meðhöndlun á ónefndri sjúkrastofnun, kemur fram í tilkynningu frá fjölskyldunni. Schumacher slasaðist alvarlega á höfði á skíðum í frönsku Ölpunum þann 29. desember. Ekkert kemur fram um ástand Schumachers annað en að hann sé vaknaður úr dái.

Fjölskylda Schumachers þakkar öllum þeim sem sent hafa skilaboð og bataóskir á þessum erfiðu tímum.

„Við erum sannfærð um að það hjálpaði honum," segir í tilkynningunni.

Fjölskyldan hrósaði einnig sjúkrastarfsmönnum í Suðaustur-Frakklandi. Læknar hafa haldið Schumacher sofandi til að minnka bólgur í heila Þjóðverjans.

„Michael hefur yfirgefið CHU Grenoble til að halda áfram umfangsmikilli endurhæfingu. Hann er vaknaður úr dái," sagði Sabine Kehm, talsmaður Schumachers, fyrir hönd fjölskyldunnar í dag.

„Við óskum eftir því að framhald endurhæfingar hans geti farið fram fjarri kastljósi fjölmiðla," sagði Kehm. Ekki kom fram á hvaða sjúkrastofnun Þjóðverjinn verður vistaður.

Schumacher hætti keppni í Formúlu 1 árið 2012 eftir nítján ára feril. Hann varð tvívegis heimsmeistari með Benetton, árið 1994 og 1995, áður en hann skipti yfir í Ferrari. Hann varð heimsmeistari fimm ár í röð frá árinu 2000. -ktd

# Svikinn af uppeldisfélaginu

Landsliðsmaðurinn Kári Kristján Kristjánsson fékk góð og slæm tíðindi á síðustu dögum. Hann fékk staðfest að æxlið í baki hans sé góðkynja og að hann þurfi ekki að fara í aðgerð. Nokkru síðar tilkynnti uppeldisfélag hans, ÍBV, að það gæti ekki samið við hann en Kári taldi að samningur við ÍBV væri í höfn.



**FRAMTÍÐIN ÓRÁÐIN** Kári Kristján er án félags eftir að ÍBV dró í land með samningstilboð til hans. Kári er að flytja heim til Íslands og líklegt að ófá félögin í efstu deild vilji fá landsliðsmanninn í sínar raðir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HANDBOLTI** „Þetta er súrsæt stund í lífinu hjá mér. Að fá þessi góðu tíðindi með heilsuna og vera svo stunginn í bakið af uppeldisfélaginu. Það er grátlegt," segir Kári Kristján Kristjánsson handboltamaður en hann veit ekki hvað framtíðin ber í skauti sér.

Samningur Kára við danska félagið Bjerringbro-Silkeborg er að renna út og hann er búinn að fjárfesta í húsi í heimabæ sínum, Vestmannaeyjum, enda hafði hann hug á að koma heim og spila fyrir uppeldisfélag sitt. Ekkert verður af því þar sem handknattleiksdeild ÍBV ætlar ekki að semja við Kára, sem kom leikmanninum í opna skjöldu enda taldi hann sig hafa komist að samkomulagi við ÍBV um samning.

### Æxlið ekki nálægt líffærum

Kári er staddur úti í Danmörku þessa dagana. Hann fékk þau tíðindi fyrir nokkrum dögum að æxli í baki hans væri góðkynja. Þetta er í annað sinn sem Kári fær æxli í bakið. Og það sem meira er, línumaðurinn sterki þarf ekki að fara í aðgerð.

„Þetta æxli er af sama meiði og í fyrra skiptið. Ég taldi það vera alveg klárt að ég færi í aðgerð enda er æxlið nokkuð stórt. Það er aftur á móti ekki nálægt neinum líffærum og er því ekkert að skaða mig," segir Kári en læknar segja að hann eigi vel að geta lifað með þessu æxli svo lengi sem það stækkar ekki frekar. Eðlilega verður svo fylgst vel með æxlinu í framhaldinu.

„Það er vel þess virði að taka þessa áhættu enda hefur fólk lifað með svona æxli. Mér líður hvorki betur né verr en áður og þetta truflar mig því ekkert sérstaklega. Ég er í rauninni fær í flestan sjó."

### Skrítinn fundur

Eyjamaðurinn þurfti að bíða í margar vikur eftir niðurstöðu rannsókna og það tók eðlilega á hann að vera í óvissu lengi.

„Þetta var ofboðslega skrítinn fundur því ég átti aldrei von á svona fundi. Fyrst fæ ég að vita að æxlið sé góðkynja sem var þvílíkur léttir að heyra. Það var viðbjóður að vera með þetta á bak við eyrað í margar vikur. Að fá svo tíðindin að ekki þyrfti að skera kom mér svo gríðarlega á óvart. Maður labbaði auðvitað himinlifandi út af fundinum."

Aðeins nokkrum dögum síðar fékk Kári Kristján ekki jafn góð tíðindi. Hann hafði verið í samningaviðræðum við ÍBV síðan í byrjun maí og taldi það mál vera í höfn. Svo reyndist ekki vera.

„Viðræðurnar við ÍBV voru komnar á það stig að flugstjórinn var búinn að tilkynna að vélinni yrði lent eftir korter. Þá kom stopp í viðræðurnar sem mér fannst furðulegt, enda voru menn búnir að sættast á stoðir samningsins og í raun bara fínpússning eftir. Ég skildi ekki hvað var eiginlega í gangi og hafði því samband við þá aftur. Þá er mér tilkynnt að þetta gangi ekki upp," segir Kári en hann fékk þau tíðindi um nýliðna helgi.

### Sár og svekktur út í ÍBV

„Stjórnin vissi algjörlega um heilsufar mitt og samningurinn átti þá ekki að taka gildi fyrr en ég væri búinn að ná mér góðum af veikindunum. Fyrir mér var þetta allt klárt og ég farinn að undirbúa flutning til Eyja. Þá virðist vera einhver misskilningur innan stjórnar félagsins þar sem menn virðast ekki kannast við allar upplýsingar málsins. Það kom flatt upp á mig því ég er með öll okkar samskipti á tölvupósti. Við vorum búnir að sættast á tölur og bara smáatriði eftir. Þetta kom því algjörlega flatt upp á mig þegar þeir segjast ekki geta gert þetta."

Eyjamaðurinn er mjög undrandi og svekktur yfir vinnubrögðum handknattleiksdeildarinnar. „Ég er mjög sár og svekktur út í uppeldisfélag mitt og átta mig eiginlega ekki á þessum vinnubrögðum. Ég var mjög spenntur fyrir því að koma heim í mitt félag og taka þátt í þessum skemmtilega uppgangi sem er þar í gangi. Mér finnst ég hafa verið svikinn af uppeldisfélaginu og er svekktur með mína menn."

> **„Ég er mjög sár og svekktur út í mitt uppeldisfélag og átta mig eiginlega ekki á þessum vinnubrögðum.**
> *Kári Kristján Kristjánsson*

henry@frettabladid.is

# Fáir sem áttu von á því að við myndum vinna Noreg

Patrekur Jóhannesson er þakklátur Jóhanni Inga Gunnarssyni fyrir sálfræðilega aðstoð hans við undirbúning austurríska liðsins.

**HANDBOLTI** Patrekur Jóhannesson og lærisveinar í austurríska landsliðinu í handbolta tryggðu sér sæti á HM í Katar með sigri á Noregi. Patrekur var ansi brattur þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

„Þetta er auðvitað ótrúlegt afrek og hefur verið á forsíðum blaðanna en það hefur fallið örlítið í skuggann. Austurríkismenn eru meira fyrir skíðaíþróttir og fótbolta en auðvitað fylgdi þessu mikil gleði. Það voru fáir sem áttu von á því að við myndum vinna," sagði Patrekur.

Undir stjórn Patreks komst austurríska liðið á EM í janúar og nú HM í Katar.

„Noregur hefur úr að velja gríðarlegum fjölda af handboltamönnum. Noregur vann Þýskaland fyrir stuttu svo við vissum fyrir fram að þetta yrði erfitt verkefni. Ég reyndi bara strax að telja mönnum trú um að þetta væri mögulegt og við unnum mjög mikið í andlega þættinum," sagði Patrekur. Austurríska liðið naut aðstoðar Jóhanns Inga Gunnarssonar í aðdraganda leiksins og var Patrekur honum gríðarlega þakklátur.

„Ég er heppinn að hann vann með föður mínum í gamla daga og við höldum enn góðu sambandi. Í æfingabúðunum á Íslandi var aðstoð hans algjörlega ómetanleg. Vinnufundirnir með honum áttu stóran þátt í þessum sigri."

Patrekur viðurkenndi að það hefði komið honum á óvart hversu mikilvægur sálfræðilegi hlutinn var.

„Síðustu eitt, tvö árin hef ég unnið mjög markvisst með Jóhanni. Þetta byrjaði hægt og rólega en í dag er hann eiginlega þjálfarinn minn. Það er alltaf verið að tala um að andlegi hlutinn sé 80 prósent en hversu mikið og hvernig æfirðu hann? Ég finn mikla breytingu á mér hvernig ég vinn mína vinnu eftir að hafa unnið með Jóhanni," sagði Patrekur sem var einfaldlega heillaður.

„Það er hægt að æfa og auka snerpuna eða hvað sem er í handbolta en þetta snýst alltaf um hvernig þú nærð því besta út úr hverjum og einum. Hvernig þú nálgast leikmenn því það er engir tveir eins. Þetta hefur vakið athygli mína, ég les mikið af bókum og er búinn að skrá mig í meistaranám í íþróttasálfræði. Þetta heillar mig gríðarlega mikið. Þótt það gangi vel núna þá vil ég reyna að læra. Það er aldrei nein pása frá lærdómnum," sagði Patrekur kíminn en hann ætlar að beita þessu á Haukaliðið einnig.

„Hver er skiptingin hvað þú æfir hvorn hluta mikið, líkamlega og andlega? Það er eitthvað sem ég ætla að breyta hjá Haukum. Við byrjuðum á þessu í vetur og áttum frábært tímabil, unnum þrjá titla af fjórum og vorum nálægt þeim síðasta."

Patrekur var jarðbundinn þegar gengið var á hann um markmið fyrir mótið. Handbolti er ekki ein af stærstu íþróttunum í Austurríki og ekki margir iðkendur.

„Að komast í milliriðlana væri auðvitað frábær árangur. Það sem er vandamálið í Austurríki er lítið úrval leikmanna í ákveðnum stöðum. Á línunni er ég með tvo leikmenn, annar þeirra er hálf-atvinnumaður sem er einnig lögfræðingur og ég er ekki viss hvert framhaldið verður hjá honum. Ef Robbi Gunn væri Austurríkismaður myndi ég stefna á eitt af efstu sex sætunum," sagði Patrekur. Hann gældi þó við hugmyndina um að línumaðurinn myndi láta slag standa fyrst mótið væri haldið í Katar.

„Handboltaáhuginn er einfaldlega ekki nægilegur í Austurríki. Liðin í austurrísku deildinni eru oft með nokkra útlendinga sem gerir landsliðsþjálfaranum enn þá erfiðara fyrir. Ég hef bara úr einhverjum 25 leikmönnum að velja sem gerir þetta enn magnaðra afrek. Maður er ekki enn búinn að ná þessu, sérstaklega þegar maður lítur til þess hvaða þjóðir komust ekki áfram." - kpt



**HUGFANGINN** Patrekur er hugfanginn af áhrifum sálfræði á austurríska landsliðið. Hann ætlar að yfirfæra aðferðirnar á Haukaliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET

# FÁÐU MEIRA
## SJÁÐU MEIRA






SPARK
1.790.000.-
LS BENSÍN 1.0L
BEINSKIPTUR

Bíll á mynd: Chevrolet Spark LTZ

SUMAR**BÓNUS**
CHEVROLET FYLGIR
**ÖLLUM** NÝJUM
BÍLUM

## FÁÐU MEIRA FYRIR PENINGINN

Chevrolet bílar eru með ríkulegan staðalbúnað og jafnframt á sérlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn.

## SJÁÐU MEIRA Í SUMARFRÍINU

Það er notalegt að ferðast um í liprum og öruggum Chevrolet Spark og fræðast um þær slóðir sem farið er um í leiðinni. Til að toppa upplifunina er svo algjör snilld að slá upp grillveislu fyrir ferðafélagana þegar komið er á áfangastað.

Char-Broil

Öllum nýjum Chevrolet bílum fylgir
Char Broil ferðagasgrill frá Rekstrarlandi
og ferðahandbók að eigin vali* frá Forlaginu.

*Þú velur á milli eftirfarandi titla: Ferðaatlas, 155 Ísland, Fjallabókin, Íslenskur fuglavísir, Íslensk fjöll og Íslenska fjallahandbókin.

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

**Nánari upplýsingar á benni.is**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# DAGSKRÁ

**Stöð 2 kl. 18.55**
## Strumparnir 2
Bráðskemmtileg teiknimynd um strumpana. Í þetta sinn þurfa þeir að bjarga Strympu frá illa galdrakarlinum honum Kjartani og tveimur hrekkjóttum vinum hans sem fara með hana til Parísar.



## Í KVÖLD



**HM Messan**
**STÖÐ 2 SPORT KL. 21.10** Gummi Ben fer yfir daginn á HM eins og honum einum er lagið.



**Pretty Little Liars**
**STÖÐ 3 KL. 20.30** Fjórða röðin af þessum dramatísku þáttum um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.



**HM í fótbolta**
**SJÓNVARPIÐ KL. 18.50** Bein útsending frá leik Brasilíu og Mexíkós á HM í fótbolta.

**Bylgjan kl. 12.20–16.00**
## Bjarni Ara
Bjarni Arason stendur vaktina á Bylgjunni alla sunnudaga klukkan 12.20–16.00. Bjarni hefur verið í útvarpi um árabil og er einn ástsælasti söngvari þjóðarinnar.








## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**07.01** **Skoppa og Skrítla í bíó**
**07.56** **Dora the Explorer**
**08.41** **Waybuloo**
**09.00** **Áfram Diego, áfram!**
**09.45** **Scooby-Doo!**
**10.05** **The Little Engine That Could**
**11.25** **The Adventures of Tintin**
**13.05** **Hook**
**15.25** **Thor: Tales of Asgard**
**16.10** **Sjáðu**
**16.35** **Malcolm in The Middle**
**17.00** **Frasier**
**17.20** **The Big Bang Theory**
**17.40** **The Middle**
**18.00** **How I Met Your Mother**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.55** **Strumparnir 2**
**20.40** **Clear History** Frábær gamanmynd frá 2013 með Larry David, Jon Hamm, Michael Keaton, Kate Hudson og Danny McBride í aðalhlutverkum. Hún segir frá sérvitrum athafnamanni sem selur hlut sinn í fyrirtæki rétt áður en það setur byltingarkenndan bíl á markaðinn og fer að mala gull.
**22.20** **Orange is the New Black** *(2:14)* Dramatísk þáttaröð á léttum nótum um unga konu sem lendir í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi fyrir mörgum árum.
**23.15** **Veep** *(7:10)* Þriðja þáttaröðin ef þessum bráðfyndnu gamanþáttum. Julia Louis-Dreyfus er hér í hlutverki þingmanns sem ratar í starf varaforseta Bandaríkjanna.
**23.45** **Daily Show: Global Edition**
**00.10** **Dallas**
**00.55** **Mistresses**
**01.40** **Believe**
**02.25** **J. Edgar**
**04.35** **Little Miss Sunshine**

## SPORT *besta sætið*

**14.45** **San Antonio - Miami**
**16.35** **Dominos deildin – Liðið mitt**
**17.00** **Keflavík - Stjarnan**
**18.50** **Pepsímörkin 2014**
**20.05** **KR - FH**
**22.00** **World's Strongest Man 2013**
**22.30** **Demantamótin**
**00.30** **NBA 2013/2014 - Final Games** Bein útsending frá leik í NBA.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** **HM Messan**
**07.45** **Gana - Bandaríkin**
**12.15** **Þýskaland - Portúgal**
**13.55** **Íran - Nígería**
**15.35** **Michael Owen**
**16.05** **HM Messan**
**16.50** **Gana - Bandaríkin**
**18.30** **Brazil and Mexico**
**19.00** **Russia, Cuiaba and South Korea**
**19.30** **Belgía - Algería**
**21.10** **HM Messan**
**21.50** **Rússland - Suður-Kórea** BEINT
**00.00** **Brasilía - Mexíkó**
**01.40** **HM Messan**
**02.25** **Rússland - Suður-Kórea**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** 433.is **21.30** Gönguleiðir

## STÖÐ 3

**18.35** **Baby Daddy**
**19.00** **Grand Designs** *(8:12)*
**19.45** **Hart Of Dixie** *(18:22)* Þriðja þáttaröðin um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.
**20.30** **Pretty Little Liars** *(17:25)*
**21.15** **Nikita** *(18:22)*
**21.55** **Terminator: The Sarah Connor Chronicles** *(3:22)*
**22.40** **Revolution**
**23.25** **Tomorrow People**
**00.05** **Grand Designs**
**00.50** **Hart Of Dixie**
**01.35** **Pretty Little Liars**
**02.20** **Nikita**
**03.05** **Terminator: The Sarah Connor Chronicles**
**03.50** **Tónlistarmyndbönd**

## KrakkaStöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.45** Ævintýraferðin **08.55** UKI **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.25** Skógardýrið Húgó **09.47** Tommi og Jenni **09.55** Hókus Pókus **10.00** Brunabílarnir **10.25** Latibær **10.47** Gulla og grænjaxlarnir **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.45** Ævintýraferðin **12.55** UKI **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.25** Skógardýrið Húgó **13.47** Tommi og Jenni **13.54** Hókus Pókus **14.00** Brunabílarnir **14.23** Latibær **14.47** Gulla og grænjaxlarnir **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.45** Ævintýraferðin **16.55** UKI **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.25** Skógardýrið Húgó **17.47** Tommi og Jenni **17.54** Hókus Pókus **18.00** Brunabílarnir **18.23** Latibær **18.47** Gulla og grænjaxlarnir **19.00** Gosi **20.45** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.55** **Strákarnir**
**18.25** **Friends**
**18.50** **Seinfeld**
**19.15** **Modern Family**
**19.40** **Two and a Half Men** *(14:22)*
**20.05** **Léttir sprettir**
**20.25** **Borgarilmur** *(6:8)*
**21.00** **Breaking Bad**
**22.00** **Rita** *(4:8)*
**22.45** **Lærkevej**
**23.30** **Chuck**
**00.15** **Cold Case**
**01.00** **Léttir sprettir**
**01.20** **Borgarilmur**
**01.55** **Breaking Bad**
**02.55** **Rita**
**03.35** **Lærkevej**
**04.20** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓSTÖÐIN

**10.00** **The Bodyguard**
**12.10** **The Bourne Legacy**
**14.25** **So Undercover**
**16.00** **The Bodyguard**
**18.10** **The Bourne Legacy**
**20.25** **So Undercover**
**22.00** **Sex Drive**
**23.50** **Trust**
**01.35** **Frozen Ground**
**03.20** **Sex Drive**

## RÚV

**08.00** **Morgunstundin okkar**
**10.54** **Stundarkorn Gunni og Felix**
**11.10** **Hátíðarstund á Austurvelli** Bein útsending frá Austurvelli í Reykjavík þar sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra flytur ávarp.
**12.00** **Stikkfrí**
**13.25** **Með hangandi hendi**
**14.55** **Karamellumyndin**
**15.10** **Táknmálsfréttir**
**15.20** **HM stofan**
**15.50** **HM í fótbolta** *(Belgía - Alsír)* Bein útsending frá leik Belgíu og Alsírs á HM í fótbolta.
**18.00** **Fréttir**
**18.20** **Veðurfréttir**
**18.25** **Íþróttir**
**18.30** **HM stofan**
**18.50** **HM í fótbolta** *(Brasilía - Mexíkó)* Bein útsending frá leik Brasilíu og Mexíkós á HM í fótbolta.
**20.50** **HM stofan**
**21.15** **Ávarp forsætisráðherra**
**21.35** **Lýðveldisbörnin** Rammíslensk heimildarmynd þar sem 17 Íslendingar rifja upp æskuminningar frá hátíðarhöldunum á Þingvöllum við stofnun lýðveldisins 17. júní 1944, þegar Ísland varð frjálst og fullvalda ríki.
**22.45** **Land og synir**
**00.20** **HM í fótbolta** *(Rússland - Suður-Kórea)*
**02.10** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**15.40** **Million Dollar Listing**
**16.25** **In Plain Sight**
**17.05** **Secret Street Crew**
**17.50** **Dr. Phil**
**18.30** **Top Chef**
**19.15** **Happy Endings** *(1:22)*
**19.40** **Men at Work** *(5:10)* Þrælskemmtilegir gamanþættir sem fjalla um hóp vina sem allir vinna saman á tímariti í New York. Þeir lenda í ýmiss konar ævintýrum sem aðallega snúast um að ná sambandi við hitt kynið.
**20.05** **The Millers** *(23:23)* Bandarísk gamanþáttaröð um Nathan, nýfráskilinn sjónvarpsfréttamann sem lendir í því að móðir hans flytur inn til hans, honum til mikillar armæðu.
**20.30** **Design Star** *(9:9)* Það er komið að sjöundu þáttaröðinni af þessari bráðskemmtilegu raunveruleikaseríu þar sem tólf efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna hvað í þeim býr.
**21.15** **The Good Wife** *(19:22)* Þessir margverðlaunuðu þættir njóta mikilla vinsælda á meðal áhorfenda SkjásEins.
**22.00** **Elementary - LOKAÞÁTTUR**
**22.45** **The Tonight Show**
**23.30** **Royal Pains**
**00.15** **Scandal**
**01.00** **Elementary**
**01.45** **The Tonight Show**
**02.30** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** US Open 2014 **14.00** Golfing World 2014 **14.50** Web.com Tour Highligts **15.45** Einvígið á Nesinu **16.35** Golfing World 2014 **17.25** US Open 2014 **23.25** Golfing World 2014

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun |


Globe Theatre London kemur í Hörpu
Hamlet
eftir William Shakespeare
Í tilefni af 450 ára fæðingarafmæli leikskáldsins ætlar hið heimsþekkta Shakespeare Globe Theatre að sýna frægasta verk hans, Hamlet, í öllum löndum heimsins. Þetta er einstakt tækifæri til að sjá sýninguna á Íslandi.
HARPA
Eldborg
23. júlí 2014
Leikstjórn
Dominic Dromgoole & Bill Buckhurst
Leikmynd
Jonathan Fensom
Fyrstu 200 miðarnir seldir með 50% afslætti
Miðasala í síma 528 5050, á midi.is og harpa.is
www.harpa.is/hamlet
ICELANDAIR
Arion banki
CENTER HOTELS
Brandenburg

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA Í DAG, 17. JÚNÍ?



**Ég er búin að lofa tveimur vinkonum mínum úr Reykjavík og dætrum þeirra að upplifa skrúðgöngu og smá hátíðarstemningu í Hafnarfirðinum. Svo kíki ég líklegast á kaffihús eða út að borða í Reykjavík um kvöldið.**

Berglind Icey, fyrirsæta.

# Svala á forsíðu Dark Beauty Magazine

Svala Björgvinsdóttir er ævintýraleg á forsíðu nýjasta tölublaðs bandaríska tískutímaritsins.

„Topher Adams, ritstjóri tískutímaritsins Dark Beauty Magazine er mikill Steed Lord-aðdáandi, og hann bað okkur um að vera á forsíðunni og í viðtali. Hann er sjálfur ljósmyndari svo hann tók allar myndirnar,“ segir Svala Björgvinsdóttir söngkona sem prýðir nýjasta tölublað bandaríska tískutímaritsins.

Dark Beauty Magazine er tímarit sem kemur út mánaðarlega og fjallar um tísku, tónlist, fatahönnuði, leikara og söngvara sem eru nýir og ferskir á markaðnum og þora að stíga út fyrir rammann. Hljómsveitin Steed Lord fellur einmitt í þennan hóp en það er ekki hægt að segja annað en að myndin af Svölu sé ævintýraleg.

„Ég stíliseraði sjálfa mig en Eddi og Einar sáu um sína stíliseringu. Myndatakan fór fram leikhúsinu Los Angeles Theatre í miðborg LA en það var byggt í kringum 1927 og er brjálæðislega flott,“ segir Svala. Hægt er að skoða myndirnar nánar á Facebook-síðu blaðsins eða á issuu.com/darkbeautymag. -mm



**STÓRGLÆSILEG** Svala Björgvins í gullkjól en hún sá sjálf um stíliseringuna.



**ÁHRIFAMIKILL** Dave Weckl er jafnvígur á djass,-fönk- og latínutónlist.

# Goðsögn í trommuleik kennir á Íslandi

Trommuleikarinn Dave Weckl ætlar sér að miðla þekkingu sinni til íslenskra trommuleikara í júlí.

„Dave Weckl er einn áhrifamesti trommuleikari allra tíma og geðþekkur náungi, hann er jafnvígur á djass-, fönk- og latíntónlist. Það er einhvern veginn smá Dave Weckl í okkur öllum trommuleikurum. Stórkostlegur fagmaður og áhrifamaður í djass- og hryntónlist, fyrir utan að vera mikill áhugamaður um hraðskreiða bíla,“ segir trommuleikarinn Gunnlaugur Briem um kollega sinn Dave Weckl sem væntanlegur er hingað til lands í júlí. Weckl kemur hingað til lands til þess að miðla þekkingu sinni til íslenskra trommuleikara og heldur fyrirlestur og sýnikennslu fyrir þá sem hafa áhuga á að skyggnast inn í hugarheim hans.

Dave Weckl hefur í raun verið goðsögn í tónlistarheiminum alveg frá því hann kom fyrst fram á sjónarsviðið með sveitinni Chick Corea Elektric Band árið 1986.

Weckl er almennt talinn einn aföflugasti djass-fúsjón-trommuleikari sögunnar. Fáir hafa aðra eins tæknilega getu á hljóðfærið og er það mikil upplifun að sjá og heyra hann spila. Weckl hefur í gegnum tíðina léð stórum nöfnum í tónlistinni krafta sína og má þar nefna aðila eins og Simon & Garfunkel, Robert Plant, Chick Corea og Mike Stern. „Þetta er frábært tækifæri fyrir íslenska trommuleikara og djassunnendur að sjá, heyra og læra af einum fremsta trommuleikara heims,“ bætir Gunnlaugur við.

> ➜ Weckl hefur í gegnum tíðina léð stórum nöfnum í tónlistinni krafta sína og má þar nefna aðila eins og Simon & Garfunkel, Robert Plant, Chick Corea og Mike Stern.

Síðustu misseri hefur Weckl unnið mikið með gítarleikurunum Mike Stern og Oz Noy ásamt hljómsveit danska bassaleikarans Chris Minh Doky, Nomads.

Fyrirlesturinn fer fram í sal FÍH í Rauðagerði 27 þann 20. júlí næstkomandi og hefst klukkan 18.00. -glp

# Gekk starraunganum Skugga í móðurstað

Sóley Kristjánsdóttir og dóttir hennar fundu veikburða starraunga í garðinum heima hjá fjölskyldunni í síðustu viku. Sóley tók ungann að sér og dafnar hann vel hjá nýju fjölskyldunni en hann hefur nú hlotið nafnið Skuggi.

„Hann var pínulítill þegar við fundum hann en hann dafnar ótrúlega vel,“ segir Sóley Kristjánsdóttir, vörumerkjastjóri hjá Ölgerðinni, en dóttir hennar fann agnarlítinn starraunga í garðinum heima í síðustu viku. Sóley segist hafa leitað á náðir Facebook til þess að fá ráðleggingar um það hvernig best væri að hugsa um ungann. „Fólk var ekkert sérlega bjartsýnt um að unginn myndi hafa þetta af, hann var svo lítill. En mér var bent á frábæra heimasíðu, starlingtalk.com, þar sem hægt er að finna allar upplýsingar um það hvað maður eigi að gera ef maður finnur starraunga,“ segir Sóley, sem telur að heimiliskötturinn Dimma hafi fundið hann og komið með heim.

„Kötturinn tekur stundum mýs eða fugla með sér heim til að leika með, hann meiðir samt ekki. Unginn var því ekkert særður þegar við fundum hann.“ Sóley gerir ráð fyrir því að unginn, sem hún hefur nefnt Skugga, hafi ekki verið meira en þriggja daga þegar hann fannst.

„Inni á heimasíðunni getur maður séð þær breytingar sem ungarnir taka dag frá degi. Nú er hann farinn að standa í lappirnar og opna augun en það gerist eftir sjö daga. Ég gat því reiknað mig aftur í tímann og fundið út aldurinn.“ Sóley segir að starrar séu sérlega gáfaðir en fái oft og tíðum misjafnt umtal. „Starrar eru mjög hreinlegir fuglar og fá yfirleitt ekki flær. Þeir geta lært að tala og geta hermt eftir öllum hljóðum.“ Skuggi hefur fylgt Sóleyju í vinnuna síðustu daga enda þarf að gefa honum að éta á 20 mínútna fresti.

„Hann fær blautan kattamat og barnamat. Það var líka mælt með því að gefa honum harðsoðin egg enda nóg af næringarefnum í eggjunum,“ segir Sóley en samstarfsfélagar hennar í Ölgerðinni hafa tekið Skugga vel. „Þeim finnst þetta skemmtilegt. Ég var samt alveg nógu skrýtin fyrir svo þetta er kannski ekki að hjálpa,“ segir Sóley hress að lokum.

kristjana@frettabladid.is



**KEMUR MEÐ Í VINNUNA** Sóley hefur þurft að hafa Skugga sér við hlið í vinnunni en unginn þarf að éta á 20 mínútna fresti.

> **Starrar eru mjög hreinlegir fuglar og fá yfirleitt ekki flær. Þeir geta lært að tala og geta hermt eftir öllum hljóðum.**





BÓN LENGIR LÍFIÐ

Reglulegt viðhald á yfirborði bílsins er besta leið þín til að tryggja endingu og verð bílsins. Í Málningarvörum færðu bestu bón- og bílahreinsivörurnar og starfsmennirnir eru gnægtarbrunnur fróðleiks og ráðlegginga um val á réttum efnum og aðferðum við þrif og viðhaldi á bílnum. Komdu í heimsókn til bestu vina bílsins!

Opið alla virka daga 8-18

Meguiar's since 1901

CONCEPT

MÁLNINGARVÖRUR
Lágmúla 9,104 Reykjavík

RADAR

DOMINO'S Á ÍSLANDI ÓSKAR ÍSLENDINGUM GLEÐILEGRAR ÞJÓÐHÁTÍÐAR

Í DAG ER

# HÁTÍÐ

*Þessar eru sannkallaðar hátíðarpizzur og hæfa því vel í dag*



**FIESTA**
Hvítlaukur, pepperoni, sveppir, ananas, rjómaostur og oregano



**KJÖTVEISLA**
Skinka, pepperoni og nautahakk



**PEPPERONI VEISLA**
Tvöfaldur skammtur af pepperoni og aukaostur

**VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!**

TM

FIESTA: Hvítlaukur, pepperoni, sveppir, ananas, rjómaostur og oregano



WWW.DOMINOS.IS DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Klædd sem Jon Snow

Starfsfólk Plain Vanilla hélt sérstakan Game of Thrones-dag í gær í tilefni þess að lokaþáttur fjórðu seríu þáttarins var sýndur ytra á sunnudag. Starfsfólkinu var uppálagt að mæta klætt sem persónur þáttarins og það horfði svo saman á endalokin.

Myndlistarkonan **Sunna Ben** vakti verðskuldaða athygli en hún var klædd sem bastarðurinn Jon Snow. Hár Sunnu passaði alveg við hár kappans og svo bar hún mikinn loðfeld til að undirstrika búninginn. „Það voru mjög margir í mögnuðum búningum. Mér fannst Jon Snow svona líkastur mér fyrir utan skapgerðina. Hann er alltaf hálfgrenjandi, greyið.“ **- ssb**



### Jón Viðar að rappa

Það kom gestum Grímunnar heldur betur á óvart í gær þegar landsþekktir leikarar ákváðu að rappa í opnunaratriði hátíðarinnar. Það voru Reykjavíkurdæturnar Þuríður Blær Jóhannsdóttir og Tinna Sverrisdóttir sem skipulögðu gjörninginn í samráði við Helenu Stefánsdóttur en þeir leikarar sem gripu míkrafóninn voru Valur Freyr Einarsson og Hilmar Guðjónsson. Það sem þótti hins vegar merkilegast í atriðinu var þegar enginn annar en **Jón Viðar Jónsson**, einn alræmdasti leiklistargagnrýnandi Íslands, birtist á sviðinu og rappaði. **-bþ**



## Mest lesið VÍSIR

1. Umfjöllun, viðtöl og myndir: Ísland - Bosnía 29-29 | HM-draumurinn dáinn
2. Messi vaknaði í seinni hálfleik og kláraði Bosníu | Myndir
3. Michael Schumacher úr dái
4. Framsókn vildi ekki taka þátt í samstarfi við Sjálfstæðisflokk um tillögu í nefndaskipan
5. Blikar og Eyjamenn án sigurs eftir átta umferðir | Öll úrslitin





